BJÖRG HARALDSDÓTTIR

Óendanlegur mannauður í Vin

atvinna

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

SIGRÍÐUR BJÖRNSDÓTTIR

Blátt áfram vekur athygli með nýrri auglýsingaherferð

Börn hafa rétt á því að segja nei

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. febrúar 2006 — 49. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Risavaxin úrklippubók

Ljósmyndarinn Friðrik Örn heldur um þessar mundir sýninguna 10.000 í Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

HELGAREFNI 62

Leikhúslífið fyrir norðan

Umbylting hefur orðið hjá Leikfélagi Akureyrar eftir að Magnús Geir Þórðarson tók við stjórnartaumunum fyrir tveimur árum.

VIÐTAL 18

Naumur sigur málfrelsisins

„Ríkisstjórn sem leidd er af eins trúarlega sinnuðum forsætisráðherra og Tony Blair mun alltaf leitast við að friðþægja fyrir trúarhópa," segir Salman Rushdie.

Í DAG 8

Hundraðasti titillinn nálgast

Hann er aðeins 23 ára en hefur þegar orðið Íslandsmeistari 97 sinnum. Guðmundur Stephensen ræðir við Fréttablaðið um ótrúlega sigurgöngu sína á liðnum árum.

ÍÞRÓTTIR 32

VEÐRIÐ Í DAG



HÆGLÆTISVEÐUR - Í dag verður yfirleitt hæg suðaustlæg átt. Smá skúrir fyrir sunnan og vestan, annars þurrt og yfirleitt nokkuð bjart. Hiti 0-6 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4

Fylgi Framsóknar í lágmarki

Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin bæta fylgi við sig í nýrri könnun Fréttablaðsins. Framsóknarflokkurinn og vinstri grænir tapa fylgi og hefur fylgi Framsóknar ekki mælst minna frá kosningunum 2003.

SKOÐANAKÖNNUN Framsóknarflokkur fengi rétt um sjö prósenta fylgi, ef boðað yrði til kosninga nú samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins og hefur flokkurinn ekki mælst minni í skoðanakönnunum blaðsins frá síðustu kosningum. Rúm 44 prósent segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn og er það mesta fylgi í könnunum Fréttablaðsins sem flokkurinn hefur mælst með frá alþingiskosningunum 2003.

Samfylking réttir aðeins úr kútnum frá síðustu könnunum og mælist nú með rúmlega 34 prósenta fylgi. Fylgi vinstri grænna dalar um rúm átta prósentustig frá síðustu könnun og mælist nú rétt tæp 10 prósent. Frjálslyndir standa í stað og segjast 3,5 prósent myndu kjósa flokkinn.

Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra og þingmaður Framsóknarflokksins,

Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til þingkosninga nú?



hefur trú á því að Framsóknarflokkurinn muni ná til fleira fólks í framtíðinni. „Framsóknarflokkurinn hefur aldrei mælst neitt sérstaklega vel í könnunum en í kosningum kemur hann vel út, vegna þess að fólk treystir okkur til góðra verka. En ég neita því ekki að mér finnst þetta óþægilega lítið fylgi."

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, segir það vera mikla hvatningu fyrir Sjálfstæðisflokkinn að landsmenn kunni vel að meta þau störf sem flokkurinn vinnur að. „Mér finnst ósanngjarnt gagnvart Framsóknarflokknum hversu fylgið við flokkinn mælist lítið. Við mælumst nú vel yfir fjörutíu prósentum sem er auðvitað viðurkenning á því góða starfi sem unnið hefur verið í flokknum."

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, fagnar niðurstöðu könnunarinnar. „Ég er mjög ánægð með þessa aukningu í fylgi. Það var bara tímaspursmál hvenær þetta myndi gerast. Prófkjörið í Reykjavík sýndi og sannaði fyrir fólki hvað jafnaðarmannastefnan á miklu fylgi að fagna."

Magnús Þór Hafsteinsson, varaformaður Frjálslynda flokksins, hefur trú á því að öflugt innra starf í flokknum muni skila sér í auknu fylgi í komandi kosningum. „Það er alveg ljóst að þeir sem eru óákveðnir munu skipta sköpum þegar kemur að kosningum. Ég er viss um að öflugt innra starf í flokknum mun skipta sköpum."

Steingrímur J. Sigfússon, formaður vinstri grænna kveðst undrandi á þessari niðurstöðu. „Undanfarið hafa verið fyrirferðamikil prófkjör á stórum stöðum hjá bæði Sjálfstæðisflokki og Samfylkingu. Það má vera að við höfum ekki verið nógu áberandi undanfarið en það stendur til bóta."

- ss /mh / sjá síðu 4

SILVÍA NÓTT SIGRAÐI Söngkonan Silvía Nótt verður fulltrúi Íslands í söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva sem fram fer í Aþenu á Grikklandi í vor. Silvía sigraði með yfirburðum í íslensku undankeppninni sem var til lykta leidd í gærkvöldi með lagið Til hamingju Ísland eftir Þorvald Bjarna Þorvaldsson. Lagið fékk yfir 70 þúsund atkvæði af þeim ríflega 100 þúsund sem greidd voru. Regína Ósk varð í öðru sæti með lagið Þér við hlið eftir Trausta Bjarnason og Friðrik Ómar varð þriðji með lagið Það verður eftir Hallgrím Óskarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

SVEFN Gott er að sofa vel áður en menn taka erfiðar ákvarðanir.

Erfiðar ákvarðanir:

Sofðu á þeim

VÍSINDI Ef þú átt í vandræðum með að taka ákvörðun í erfiðu máli er best að sofa bara á henni. Vísindamenn í Hollandi fundu vísbendingar um þetta í nýlegri rannsókn.

Samkvæmt rannsókninni er gott að láta hugann vinna ómeðvitað meðan sofið er og ákveða svo hvort til dæmis eigi að kaupa dýran bíl eður ei.

Þessari aðferð þarf aftur á móti ekki að beita þegar staðið er frammi fyrir léttvægum úrlausnarefnum eins og til dæmis að ákveða hvaða handklæði eigi að nota eða hvernig sjampó skuli keypt. -fb

Blaðamannaverðulaunin fyrir árið 2005 voru afhent í gærkvöldi á Hótel Borg:

Sigríður Dögg Auðunsdóttir verðlaunuð

FJÖLMIÐLAR Sigríður Dögg Auðunsdóttir, blaðamaður á Fréttablaðinu, var í gær útnefndur rannsóknarblaðamaður ársins 2005. Sigríður Dögg fékk verðlaun sín fyrir úttekt á einkavæðingu ríkisbankanna og fréttaskrif um aðkomu áhrifamanna í aðdraganda málaferla gegn forsvarsmönnum Baugs. Jóhannes Kr. Kristjánsson, sjónvarpsmaður á NFS, og Anna G. Ólafsdóttir, blaðamaður á Morgunblaðinu, voru einnig tilnefnd í þessum flokki, Jóhannes fyrir vaxandi hlut læknadóps á fíkniefnamarkaði en Anna fyrir greinaflokk um fátækt á Íslandi.

Gerður Kristný Guðjónsdóttir fékk blaðamannaverðlaun Íslands fyrir bók sína Myndin af pabba, en við gerð bókarinnar lagðist Gerður í ítarlegar rannsóknir á lífi Thelmu Ásdísardóttur, en hún og systur hennar voru beittar óhugnanlegu kynferðisofbeldi í barnæsku af föður sínum.

Jón Björgvinsson, fréttaritari Útvarpsins, var einnig tilnefndur til Blaðamannaverðlaunanna fyrir fréttaflutning af vettvangi heimsviðburða af hamfarasvæðum vítt og breitt um heiminn.

Sunna Ósk Logadóttir, blaðamaður á Morgunblaðinu, var verðlaunuð fyrir bestu umfjöllun ársins, um rekstur og starfsemi Landspítala - háskólasjúkrahúss.

Auðunn Arnórsson, Jóhann Hauksson og Svanborg Sigmarsdóttir, blaðamenn Fréttablaðsins, voru tilnefnd í sama flokki fyrir umfjöllun sína um ýmsar hliðar stjórnarskrármálsins undir heitinu „Stjórnarskrá Íslands endurskoðuð".

Sigmar Guðmundsson, sjónvarpsmaður á RÚV, var einnig tilnefndur í sama flokki fyrir viðtal við Thelmu Ásdísardóttur. -mh

SPURNING DAGSINS

Hvernig er það Sigbjörn, er gott að vera í Sjálfstæðisflokknum?

Já, já það er alveg frábært.

Stuðningsmenn Kristjáns Þórs Júlíusson í prófkjöri Sjálfstæðismanna á Akureyri tóku sig saman um að kjósa ekki „krataframbjóðendur". Sigbjörn, sem bauð sig fram í prófkjörinu, sat eitt sinn á þingi fyrir Alþýðuflokkinn.

Dagsbrún vill Ríkisútvarpið út af auglýsingamarkaði:

Ráðandi miðill á ekki að kvarta

SAMKEPPNISMÁL Það er lágmarkskrafa að Ríkisútvarpið dragi sig út af auglýsingamarkaði, að því er kom fram í ræðu Þórdísar J. Sigurðardóttur, stjórnarformanns Dagsbrúnar hf. á aðalfundi félagsins á föstudag. Þórdís sagði sterkar raddir hafa komið fram með að frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. standist ekki reglur um ríkisstyrki. Þórdís segir jafnframt ótrúlegt að þegar fyrirtækið sé í sókn virðist sem afskipti ríkisvaldsins eða aðgerðarleysi ætli að reynast því þrándur í götu.

Páll Magnússon, útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins, telur útgangspunkt Þórdísar vera þann að í lagafrumvarpinu um breytingar á lögum um rekstrarform Ríkisútvarpsins felist að ríkið sé að setja meiri pening í reksturinn sem sé ekki raunin. „Hún hefur mislesið að það sé ætlun að bæta við það fé sem ríkið leggur RÚV til beint eða óbeint." Páll segir það bíræfni að stjórnarformaður 365 miðla, sem ráða yfir um 60% auglýsingamarkaðar, kveinki sér yfir miðli sem ráði yfir 13%. Þeim væri nær að einbeita sér að sínu en ekki vola yfir þeirri samkeppni sem þeim sé veitt. - sdg

RÍKISÚTVARPIÐ 365 miðlar vilja RÚV af auglýsingamarkaði en útvarpsstjóri segir þeim að hætta að vola yfir samkeppni.

Múslímar í Danmörku:

Friðarganga á Norðurbrú

DANMÖRK Á þriðja þúsund manns tók þátt í friðargöngu á Norðurbrú í Kaupmannahöfn í gærdag. Hverfið er helsta hverfi innflytjenda í borginni. Markmið göngunnar var að hvetja til friðsamlegra samskipta milli fólks með ólíka menningu og trú.

Það voru nokkur samtök múslíma í Danmörku sem stóðu fyrir göngunni. Haft er eftir einum skipuleggjendanna á vefsíðu Politiken í gær að gangan hafi heppnast vel.

Þó hafi framíköll nokkurra múslíma farið fyrir brjóstið á sumum þátttakendum. - ks

ROBERTO CALDERONI Ítalski ráðherrann sagði af sér í gær eftir að hafa sætt mikilli gagnrýni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ítalskur ráðherra gagnrýndur:

Uppsögn vegna skopteikninga

RÓM, AP Ítalski ráðherrann Roberto Calderoli sagði af sér í gær eftir að hafa legið undir mikilli gagnrýni fyrir að klæðast stuttermabol með teikningum af spámanninum Múhameð í ítölsku sjónvarpi.

Að minnsta kosti tíu manns létust í miklum mótmælum sem áttu sér stað fyrir utan sendiráð Ítala í Líbíu vegna ögrandi athæfis Calderolis. Hann er liðsmaður í Norðurflokknum sem er þekktur fyrir andstöðu sína gegn innflytjendum.

Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, hefur þegar rætt vel og lengi við Moammar Gaddafi, leiðtoga Líbíu, til að ná fram sáttum í málinu. Fjöldi þeirra sem létust í Líbíu er sá mesti í einum mótmælum síðan mótmælaalda hófst víða um heim vegna teikninganna. -fb

AFRÍKA

Þyrsluslys Tvær bandarískar þyrlur hröpuðu í hafið undan ströndum Djibouti í Afríku í gær, með tíu hermenn innanborðs. Tveimur mönnum var bjargað lifandi en yfirvöld vildu ekki greina strax frá afdrifum hinna átta sem náðust upp úr sjónum. Rannsókn stendur yfir á því hvort þyrlurnar urðu fyrir skotárás.

Kemur til greina að endurskoða útboðið

Það gengur gegn markmiðum útboðsreglna að Benedikt Jósepsson geti átt hæsta boð í 39 af 40 einbýlishúsalóðum við Úlfarsfell. Þetta segir Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri. Benedikt undrast viðbrögð borgarstjóra.

LÓÐAÚTBOÐ Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri í Reykjavík, segir það ganga gegn markmiðum útboðsreglna að einn maður, Benedikt Jósepsson, hafi átt hæsta tilboð í allar einbýlishúsalóðir við Úlfarsfell nema eina. „Markmiðið var að gefa einstaklingum, sem væru að byggja yfir sig, tækifæri til að bjóða í lóðirnar. Það eru fyrirvarar í útboðsskilmálunum sem gera ráð fyrir því að hægt sé að endurskoða samninginn. Ég geri ráð fyrir því að við munum skoða þessi mál strax á morgun því það er augljóst að það gengur gegn markmiðum útboðsins að sami einstaklingurinn sé með hæsta tilboð í 39 af 40 tilfellum."

Byggingafyrirtæki höfðu ekki leyfi til þess að bjóða í einbýlishúsalóðirnar. Benedikt, sem er eigandi fyrirtækisins ByggBen ehf., bauð því í lóðirnar í eigin nafni.

Benedikt segir það vera einkennilegt ef tilboð hans verða ekki samþykkt, þar sem hann fór að öllum útboðsreglum. „Það kemur mér verulega á óvart ef Reykjvíkurborg ákveður að grípa til aðgerða. Ég tel mig hafa farið að öllum settum reglum. Ég geri mér grein fyrir því að það er erfitt að gera öllum til geðs."

STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR Telur ástæðu til þess að fara vandlega yfir útboðsmál að nýju.

Benendikt segir ennfremur að um mikið hagsmunamál sé að ræða fyrir hann og fyrirtæki hans, ByggBen ehf. „Þetta er að sjálfsögðu mikið hagsmunamál fyrir mig og mitt fyrirtæki. Ég bý í grennd við þetta hverfi og hef sterkar skoðanir á því hvernig skipulagsmálum á þessu svæði skal háttað. Það kemur mér verulega á óvart ef það verður ekki fallist á mín tilboð og ég trúi því hreinlega ekki að það verði niðurstaðan."

Reykjavíkurborg fær rúma fjóra milljarða fyrir lóðirnar við Úlfarsfell sem í heild eru 120 talsins. Gert er ráð fyrir því að rúmlega 400 íbúðir muni rísa á lóðunum.

Heimilt er samkvæmt útboðsskilmálum að bjóða í fleiri en eina lóð og hafa þeir, sem hæsta tilboðið eiga í hverja lóð, leyfi til þess að framselja byggingaréttinn á lóðinni. Reykjavíkurborg hefur þó forkaupsréttinn ef byggingarréttarhafinn er framseldur.

Gert er ráð fyrir því að lóðirnar verði orðnar byggingarhæfar í nóvember á þessu ári.

magnush@frettabladid.is

MYND AF FRAMTÍÐARSKIPULAGI VIÐ ÚLFARSFELL Gild tilboð í lóðirnar 120 sem boðnar voru út, voru alls 4240 talsins. Rætt verður um það í borgarstjórn á morgun hvort ástæða sé til þess að skoða útboðin enn betur.

SÝKTIR FUGLAR Vísindamenn halda á pokum með sýktum fuglum sem fundust á eyjunni Rügen í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fuglaflensa í Þýskalandi:

Sýktum fuglum fjölgar stöðugt

ÞÝSKALAND, AP Tæplega 30 fuglar til viðbótar hafa greinst með hina banvænu fuglaflensu á eyjunni Schwerin í norðurhluta Þýskalands. Alls eru tilfellin því orðin 41 þar í landi.

Fylgst verður vandlega með eyjunni á næstunni til að koma í veg fyrir að flensan breiðist út.

Fyrsta fuglaflensutilfellið greindist í dauðum svönum og í erni á eyjunni Rügen í Þýskalandi á dögunum. Enn hefur engin manneskja smitast af fuglaflensu í Þýskalandi. Hins vegar hafa rúmlega níutíu manns látist af völdum sjúkdómsins í Asíu og Tyrklandi á undanförnum þremur árum. - fb

LÖGREGLUFRÉTTIR

Fann hvítt duft í bílum Tvö minniháttar fíkniefnamál komu upp í Kópavogi í fyrrinótt. Lögreglan fann lítilræði af hvítu dufti í tveimur bílum sem nú er til rannsóknar en líklegt þykir að um amfetamín sé að ræða.

Fjórir teknir ölvaðir Lögreglan í Kópavogi stöðvaði í fyrrinótt fjóra ökumenn vegna gruns um ölvun við akstur. Í öllum tilfellum reyndist sá grunur á rökum reistur.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

NÁMSKYNNING Í HÁSKÓLA ÍSLANDS

26. FEBRÚAR

www.hi.is

Viðbragðshópur yfirdýralæknis á fundi í gær:

Áhættumat er óbreytt

FUGLAFLENSA Áhættumat vegna fuglaflensu er óbreytt, er niðurstaða fundar viðbragðshóps á vegum embættis yfirdýralæknis. Hópurinn hélt fund fyrir helgina þar sem farið var yfir þróun flensunnar undanfarna daga.

Fyrstu niðurstöður úr rannsóknum á fuglum sem fundust dauðir í Danmörku í vikunni benda til þess að þeir hafi ekki drepist úr fuglaflensu. Þeir verða þó rannsakaðir frekar til að hægt sé að útiloka fuglaflensuna algjörlega.

Haraldur Briem sóttvarnarlæknir segir að það hafi komið á óvart hversu fljótt flensusmit barst í álftir í Þýskalandi. Fremur hefði verið búist við tilvikum af þessu tagi síðar í vor. Hins vegar liggi flugleið farfugla ljós fyrir. Slóðin liggi um Grikkland, Austurríki, Ítalíu og Þýskaland.

YFIRDÝRALÆKNIR Eigendur lausagöngufugla þurfa að vera tilbúnir til að hýsa þá.

Ljóst sé að mjög skæður stofn hafi lagt þessa fugla að velli. Greinilegt sé að einhverjir fuglar séu í góðu sambýli við veiruna og flytji hana á milli.

Haraldur sagði Landlæknisembættið ekki hafa mælt gegn ferðamennsku til landa þar sem fuglaflensan hefur komið upp. Á heimasíðu embættisins eru leiðbeiningar um hvað ferðamönnum ber að varast í heimsóknum til viðkomandi landa.

jss@frettabaladid.is

Menntadagur iðnaðarins 2006

Iðn- og starfsmenntun - Hvers má vænta? Hvað hefur áunnist?

Samtök iðnaðarins efna til Menntadags iðnaðarins í fjórða sinn miðvikudaginn 22. febrúar. Fyrir hádegi verður opið málþing um iðn- og starfsmenntun í Versölum að Hallveigarstíg 1 frá kl. 9:30 til 12:00.

Meðal þess sem fjallað verður um er tilhögun iðnnáms, námsefnisgerð og kynning á iðn- og starfsnámi. Fyrirlesarar koma m.a. úr atvinnulífi, skólum og menntamálaráðuneyti. Að loknum erindum verða pallborðsumræður um æskilega þróun iðn- og starfsmenntunar til ársins 2016.

Dagskrá frá 9:30 til 12:00

Hvers má vænta? Hvað hefur áunnist?

Ávarp formanns Samtaka iðnaðarins
Vilmundar Jósefssonar

Ávarp mennta-mála-ráðherra
Þorgerðar Katrínar Gunnars-dóttur

Samstarf SI um menntamál, væntingar og ávinn-ingur
Sveinn Hannesson
Samtökum iðnaðarins

Hvernig hefur tekist til með framkvæmd iðn- og starfsnáms?
Ólafur Grétar Kristjánsson, deildarsérfr. í menntamála-ráðuneyti

Kynning á iðn- og starfsnámi, aðferðir og tækifæri
Jónína Kárdal, formaður Félags náms- og starfs-ráðgjafa

Væntingar til góðra starfa
Katrín Jónsdóttir, iðnnemi

Pallborðsumræður

Iðn- og starfsmenntun til ársins 2016

Aðalheiður Héðinsdóttir
Kaffitári

Baldvin Ringsted
Verkmennta-skólanum á Akureyri

Erna Arnardóttir
Prent-smiðjunni Odda

Gylfi Einarsson
Fræðslu-miðstöð málm-iðnaðarins

Jónína Ósk Lárusdóttir
nemi í grafískri miðlun

Stjórnandi pallborðs-umræðna:
Ingi Bogi Bogason
sviðsstjóri hjá SI

Fundarstjóri verður Vilmundur Jósefsson, formaður SI. Fundi lýkur um kl. 12:00. Nánari upplýsingar um Menntadag iðnaðarins veitir Ingi Bogi Bogason í síma 591 0100, netfang ingi.bogi@si.is.

SI
Samtök iðnaðarins

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 17.2.2006

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	63,45	63,75
Sterlingspund	110,20	110,74
Evra	75,33	75,75
Dönsk króna	10,089	10,149
Norsk króna	9,33	9,388
Sænsk króna	8,08	8,054
Japanskt jen	0,5356	0,5488
SDR	90,95	91,49

Gengisvísitala krónunnar
105,9202

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins á Akureyri:

Kjósendum lagðar línurnar

PRÓFKJÖR Sigbjörn Gunnarsson, frambjóðandi í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins á Akureyri, segir það ekki koma sér á óvart að nánustu stuðningsmenn Kristjáns Þórs Júlíussonar bæjarstjóra hafi lagt línurnar fyrir almenna kjósendur í prófkjöri flokksins um síðustu helgi. „Ég fann fyrir því í aðdraganda prófkjörsins og tel mig hafa fengið það staðfest síðan," segir Sigbjörn.

Samkvæmt gögnum sem Fréttablaðið birti í gær lögðu stuðningsmenn Kristjáns Þórs áherslu á að bæjarstjórinn og Sigrún Jakobsdóttir fengju góða kosningu. Jafnframt vildu þeir að krötunum, Sigbirni Gunnarssyni og Oktavíu Jóhannesdóttur, yrði hafnað og töldu ekki ástæðu til að veita ungliðum flokksins brautargengi.

„Svona myndi ég ekki gera sjálfur og mér finnst þetta hvorki heiðarleg né heillavænleg vinnubrögð," segir Sigbjörn.

Kristján Þór vann yfirburðarsigur í prófkjörinu og Sigrún fékk góða kosningu í annað sæti. Sigbjörn varð í níunda sæti og Oktavía í því fimmtánda. Stefán F. Stefánsson, formaður ungra sjálfstæðismanna á Akureyri, hafnaði í 20. og síðasta sæti.

- kk

SIGBJÖRN GUNNARSSON Sigbjörn segist hafa fundið fyrir því í aðdraganda prófkjörsins að stuðningsmenn Kristjáns Þórs Júlíussonar unnu gegn honum og segir vinnubrögð þeirra ekki heillavænleg.

Bíll valt í Aðaldal:

Slapp ómeidd úr veltunni

UMFERÐARSLYS Kona á þrítugsaldri slapp ómeidd þegar hún missti stjórn á bíl sínum á leið frá Akureyri til Húsavíkur, með þeim afleiðingum að hann valt.

Slysið varð skammt frá bænum Húsabakka í Aðaldal, rétt fyrir klukkan níu í gærmorgun.

Mikil hálka var á þessum slóðum í gær en svo virðist sem bíllinn hafi snúist en mildi þykir að bíllinn lenti ekki í Aðaldalshrauni, sem er meðfram veginum.

Konan var flutt á sjúkrahúsið á Húsavík til aðhlynningar en að sögn lögreglunnar á Húsavík þykir mikil mildi að ekki fór verr.

- mh

SNÆHLÉBARÐI Talið er að allt að sjöþúsund snæhlébarðar séu til í heiminum.
FRÉTTABLADID/AP

Sjaldgæf dýr í Kína:

Snæhlébarði náðist á mynd

KÍNA, AP Vísindamenn í Kína og Kirgisistan hafa náð ljósmyndum af sjaldgæfum snæhlébörðum. Hlébarðar þessir eru í útrýmingarhættu og vonast nú vísindamennirnir til að meira sé til af þeim en talið var í fyrstu.

Fimm snæhlébarðar náðust á filmu á fjalli í norðvesturhluta Kína og vísindamenn hinum megin við landamærin í Kirgisistan náðu þrettán myndum. Vita þeir ekki enn hvort það eru sömu dýrin sem mynduð voru.

Snæhlébarðar eiga heimkynni sín m.a. í Kína, Mongólíu, Afganistan, Indlandi og í Nepal. Talið er að um 3500 til 7000 dýr séu eftir af stofninum. ■

SLASAÐUR SJÓMAÐUR

Á batavegi en í öndunarvél
Sjómaðurinn sem slasaðist um borð í Frera RE um 160 sjómílur frá Reykjavík á miðvikudag í síðustu viku er enn í öndunarvél. Læknir á vakt gjörgæsludeildar í Fossvogi segir hann þó á batavegi. Ekki fást nánari upplýsingar um líðan mannsins en samkvæmt Landhelgisgæslunni brotnaði maðurinn illa þegar hann fékk gilskrók í andlitið.

LÖGREGLUFRÉTT

22 ökumenn stöðvaðir Lögreglan á Selfossi stöðvaði í gær 22 ökumenn sem allir keyrðu of hratt á Suðurlandsvegi. Sá sem hraðast ók mældist á 146 kílómetra hraða. Lögreglan hefur stöðvað marga ökumenn á undanförnum vikum.

Framsókn aldrei minni

Fylgi Framsóknarflokks á landsvísu mælist nú um sjö prósent og hefur ekki verið minna í könnunum blaðsins frá síðustu kosningum. Rúm 44 prósent segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokk og hefur fylgið ekki verið meira frá síðustu kosningum. Samfylking réttir úr sér en fylgi vinstri grænna dalar.

SKOÐANAKÖNNUN Sjálfstæðisflokkurinn bætir enn við sig fylgi, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins og fengi 44,3 prósent atkvæða yrði boðað til kosninga í dag og 29 þingmenn. Fylgi Sjálfstæðisflokks eykst um 5,6 prósentustig frá síðustu könnun Fréttablaðsins sem framkvæmd var í nóvember og hefur ekki verið meira í könnunum blaðsins frá síðustu kosningum.

Samfylking bætir einnig við sig frá síðustu könnun og fengi nú 34,4 prósent atkvæða og 22 þingmenn. Í síðustu könnun var flokkurinn með fylgi 29,4 prósent svarenda og eykst því fylgið um fimm prósentustig. Enn vantar tæpt prósentustig upp á til að fylgi flokksins nái fylginu í febrúar í fyrra, þegar það var 35,2 prósent.

Þriðji stærsti flokkurinn er nú Vinstri hreyfingin – grænt framboð og mælist flokkurinn með tæplega 9,8 prósenta fylgi og fengi því sex þingmenn. Vinstri grænir tapa mestu fylgi frá síðustu könnun, eða rúmum átta prósentustigum. Fylgi flokksins hefur ekki verið minna í könnunum blaðsins síðan í október 2003.

7,1 prósent segjast myndu kjósa Framsóknarflokkinn ef boðað yrði til kosninga nú og fengi flokkurinn samkvæmt því fjóra þingmenn. Fylgi flokksins hefur dalað um tæp þrjú prósentustig frá því í könnun blaðsins í nóvember og hefur ekki mælst minna frá síðustu kosningum.

Frjálslyndi flokkurinn mælist með 3,5 prósent fylgi, sem er nánast sama fylgi og í síðustu könnun og fengi flokkurinn tvo þingmenn kjörna.

Mun fleiri konur segjast nú ætla að kjósa Sjálfstæðisflokkinn en í síðustu könnun. Þá sögðust 31 prósent kvenna myndu kjósa flokkinn, en nú hefur hann stuðning 40,5 prósent kvenna. Þá eykst stuðningur á höfuðborgarsvæðinu við Sjálfstæðisflokkinn um 7,5 prósentustig á milli kannana, en nú segjast 47,5 prósent höfuðborgarbúa ætla að kjósa flokkinn.

Stuðningur við Samfylkinguna eykst mest meðal þeirra sem búa utan höfuðborgarsvæðisins á milli kannana, eða um tæp tíu prósentustig. Í síðustu könnun sögðust 25,3 prósent íbúa landsbyggðarinnar myndu kjósa Samfylkinguna, en flokkurinn hefur þar nú 35 prósenta fylgi.

Vinstri grænir tapa fylgi bæði hjá körlum og konum, á höfuðborgarsvæðinu og utan þess. Stuðningur kvenna minnkar um 12,36 prósentustig á milli kannanna. 22,8 prósent kvenna sögðust í síðustu könnun myndu kjósa flokkinn, en einungis 10,5 prósent nú. Þá dregst fylgi flokksins á höfuðborgarsvæðinu saman um 10,8 prósentustig, var 19,5 prósent en er nú 8,7 prósent.

Fylgi Framsóknarflokks minnkar mest á meðal íbúa utan höfuðborgarsvæðisins. Í síðustu könnun sögðust 16,3 prósent þeirra myndu kjósa flokkinn, en 10 prósent segjast nú myndu kjósa Framsóknarflokkinn ef boðað yrði til kosninga nú.

Hringt var í 800 manns 18. febrúar, og skiptust svarendur jafnt milli kynja og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var: „Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til alþingiskosninga nú?" 59,9 prósent aðspurðra tóku afstöðu til spurningarinnar.

svanborg@frettabladid.is

ÞORGERÐUR KATRÍN OG GEIR H. HAARDE
Sjálfstæðismenn hafa góða ástæðu til að brosa breitt ef marka má niðurstöður könnunnar Fréttablaðsins.

FYLGISÞRÓUN STJÓRNMÁLAFLOKKANNA FRÁ ALÞINGISKOSNINGUM 2003
Skoðanakannanir Fréttablaðsins



CHEVROLET
Chevrolet SALURINN
Opnunarhátíð frá kl 12 - 16
Bílabúð Benna
Bílabúð Benna - Tangarhöfða 8-12
Sími 590 2000 - www.benni.is

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

VÍÐA BJART Í DAG
Gangi spár eftir er útlit fyrir nokkuð bjart veður á landinu, síst þó reyndar fyrir sunnan og vestanl þar sem búast má við stöku skúrum. Vindur verður víðast hægur og því er þetta allt mjög hagstætt. Á morgun nálgast úrkomusvæði vestanvert landið með hlýindum og ná þau hlýindi hámarki á þriðjudag en svo kólnar á ný.

HÖFUÐBORGIN Í DAG
Hæg austlæg átt. Stöku skúrir. Hiti 3-6 stig í dag.

um hádegi »



» á morgun



Suðvestan 8-13 m/s vestast annars 3-8m/s

» þriðjudagur



Sunnan 5-10 m/s.

Kaupmannahöfn	3°C alskýjað	París	10°C skúrir	Alicante	17°C heiðskírt
Ósló	-2°C alskýjað	Berlín	7°C hálfskýjað	Mílanó	10°C skúrir
Stokkhólmur	1°C alskýjað	Frankfurt	8°C hálfskýjað	New York	-2°C heiðskírt
Helsinki	-3°C alskýjað	Madrid	9°C heiðskírt	San Francisco	12°C skúrir
London	7°C alskýjað	Barcelona	14°C heiðskírt	Orlando/Flórída	21°C hálfskýjað

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Gleðilegan konudag!

Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár

Sparaðu 300 krónur

FYLLTAR GRÍSALUNDIR ÚR KJÖTBORÐI
2.398 kr. kg

Komdu ástinni skemmtilega á óvart með ljúffengri sælkeramáltíð

LAMBAGEIRI ÚR KJÖTBORÐI
2.998 kr. kg

Sparaðu 1.500 krónur

UNGNAUTALUNDIR ÚR KJÖTBORÐI
2.498 kr. kg

Sparaðu 297 kr.

MÓA KJÚKLINGABRINGUR MAGNKAUP
2.198 kr. kg

Fallegir konudags-blómvendir

1.399 kr.

BAKAÐ Á STAÐNUM
RÚSÍNU OG VALHNETUBR.
199 kr. stk

BAKAÐ Á STAÐNUM
SÉRBÖKUÐ VÍNABRAUÐ
79 kr. stk

Gefðu Baci konfekt á konudaginn

BACI KONFEKT Í BOXI EÐA STAUK
799 kr. pk

Mundu CHESTER FRIED

NÓATÚN

OPIÐ TIL KL. 21 ALLA DAGA

KJÖRKASSINN

Fylgistu með gengi íslensku keppendanna á vetrarólympíuleikunum í Tórínó?

Já	28,8%
Nei	71,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Á Ríkisútvarpið að fara af auglýsingamarkaði?

Segðu þína skoðun á Vísir.is

Prófkjör sjálfstæðismanna í Árborg og Framsóknar á Akureyri:

Eyþór og Jóhannes sigruðu

STJÓRNMÁL Eyþór Arnalds varð efstur í prófkjöri Sjálfstæðismanna til sveitarstjórnarkosninga sem fór fram í Árborg í gær en fjórir frambjóðendur kepptust um fyrsta sætið.

Eyþór var að vonum ánægður með úrslitin. „Ég fann frá byrjun fyrir miklum meðbyr. Þetta var glæsilegt prófkjör því þátttakan var gríðarlega góð. 1100 manns greiddu atkvæði sem er mjög gott í 7000 manna bæjarfélagi."

Rúmlega þúsund manns greiddu atkvæði í prófkjörinu sem var lokað, en fyrir fjórum árum var kosið í opnu prófkjöri og kjörsókn þá rúmlega 900 manns.

EYÞÓR ARNALDS ÁSAMT STUÐNINGSMÖNNUM SÍNUM Eyþór kom sá og sigraði í prófkjöri Sjálfstæðismanna í Árborg. Hann hefur til skamms tíma búið í héraðinu og því kom sigur hans nokkuð á óvart. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL

Það sem af er árinu hafa rúmlega 400 manns gengið í Sjálfstæðisflokkinn í Árborg og þar af 143 í gær.

Framsóknarmenn á Akureyri völdu sömuleiðis mannskap á framboðslista sinn í gær. Þegar búið var að telja 350 atkvæði af 685 í prófkjörinu var Jóhannes Bjarnason í efsta sæti með 162 atkvæði í fyrsta sætið.

Hann var að vonum ánægður með sigurinn. „Ég hef lagt mig fram við það að vera heiðarlegur og starfa ötullega að þeim málum sem ég hef komið að."

Gerður Jónsdóttir var með 147 atkvæði í 1.-2. sætið og Erla Þrándardóttir var með 144 atkvæði í 1.-3. sætið. **- sdg**

Ríkið sýknað í Hæstarétti:

Misnotkun var ekki sönnuð

DÓMSMÁL Íslenska ríkið hefur verið sýknað af bótakröfu konu vegna seinagangs við lögreglurannsókn á kynferðisbroti gegn henni.

Í dómi Hæstaréttar frá apríl 2004 segir að ekki sé hægt að sakfella manninn fyrir að misnota stúlkuna þar sem brotin séu fyrnd. Einnig segir að lögregla hefði átt að vita að brotin væru fyrnd þar sem stúlkan mundi ekki hvenær maðurinn misnotaði hana síðast.

Hæstiréttur taldi heldur ekki sannað að mál stúlkunnar hafi liðið fyrir þann tíma sem rannsóknin tók þar sem ekki hafi verið tekin afstaða til þess hvort maðurinn hafi misnotað hana. **- gag**

Verkfræðingafélagið álykt ar:

Styður styttra framhaldsnám

MENNTAMÁL Verkfræðingafélag Íslands er hlynnt því að lækka aldur nemenda til stúdentsprófs um eitt ár eins og algengt er á öðrum Norðurlöndum.

Félagið hefur sent frá sér ályktun þar sem hvatt er til vandaðs undirbúnings við breytingar á bæði grunnskóla- og framhaldsskólastigi. Að mati þess var stigið það óheillaspor að draga úr stærðfræði og annarri raungreinakennslu við síðustu breytingar á námskrá framhaldsskólanna. Félagið leggur áherslu á að það endurtaki sig ekki, heldur að raungreinakennsla verði aukin. **-shá**

TÆKI FRÁ BANG OG OLUFSEN FL Group hefur keypt hluti í danska raftækjafyrirtækinu fyrir 7,5 milljarða.

FL Group kaupir í Danmörku:

Fjárfest í Bang & Olufsen

VIÐSKIPTI FL Group keypti í vikunni hluti í tveimur dönskum félögum og nemur markaðsvirði þeirra að minnsta kosti tólf milljörðum króna.

Annars vegar keypti félagið 8,2 prósenta hlut í raftækjafyrirtækinu Bang & Olufsen en markaðsvirði hlutarins er um 7,5 milljarðar króna og hins vegar keypti FL Group yfir tíu prósenta hlut í Royal Unibrew, næststærsta drykkjarframleiðenda Skandinavíu. **- eþa**

Vöruverð í Svíþjóð lægra eftir ESB aðild

Svíar greiða stöðugt lægra verð fyrir matinn, sérstaklega eftir inngönguna í ESB. Henný Hinz, forstöðumaður hjá Verðlagseftirliti ASÍ, segir „óumdeilanlegt" að ESB-aðild hafi verðlækkandi áhrif.

MATVÖRUVERÐ Sænskir neytendur borga stöðugt lægra verð fyrir matinn sinn og nálgast matarverð óðfluga meðaltalið í öðrum Evrópusambandsríkjum. Árið 1990 greiddu Svíar helmingi meira en þeir borga fyrir matinn í dag.

Sænsk stofnun, Livsmedelsekonomiska institutet í Lundi, hefur gert reglulegar kannanir á matvöruverði á 46 algengum vörutegundum á 26 stöðum í Evrópu í 14 ár. Rannsóknirnar sýna að Svíar greiða nú 18 prósentum hærra verð fyrir matarkörfuna en hinar ESB-þjóðirnar að meðaltali.

Á fréttavef norska ríkisútvarpsins kemur fram að aðstandendur rannsóknarinnar þakka þetta inngöngu Svíþjóðar í ESB. Þeir segja að verðjöfnun hafi átt sér stað eftir að Svíþjóð gekk í ESB og það sé sérstaklega áberandi frá árinu 2000.

Samkvæmt norrænni rannsókn, sem kynnt var hér á landi í haust, borga Íslendingar langhæsta matarverðið í Evrópu, eða 42 prósentum hærra en meðaltalið. Matvöruverð í Noregi er næsthæst, eða 38 prósentum hærra en að meðaltali í Evrópu.

Henný Hinz, umsjónarmaður Verðlagseftirlits ASÍ, segir niðurstöðurnar svipaðar og kom fram í skýrslunni í haust. „Það er óumdeilanlegt að stóran hluta lágs vöruverðs má rekja til aðildar að ESB en það er erfitt að segja hvaða áhrif aðildin hefur og hvaða áhrif opnun markaðar með landbúnaðarvörur hefur. Þetta er svo samtengt," segir hún.

Henný bendir á að í Svíþjóð hafi ofurlágvörukeðjur haslað sér völl og segir þær bjóða enn lægra vöruverð en er hér á landi eða í Noregi. Það geti líka haft sitt að segja.

Sigurður Arnar Sigurðsson, forstjóri Kaupáss, segir að matarverð myndi væntanlega lækka á Íslandi með inngöngu í ESB, sérstaklega ef innflutningur á landbúnaðarvörum yrði óheftur.

Hann segir að stjórnendur Kaupáss horfi þó einkum á þrennt, að rýmka möguleika á innflutningi á landbúnaðarvörum og lækka opinber gjöld, lækka og sameina virðisaukaskatt í eitt þrep, og auka og jafna samkeppnisumhverfið á markaðnum.

ghs@frettabladid.is

MATARVERÐ HEFUR LÆKKAÐ Í SVÍÞJÓÐ Sænsk rannsókn sýnir að matarverð hefur lækkað heilmikið í Svíþjóð, sérstaklega eftir að Svíar gengu í ESB.

FORSTÖÐUMAÐUR ASÍ „Það er óumdeilanlegt að stóran hluta lágs vöruverðs má rekja til aðildar að ESB," segir Henný Hinz, forstöðumaður verðlagseftirlits ASÍ.

FORSTJÓRI KAUPÁSS Sigurður Arnar Sigurðsson, forstjóri Kaupáss, segir að stjórnendur Kaupáss vilji lægri opinber gjöld og jafnara samkeppnisumhverfi.

FANGABÚÐIR Verðir leiða fanga í Guantanamoflóabúðunum. NORDICPHOTOS/AFP

Búðirnar í Guantanamo:

Blair segir þær afbrigðilegar

LONDON, AP Tony Blair, forsætisráðherra Breta, sagði fangabúðir Bandaríkjahers við Guantanamoflóann á Kúbu „afbrigðilegt fyrirbæri", sem eitthvað þyrfti að gera í, en gekk ekki svo langt að kalla eftir lokun þeirra á fréttamannafundi í Berlín í fyrradag. Það hefur Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hins vegar gert.

Á fimmtudag birti mannréttindanefnd SÞ skýrslu sem leggur til hið sama vegna meðferðar á föngum þar, sem og því að aðeins um 10 fangar af 490 sem þar dúsa hafa verið formlega ákærðir.

Talsmaður Hvíta hússins segir að búðunum verði ekki lokað. **- smk**

Danskir knattspyrnumenn:

Vilja hætta við landsleik í Ísrael

DANMÖRK Nokkrir leikmenn danska landsliðsins í knattspyrnu vilja hætta við fyrirhugaðan vináttuleik Ísraela og Dana um mánaðarmótin. Telja þeir ekki óhætt fyrir liðið að ferðast til Miðausturlanda um þessar mundir.

Mótmæli múslima í Ísrael vegna Múhameðsteikninganna hafa þó verið friðsamleg það sem af er. Samkvæmt frétt Politiken í gær er þó orðrómur uppi um að þeir hyggist brenna danska fánann fyrir leikinn. Danska knattspyrnusambandið tekur ákvörðun í vikunni um hvort hætt verði við leikinn. **- ks**

Sýknaður af ákæru um brot á lögum um áfengisauglýsingar:

Mátti auglýsa áfengan bjór

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur sýknað Sigurð Örn Bernhöft, framkvæmdastjóra HOB-vína ehf., af broti á áfengislögum. Honum var gefið að sök að hafa birt auglýsingu á áfengum bjór af tegundinni FAXE Premium í Fréttablaðinu og DV í desember 2004.

Í auglýsingunum, sem birtust á heilsíðu, var stór mynd af FAXE bjórdós og neðst á síðunni stóð „Besti vinurinn" og „Léttur öllari".

Samkvæmt áfengislögum eru hvers konar auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum bannaðar.

Sigurður Bernhöft sagði í yfirheyrslum hjá lögreglu að hann hefði ekki viljað gefa í skyn með auglýsingunum að um óáfengan bjór væri ræða. Orðasambandið „Léttur öllari" var því ekki skírskotun til þess að bjórinn í auglýsingunni væri óáfengur.

Stefán Geir Þórisson, lögmaður Sigurðar, segir sýknudóminn ekki hafa komið á óvart. „Ég hefði gjarnan kosið að það hefði verið tekið á Evrópuréttarálitaefnunum í þessu máli því það hafa fallið tveir svipaðir dómar. Annars vegar hjá Evrópudómstólnum og hins vegar norskt mál hjá EFTA-dómstólnum." Í dómunum kemur fram að hugsanlega sé algjört bann við áfengisauglýsingum of íþyngjandi fyrir fyrirtæki sem selja áfenga drykki. **- mh**

AUGLÝSINGIN UMDEILDA Lýðheilsustöð sendi lögreglu ábendingu vegna auglýsingarinnar þegar hún birtist, og var auglýsingin kærð í kjölfarið. Héraðsdómur sýknaði framkvæmdstjóra HBO-víns ehf.

Til hamingju
með daginn!

Blómvendir með 10% afslætti í tilefni dagsins!
- gleðjið konuna með fallegum blómvendi

Jói Fel eðal ísterta
- með Kahlúa sósu og súkkulaði marengsbotni

Gildir 19. febrúar eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

„Eins og fangar inni á spítala.“

Aldraðir bíða á bráðadeildum

Hvers á sú kynslóð að gjalda sem lokið hefur ævistarfinu og þarf á hjúkrun og umönnun að halda? Það er eins og þetta fólk hafi orðið útundan í kröfugerðarþjóðfélaginu á síðustu árum, rödd þessa fólks hefur ekki náð eyrum ráðamanna nógu vel, fyrr en kannski nú á allra síðustu misserum.

Það var því ekki að ófyrirsynju að Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, alþingismaður Samfylkingar, gerði málefni öldrunarsjúklinga að umræðuefni á Alþingi á fimmtudag og beindi nokkrum spurningum til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um aðbúnað þessa hóps.

Hún vitnaði meðal annars í sérfræðing á bráðadeild sem lýsir ástandinu hjá sér svo: „Á bráðadeildinni minni er engin setustofa, enginn matsalur og eina dægradvölin er sjónvarp og útvarp. Heimsóknargestir standa upp við vegg þar sem aðeins einn stóll fylgir hverju rúmstæði. Tíð skipti eru á herbergisfélögum, þeir eru oftast mjög veikir og þeim fylgir ónæði af ýmsum toga.“ Þetta er ekki fögur lýsing, en því miður mun þetta ekki vera einsdæmi. Ásta Ragnheiður hafði þau orð um aldraða sem byggju við þessar aðstæður: „Þetta fólk er eins og fangar inni á spítala.“ Það eru engin ný sannindi að á hátæknisjúkrahúsum sé fjöldi öldrunarsjúklinga sem orðið hefur þar innlyksa ef svo má að orði komast. Þessi sjúklingar hafa komið á sjúkrahúsin vegna slysa eða sjúkdóma og eiga ekki í neitt hús að venda til að jafna sig eftir læknismeðferð. Um níutíu slíkir sjúklingar munu nú vera á ýmsum deildum Landspítalans. Ef hjúkrunarheimili væru fyrir hendi þyrfti ekki að fórna dýrmætu plássi á hátæknisjúkrahúsum fyrir þetta fólk, auk þess sem því liði væntanlega miklu betur á slíkum heimilum, þar sem öll þjónusta og aðbúnaður væri við það miðaður. Þannig mætti líka spara mikla fjármuni, því hátæknisjúkrahús eru dýr í rekstri, enda er kappkostað að veita þar sem besta þjónustu.

Jón Kristjánsson heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra greindi í svari sínu við spurningum Ástu Ragnheiðar frá stöðu þessara mála miðað við miðjan mánuðinn en lagði áherslu á að framundan væri lausn í þessum málum. Þar er annars vegar um að ræða nýtt 110 rúma hjúkrunarheimili sem rísa á í Sogamýri í Reykjavík og síðan fyrirhugað heimili á svokallaðri Lýsislóð vestur við Ánanaust í Reykjavík.

Þá minntist ráðherra á eflingu heimaþjónustu til að létta á útskriftarvandanum svokallaða.

Það ætti að vera hlutverk sveitarfélaga að efla heimaþjónustu fyrir aldraða, og furðulegt að stærsta og fjölmennasta sveitarfélagið, Reykjavík, skuli ekki hafa gert gangskör að því að efla hana svo um munar. Þar hafa að vísu verið stigin ákveðin skref, en betur má ef duga skal. Það ætti að vera metnaður borgarinnar að veita öldruðum heimaþjónustu nótt sem nýtan dag. Fram til þessa hefur þjónustan aðallega verið á dagvinnutíma á virkum dögum, en með því að veita þessa þjónustu líka á kvöldin, nóttunni og um helgar stæði borgin sig í stykkinu varðandi þessi mál. Þá gætu mun fleiri sjúkir og aldraðir dvalið heima hjá sér, í sínu eðlilega umhverfi í stað þess að vera á stofnun. Til þess að veita þessa þjónustu þarf margt og vel þjálfað starfsfólk, sem ekki aðeins þarf að vera fært um að veita nauðsynlegustu þjónustu heldur líka að gefa sér svolítinn tíma til að tala við þá öldruðu. Stutt spjall við þá getur oft verið á við nokkrar pillur. ■

FRÁ DEGI TIL DAGS

Óvinsældir DV koma ekki á óvart

Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra, hefur aldrei talist til stuðningsmanna 365 og fyrirtækjanna sem heyra undir þá samsteypu, heldur þvert á móti. Í pistli á heimasíðu sinni minnist hann á fjölmiðlakönnun þar sem DV er efst á lista yfir þau fyrirtæki sem neikvætt viðhorf er til. Segir hann að ekkert um óvinsældir DV komi sér á óvart því blaðið hafi ekkert batnað undir nýjum ritstjórum. Það haldi áfram að skrifa sömu fréttirnar og áður um ófarir fólks. „Hvers vegna skyldi Baugsveldið telja sér til framdráttar að halda þessu blaði úti í þessum búningi?“ segir m.a. á síðunni. Einnig talar Björn um Morgunblaðið í hópi tíu vinsælustu fyrirtækja landsins en lætur jafnframt flakka með að 365 sé í 23. til 26. sæti.

Upptekinn af „Baugsmiðlunum“

Þrátt fyrir andstöðu sína gegn „Baugsmiðlunum“ eins og Björn kallar þá jafnan virðist hann eyða mun meiri tíma í þá en ætla mætti, miðað við það sem lesa má á síðunni hans. Hann las leiðara í DV sem var skrifaður á þriðudaginn, fór í viðtal hjá Fréttablaðinu um Evrópumál, og í annað viðtal í Síðdegisútvarpi Bylgjunnar skömmu síðar. Allt eru þetta „Baugsmiðlar“ og miðað við þann dýrmæta tíma sem Björn virðist eyða í miðlana getur maður ekki annað en spurt sig: Er ekki kominn tími til að grafa stríðsöxina?

freyr@frettabladid.is

Naumur sigur málfrelsisins

Í DAG
TJÁNINGARFRELSI

SALMAN RUSHDIE

Ríkisstjórn sem leidd er af eins trúarlega sinnuðum forsætisráðherra og Tony Blair mun alltaf leitast við að friðþægja trúarhópa. Hins vegar er mögulegt að stefna ríkisstjórnarinnar sem einkennist af einhvers konar almannahyggju, sem lengi hefur þjakað stjórnmál á Indlandi, hafi gert stjórnina fjarlæga breskum kjósendum.

Leyfið mér, vinsamlegast, að nota þetta tækifæri, á þessum erfiðu tímum, til að fagna naumum en mikilvægum sigri fyrir málfrelsið.

Eftir langa baráttu rithöfundasambandsins PEN, sem lýtur stjórn Lisu Appignanesi, með fulltingi bandamanna samtakanna í báðum deildum breska þingsins auk fjölmargra úr listaheiminum líkt og grínleikarans Rowan Atkinson og stjórnanda breska þjóðleikhússins Nicholas Hytner, gegn breskri ríkisstjórn sem orðið hefur alræmd vegna hinnar þvermóðskufullu afstöðu sinnar að neita að taka rök þeirra sem eru henni ósammála gild, þá hefur neðri deild breska þingsins að lokum úrskurðað okkur í hag.

Atkvæðagreiðslurnar tvær í neðri deild þingsins í síðustu viku, sem breyttu lagafrumvarpi um kynþáttabundið og trúarlegt hatur í því skyni að verja tjáningarfrelsi í landinu með því að fella úr gildi lagaákvæði um að móðganir, svívirðingar og gáleysi í tali teljist til glæpsamlegra athæfa, fólu í sér sigur lýðræðislegra réttinda gegn pólitískri hentistefnu.

Neyðarlegt fyrir Blair

Í dagblöðunum var niðurstaðan hvað helst sögð neyðarleg fyrir Tony Blair vegna fjarveru hans á þingi þegar atkvæðagreiðsla fór fram um frumvarpið því ríkisstjórn Blairs tapaði með aðeins einu atkvæði og ef Blair hefði verið viðstaddur til að greiða atkvæði hefði verið komið í veg fyrir tap ríkisstjórnar hans í atkvæðagreiðslunni. Jafnvel þó að það kunni að vera gaman að skemmta sér yfir óförum annarra, þá fer slík blaðamennska á mis við mikilvægi þess lögmáls sem þarna var í húfi.

Það að ríkisstjórnin hafi ekki áttað sig á hvað fólst í þessari niðurstöðu kemur ekki á óvart. Ríkisstjórnin játaði það luntalega í kjölfarið að hið breytta frumvarp yrði nú að lögum, og viðurkenndi að hafa lært eitt, og aðeins eitt, af ósigri sínum: að forsætisráðherrann ætti líklega að hafa vit á því að vera viðstaddur og greiða atkvæði þegar næstu umdeildu tillögur hans, til dæmis um menntun, verða teknar til atkvæðagreiðslu á næstunni. Sem er líklega alveg rétt.

Eftir atkvæðagreiðsluna í neðri deild þingsins lýsti Hanif Kureishi því sem „miklu afreki fyrir rithöfunda og menningarvita að hafa tekið höndum saman.“ Philip Pullman undirstrikaði þörfina á því að hafa ríkisvaldið stöðugt í gæslu. Atkinson var jákvæður og sagðist sjá niðurstöðuna þannig að allir hafi unnið.

Þeir hafa allir rétt fyrir sér en á ólíkan hátt, en Pullman er næst sannleikanum: „Þeir sem líta þennan rétt illum augum... munu snúa aftur einn daginn með það fyrir augum að meina okkur um þennan rétt,“ sagði hann. „Þau okkar sem vita að þessi réttur er nauðsyn verða að vera reiðubúin að bregðast við atlögunni.“

Skoðun mín strax á eftir atkvæðagreiðslunni var fyrst og fremst að vera þakklátur fyrir það þingkerfi sem meðlimir lávarðadeildarinnar háðu sína mikla baráttu í og á endanum ákváðu nægilega margir meðlimir neðri deildarinnar að styðja þá.

Þegar ég hugsa um þetta mál er sú tilfinning sem er mér efst í huga, gríðarlegur léttir. Við sigruðum með slíkum naumindum. Að vinna með einu atkvæði er að vinna með eins litlum mun og mögulegur er, og hefðu ráðamenn í Verkamannaflokknum sinnt störfum sínum betur verum við ekki í þeirri góðu stöðu sem við erum í.

Hentistefna ríkisstjórnarinnar

Í landi án skrifaðrar stjórnarskrár, veitir breytta lagaákvæðið um kynþáttabundið og trúarlegt hatur nú lögbundna vörn fyrir breskt málfrelsi, sem fyrir vikið er mjög víðtækt og djúpt. Ef ekki er hægt að sanna að ætlun málnotanda hafi verið að hvetja til haturs þá hafa breskir þegnar nú stjórnarskrárbundinn rétt til að segja skoðanir sínar, sama hversu móðgandi öðrum finnast þessar skoðanir. Hinn svokallaði „réttur til að vera ekki móðgaður“ sem var í rauninni aldrei til, hefur verið afnuminn með lagasetningu.

Bretland getur hafa komið sér upp, að hluta til af slysni, eigin ákvæði sem líkist fyrstu stjórnarskrárbreytingunni í stjórnarskrá Bandaríkjanna, þróun sem ekki var verið að sækjast eftir en kann að vera það besta sem kemur út úr þessari löngu og á köflum erfiðu baráttu.

Frumvarpið var lagt fram sem tilraun til þess að friðþægja breska múslíma sem höfðu fjarlægst Verkamannaflokkinn vegna stuðnings hans við stefnu George Bush Bandaríkjaforseta í Írak, en jafnvel nokkrir múslímar voru á þeirri skoðun að þeir kærðu sig ekki um meinta vernd frumvarpsins, og að þeim fyndist sem þeirra eigin tjáningarfrelsi væru settar skorður með frumvarpinu.

Ríkisstjórn sem leidd er af eins trúarlega sinnuðum forsætisráðherra og Tony Blair mun alltaf leitast við að friðþægja trúarhópa. Hins vegar er mögulegt að stefna ríkisstjórnarinnar sem einkennist af einhvers konar almannahyggju, sem lengi hefur þjakað stjórnmál á Indlandi, hafi gert stjórnina fjarlæga breskum kjósendum.

Guðlast er glæpur án fórnarlamba

Nú kann að vera tíminn til að sýna frumkvæði. Hytner hefur nú þegar gefið tóninn í nýrri herferð.

„Ríkisstjórnin á að nota tækifærið,“ segir hann „og sýna opinbera andstöðu sína gegn trúarlegri mismunun í verki með því að afnema lögin um guðlast.“

Það væri ekki hægt að segja sér það út frá því hvernig bæði Blair og utanríkisráðherrann bugta sig og beygja fyrir trúarbrögðunum, en eitt af mest heillandi einkennum þess að búa á Bretlandi nútímans er, ef frá er talinn múslímski minnihlutinn, að Bretar eru orðnir mjög veraldlegir að lífsskoðun og spila trúarbrögð ekki stóra eða mikilvæga rullu í lífi þeirra.

Sú staðreynd að það er ennþá mögulegt að vera varpað í fangelsi fyrir að guðlasta gegn ensku kirkjunni er hlægileg firra að mati flestra íbúa í landinu sem gat af sér Monthy Python-leikhópinn. Það að þetta lagaákvæði á bara við um kristindóminn er augljóslega afbrigðilegt og nota aðrir trúarhópar það iðulega sem rök þegar þeir biðja um að trúarbrögð þeirra njóti sams konar verndar.

Mikill meirihluti Breta myndi, geri ég ráð fyrir, vera sammála um að þetta er öfugsnúin hugsun: Jöfn óvernd fyrir alla er augljóslega sú leið sem á að fara.

Eftir að við höfum nú séð hin tiltölulega gleðilegu endalok á þremur tilraunum bresku ríkisstjórnarinnar til að koma þremur mismunandi útgáfum á því frumvarpi sem varð frumvarpið um kynþáttabundið og trúarlegt hatur í gegnum umræður á þingi án þess að breska ríkisstjórnin áttaði sig nokkurn tímann á þeim skaða sem frumvarpið hefði haft í för með sér fyrir málfrelsi í landinu, hversu gleðilegt væri það þá ef Verkamannaflokkurinn tæki sig nú til, eftir allt tal þeirra um að gera Bretland nútímalegra, og gerðu eitthvað sem myndi raunverulega gera Bretland nútímalegra.

Hvað segir þú um það herra Blair? Mundu það að eftir allt saman, eins og stóð á T-bol sem mér var sendur í heillaskyni um árið, að: „Guðlast er glæpur án fórnarlamba.“

Greinin birtist áður í The New York Times

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

öryggi

83.918

tækni

þjónusta

Ertu ekki örugglega með VISA?

Fyrir réttu ári hóf VISA Ísland útgáfu kreditkorta með örgjörva og í síðustu viku voru komnir örgjörvar í 83.918 íslensk VISA kreditkort.

Kort með örgjörva eru öruggari en kort með segulrönd eingöngu.

Öll ný kreditkort VISA eru nú með örgjörva.
Þú þarft ekki að bíða lengur eftir nýrri tækni og auknu öryggi.

www.visa.is

VISA

Ávallt fyrstir
með tæknilegar nýjungar

evrópa
Ísland og Evrópusambandið

AF EVRÓPUVETTVANGI AUÐUNN ARNÓRSSON

Að vera eða vera ekki - í ESB fyrir 2015

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra spáði því á Viðskiptaþingi á dögunum að Ísland yrði gengið í ESB fyrir árið 2015. Með þessari yfirlýsingu sinni opnaði Halldór fyrir nýjar umræður um Evrópustefnu Íslands. Hann tók reyndar fram að hann teldi forsendur fyrir ákvörðun um málið ekki fyrir hendi nú, þar sem umræðan um málið sé ekki nógu þroskuð.

Þetta er rétt hjá Halldóri. Sú umræða sem þó hefur farið fram um Evrópumál á Íslandi fram til þessa má segja að beri einkenni krampalömunar; hún tekur kast af og til en liggur í dvala þess á milli - og almenningur er litlu nær þótt köstunum fjölgi.

Fréttablaðið hyggst nú leggja sitt af mörkum til að „þroska" umræðuna um stöðu og valkosti Íslands í Evrópusamstarfi. Í greinaflokki sem nú hefur göngu sína verður gerð tilraun til að kortleggja stöðuna, útskýra hvar við Íslendingar erum staddir í Evrópusamstarfi og greina valkostina sem við stöndum frammi fyrir í þessum efnum. Markmiðið er að koma á framfæri með skilmerkilegum hætti upplýsingum um Evrópumálin og mati hinna ýmsu aðila á því hvar við stöndum og hvert við stefnum eða eigum að stefna. Jafnframt verður leitazt við að útskýra þá þróun sem Evrópusambandið er að ganga í gegnum, enda er nauðsynlegt að fylgjast vel með breytingum þar á bæ til að hægt sé að meta hvort full ESB-aðild sé með tímanum að verða fýsilegri fyrir Íslendinga eða ekki.

Viðbrögð við ummælum forsætisráðherra hafa opinberað ágreining milli forystu stjórnarflokkanna um mat á stöðunni og framhaldinu. Geir H. Haarde, utanríkisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði fréttamönnum í Stokkhólmi nokkrum dögum eftir ræðu Halldórs á Viðskiptaþingi að hann væri ósammála Halldóri. Ísland myndi ekki ganga í ESB í fyrirsjáanlegri framtíð. Ríkisstjórnin væri ekki einu sinni að kanna möguleikann á aðild.

Þetta mat forystu Sjálfstæðisflokksins kemur líka skýrt fram í ummælum Björns Bjarnasonar hér á síðunni, en hann er formaður þverpólitískrar Evrópunefndar sem forsætisráðherra skipaði fyrir hálfu öðru ári og er nú í miðju kafi að vinna að úttekt á Evrópumálunum. Athyglisvert verður að sjá hvort skýrsla Evrópunefndarinnar, sem á að liggja fyrir nokkrum mánuðum fyrir næstu alþingiskosningar, skapi alvöru umræðu um Evrópustefnuna í kosningabaráttunni. Að minnsta kosti er ástæða til að vona að hún verði til þess að færa umræðuna nær þeim þroska sem Halldór Ásgrímsson segir hana skorta.

NEFND UM EVRÓPUMÁL

■ *skipuð af forsætisráðherra í júlí 2004*

Davíð Oddsson þáverandi forsætisráðherra skipaði í júlí 2004 nefnd um Evrópumál sem ætlað var eftirfarandi starfssvið:

„Nefndin skal greina umræðu og helstu staðreyndir um tengsl Íslands við Evrópusambandið og um hugsanlega aðild Íslands að ESB. Áhersla er meðal annars lögð á að könnuð verði framkvæmd EES-samningsins, hvort og þá hvers konar undanþágur séu veittar í aðildarsamningum að Evrópusambandinu, hvað aðild myndi kosta ríkissjóð til lengri og til skemmri tíma litið og hverjir væru kostir og gallar evrunnar fyrir Ísland. Auk þess sem skilgreind verði staða Íslands miðað við hina nýsamþykktu stjórnarskrá ESB. Þá verði á vettvangi nefndarinnar rædd þau álitaefni önnur að því er tengsl Íslands og Evrópusambandsins varða og nefndin telur til þess fallin að skýra stöðu Íslands sérstaklega í þessu samhengi. Gert er ráð fyrir að nefndin ljúki störfum fyrir lok kjörtímabilsins."

Í NEFNDINNI SITJA EFTIRTALDIR, FULLTRÚAR ALLRA STJÓRNMÁLAFLOKKA SEM SÆTI EIGA Á ALÞINGI:
Samkvæmt tilnefningu Sjálfstæðisflokks:
Björn Bjarnason dóms- og kirkjumálaráðherra, formaður
Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra
Samkvæmt tilnefningu Framsóknarflokks:
Jónína Bjartmarz alþingismaður
Hjálmar Árnason alþingismaður
Samkvæmt tilnefningu Samfylkingarinnar:
Össur Skarphéðinsson, alþingismaður
Bryndís Hlöðversdóttir, prófessor
Samkvæmt tilnefningu Vinstri hreyfingarinnar-græns framboðs:
Ragnar Arnalds, fyrrverandi alþingismaður
Katrín Jakobsdóttir alþingismaður
Samkvæmt tilnefningu Frjálslynda flokksins:
Brynjar Sindri Sigurðsson markaðsfræðingur

Allt til ferðalaga
Fellihýsi

www.evro.is
ELLINGSEN EVRÓ
Grandagarði 2, sími 580 8500

Knýjandi hagsmunir ráði för

Sumarið 2004 skipaði þáverandi forsætisráðherra nefnd sem ætlað var það verkefni að gera heildstæða úttekt á stöðu og valkostum Íslands í Evrópumálum. Í þessari Evrópunefnd sitja fulltrúar allra stjórnmálaflokka sem fulltrúa eiga á Alþingi. Formaður nefndarinnar er Björn Bjarnason dómsmálaráðherra.

BJÖRN BJARNASON Dómsmálaráðherra og formaður nefndar um Evrópumál sem forsætisráðherra skipaði fyrir hálfu öðru ári.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Björn svaraði nokkrum spurningum Fréttablaðsins um starf nefndarinnar til að fylgja greinaflokknum úr hlaði. Hann segir nefndina hafa safnað miklum upplýsingum um Evróputengsl Íslands og að hún hyggist standa fyrir tveimur opnum ráðstefnum um Evrópumál í sumar. Að hans mati munu Íslendingar ekki sækja um aðild að Evrópusambandinu nema knýjandi hagsmunir kalli á að það skref verði stigið. Lokaskýrslu nefndarinnar er að vænta um næstu áramót.

Björn var fyrst spurður hversu marga fundi nefndin hefði haldið frá því hún tók til starfa fyrir hálfu öðru ári og hvaða málefni hefðu verið tekin fyrir á þessum fundum.

„Frá því að Evrópunefndin var skipuð hefur hún haldið alls 24 fundi og hitt fjölda manna bæði hér heima og erlendis," segir Björn. „Síðasta sumar fór nefndin í afar fróðlega ferð til Brussel og efndi þar til funda með ráðamönnum Evrópusambandsins og EFTA."

Heldur starfið áfram á þessu ári?

„Já. Nú í mars fer nefndin til Haag til að kynna sér starfsemi EUROPOL, evrópsku lögreglunnar, og EUROJUST, samstarfsvettvang evrópskra saksóknara, en Ísland á aðild að þessu samstarfi vegna Schengen-aðildar sinnar. Athygli nefndarmanna hefur ekki einvörðungu beinst að samstarfi Íslands við Evrópusambandið á vettvangi EES heldur einnig að Schengen-aðildinni.

Auk þess hugar nefndin í ár að tveimur ráðstefnum – annars vegar um samstarfið á grundvelli EES og hins vegar með vísan til reynslunnar af Schengen-samstarfinu. Fyrri ráðstefnan verður væntanlega undir lok júní og hin síðari 30. ágúst í samvinnu við Viðskiptaháskólann á Bifröst. Þá mun þunginn í starfi nefndarinnar að sjálfsögðu aukast eftir því sem nær líður að útgáfu skýrslu hennar."

Skilar af sér um áramót

„Nefndin hefur ekki í hyggju að gefa út neina áfangaskýrslu heldur er markmið hennar að gefa út skýrslu sína um næstu áramót," segir Björn.

Komið hefur fram að á fundum nefndarinnar hafi meðal annars verið rætt um framkvæmd EES-samningsins, sjávarútvegsstefnu ESB og kosti og galla evrunnar fyrir Ísland. Hvaða mál er eftir að ræða?

„Eins og áður sagði höfum við beint sjónum okkar að Schengen-samstarfinu sérstaklega og þróun þess. Þá höfum við rætt umhverfismál, áhrif EES-aðildar á íslenska löggjöf, hvernig staðið er að þátttöku Íslands í undirbúningi að gerðum Evrópusambandsins, þjóðréttarlegt eðli samstarfsins á grundvelli EES-samningsins, stjórnarskrá Evrópusambandsins og áhrif hennar á EES-samstarfið, valdmörk milli ESB-ríkja og valdstofnana ESB. Við munum ræða byggðamál, rannsókna- og menntamál auk utanríkis- og öryggismála," segir Björn og bætir við:

„Ég held, að það þurfi einhvern atburð, sem kæmi verulega á óvart, til að Íslendingar sæju hag sínum best borgið með aðild að ESB fyrir árið 2015."

„Þegar rætt er um þessi mál má ekki gleyma því, að Íslendingar hafa nú tíu ára reynslu af EES-aðildinni og segja má, að störf nefndarinnar taki mið af þeirri reynslu og þekkingu, sem aflað hefur verið.

Nefndarmenn hafa nálgast verkefni sitt af alúð og viðleitni til að afla sem gleggstra upplýsinga í stað þess að ræða eigin skoðanir eða pólitískan ágreining, sem kann að vera innan nefndarinnar – á það hefur ekkert reynt, hve hann er mikill, þótt áherslur manna séu að sjálfsögðu mismunandi og birtist til dæmis í því, hvernig spurningar þeir leggja fyrir gesti nefndarinnar."

„Eftir að þeir málaflokkar sem nefndin vill skoða hafa verið brotnir til mergjar, og samin hafa verið drög að skýrslu nefndarinnar, kemur að því að nefndarmenn þurfa að taka afstöðu til álitaefna, um margt verða þeir sammála en annað ósammála og ættu niðurstöður nefndarinnar að endurspegla ólíkar áherslur," segir Björn.

Ósammála forsætisráðherra

Fyrir utan þessar spurningar sem lúta að starfi Evrópunefndarinnar sérstaklega var Björn spurður hvernig hann mæti útspil Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra í ræðu sinni á Viðskiptaþingi á dögunum, um að hann teldi víst að Ísland verði gengið í ESB árið 2015.

„Ég tel, að Íslendingar sæki ekki um aðild að Evrópusambandinu bara til að sækja um aðild heldur vegna einhverra hagsmuna, sem knýja þá til þess.

Ágreiningur um aðild er innan allra stjórnmálaflokka og það getur ekki verið markmið neinna að opna þann ágreining eða deilur milli flokka, nema unnt sé að benda á skýra hagsmuni og segja, að þeim verði ekki borgið án aðildar. Enginn stjórnmálaflokkanna hefur aðild á dagskrá sinni, en hins vegar hefur það gerst áður, þegar álíka langt er til þingkosninga og nú, að menn taka til við að tala eins og aðild að ESB verði hitamál í næstu þingkosningum, en svo lækkar risið á því tali, þegar nær dregur kosningunum.

Ég held, að reyndin verði hin sama fyrir þingkosningarnar 2007, að enginn flokkur hafi ESB-aðild á stefnuskrá sinni, vegna þess að engir hagsmunir knýja flokka til slíkra ákvarðana. Á öllum sviðum efnahags- og atvinnumála erum við almennt séð betur sett en ESB-ríki.

Kjósendur hafa ekki neinn sérstakan áhuga á Evrópuumræðum. Næsta kjörtímabili lýkur 2011 – ef menn telja Ísland verða í ESB fyrir 2015, þyrfti að breyta stjórnarskrá á því kjörtímabili til að búa í haginn fyrir aðild – er líklegt að það verði gert? Nú er stjórnarskrárnefnd að störfum – er hún að ræða breytingu á stjórnarskránni til að búa í haginn fyrir aðild? Ég hef ekki heyrt um það," segir Björn.

„Halldór Ásgrímsson gaf sér þá forsendu, að Bretar, Danir og Svíar hefðu tekið upp evruna og þess vegna myndum við sækja um aðild, því að við gætum ekki haldið fast í krónuna við þær aðstæður. Er eitthvað sem bendir til þess, að Bretar varpi pundinu fyrir róða fyrir 2015? Breskir stjórnmálamenn eru ekki á þeim buxunum – þeir sjá engan hag Breta af því," segir Björn.

Óvæntan atburð þarf til

„Saga síðustu ára kennir okkur, að hinir ólíklegustu atburðir geta gjörbreytt afstöðu þjóða," segir Björn.

„Ég held, að það þurfi einhvern atburð, sem kæmi verulega á óvart, til að Íslendingar sæju hag sínum best borgið með aðild að ESB fyrir árið 2015. Fyrir utan að við vitum ekkert hvernig ESB verður árið 2015 og þess vegna ekki heldur, hvað felst í hugtakinu aðild, sem tengd er ártalinu 2015."

audunn@frettabladid.is

Ávísun á íslenskt ævintýri

Mastercard ferðaávísunin

gildir nú líka hjá Flugfélagi Íslands

Nú hefur Flugfélag Íslands bæst í hóp þeirra fjölmörgu fyrirtækja sem taka við ***ferðaávísunum MasterCard.*** Þú getur því nýtt ávísunina í innanlandsflug til allra áfangastaða á landinu.

MasterCard ferðaávísun er víðtækasta íslenska ferðafríðindakerfið og þú getur nýtt ávísunina í nánast hvaða ferð sem er, jafnt innan lands sem utan. Vertu viss um að þú sért með rétta kortið.

Sæktu um ***MasterCard kort með ferðaávísun**** í hvaða banka eða sparisjóði sem er og þín bíður ***5.000 króna ferðaávísun*** við afhendingu korts.

**Fylgir ákv. kortategundum*

MasterCard

Kreditkort.is

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
www.flugfelag.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA / 5222

Ferðaskrifstofa Akureyrar · Kuoni · it ferðir · plús ferðir · PRIMA ferðaskrifstofa · Stúdenta ferðir · Terra Nova Sól · Sumar ferðir · Heimsferðir · Úrval Útsýn · Icelandair · Iceland Express · Flugfélag Íslands

KNUT HAMSUN (1859-1952) LÉST ÞENNAN DAG.

„Í ellinni erum við líkt og bunki af bréfum sem einhver hefur sent. Við erum ekki lengur í fortíðinni heldur erum komin á áfangastað.“

Knut Hamsun var norskur rithöfundur sem hlaut nóbelsverðlaun árið 1920.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST > 19. FEBRÚAR 1997

Leiðtoginn Deng Xiaoping andast

Á þessum degi árið 1997 andaðist æðsti leiðtogi Kínverja, Deng Xiaoping, 92 ára að aldri. Hann hefði þá verið heilsuveill í nokkur ár og hafði ekki sést opinberlega síðustu þrjú ár. Talið var að leiðtoginn hafi verið haldinn parkinsonveiki og dáið úr lungnakvilla. Þrátt fyrir að Xiaoping hafi opinberlega sest í helgan stein árið 1992 var ljóst að engin stór ákvörðun var tekin án hans samþykkis.

Deng fæddist í ágúst 1904 í Kína en hélt sextán ára til náms í Frakklandi og kynntist þar marxisma. Hann sneri aftur heim árið 1927. Hann giftist þrisvar á sinni lífstíð og eignaðist fimm börn með síðustu eiginkonu sinni.

DEN XIAOPING

Hann var þekktur fyrir að vera leiðtoginn sem braut aftur mótmæli stúdenta á torgi hins himneska friðar árið 1989. Honum var hins vegar einnig eignaður heiðurinn af því að opna Kína fyrir alþjóðlegum viðskiptum. Hann einkavæddi landbúnað Kínverja og innleiddi kapítalíska framleiðshætti í iðnaði og þjónustu. Hann þótti harðlínumaður í stjórnmálum og tók ekki mjúklega á þeim sem voru ósammála honum.

Jarðarför Dengs var sú stærsta síðan Maó formaður sjálfur var lagður til hinstu hvílu. Að morgni 24. febrúar hafði öll þjóðin verið beðin um að hafa hljóð í þrjár mínútur. Þá voru fánar í hálfa stöng um landið allt í heila viku.

MERKISATBURÐIR

1942 Japanskar herflugvélar ráðast á Darwin í Ástralíu.

1945 Bandarískt herlið kemur í land í Iwo Jima í Japan með 30 þúsund manna herlið.

1976 Íslendingar slíta stjórnmálasambandi við Breta vegna flotaíhlutunar þeirra.

1985 Cherry kók, eða kók með kirsuberjabragði er kynnt í fyrsta sinn.

1992 Kvikmyndin Börn náttúrunnar er tilnefnd til óskarsverðlauna.

2000 Knattspyrnuhöllin í Reykjanesbæ er vígð.

AFMÆLI

Sigurður Ingi Ásgeirsson kvikmyndagerðarmaður er 56 ára.

Helgi Már Arthúrsson, upplýsingafulltrúi heilbrigðisráðuneytis, er 55 ára.

Hannes Hólmsteinn Gissurarson stjórnmálafræðiprófessor er 53 ára.

Hilmar Oddsson kvikmyndaleikstjóri er 49 ára.

FÆDDUST ÞENNAN DAG

1473 Nikulás Kópernikus stjörnufræðingur.

1743 Luigi Boccherini tónskáld.

1859 Svante August Arrhenius, eðlisfræðingur og nóbelsverðalaunahafi.

1865 Sven Hedin landkönnuður.

NÝ STJÓRN Stofnfundur Atvinnuþróunarfélags Voga- og Vatnsleysustrandar var fjölmennur.

Efla atvinnusköpun í Vogum

Fjölmennur stofnfundur atvinnuþróunarfélags Voga og Vatnsleysustrandar var haldinn í Vogum á dögunum.

Þar lýstu fundarmenn áhyggjum sínum yfir þróun atvinnumála en töldu að möguleikar til atvinnusköpunar væru miklir í sveitarfélaginu. Þá væri eðlilegt að hin mikla ónýtta jarðorka í landi Voga- og Vatnsleysustrandar yrði nýtt atvinnulífi sveitarfélagsins til framdráttar.

Á fundinum var kosin stjórn og Þórður Guðmundsson var valinn formaður hins nýstofnaða félags. ■

HÖRÐUR MAGNÚSSON Ætlar að taka því rólega á afmælisdaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/

HÖRÐUR MAGNÚSSON ÍÞRÓTTAFRÉTTAMAÐUR: FERTUGUR Í DAG

Hélt partí fyrir strákana

Í dag fagnar Hafnfirðingurinn og íþróttafréttamaðurinn Hörður Magnússon fertugsafmæli sínu. Hörður tekur þessum tímamótum með jafnaðargeði og hafði engin sérstök áform fyrir afmælisdaginn þegar blaðamaður sló á þráðinn. Hann reiknaði þó með að gera sér einhvern dagamun í tilefni dagsins.

Þó sjálfur afmælisdagurinn hafi verið lauslega skipulagður var Hörður búinn að áforma að halda rækilega upp á afmælið með tæplega fimmtíu vinum og kunningjum á laugardagskvöldið með strákapartíi heima hjá sér.

Framundan hjá Herði á fertugasta aldursárinu er að taka gott frí. Hann reiknar jafnvel með að fara í ferðalag þar sem hann á inni þrjá mánuði í uppsafnað frí. Ferðaáform eru öll á byrjunarstigi og engar ákvarðanir hafa verið teknar um ákvörðunarstað enn sem komið er segir Hörður.

Hörður er ekki eini fjölskyldumeðlimurinn sem fagnar stórafmæli um þessar mundir en faðir hans, Magnús Ólafsson, varð einmitt sextugur á föstudaginn. Aðspurður hvort að feðgarnir myndu gera eitthvað sérstakt saman vegna stórafmæla beggja segir Hörður ekkert slíkt á dagskránni. Magnús vildi sjálfur enga stórveislu og ákvað að láta sig hverfa upp í sveit í sumarbústað með konunni yfir helgina.

Hörður gerði ráð fyrir að fara upp í bústað á föstudagskvöldið til að samgleðjast föður sínum.

Þræðir slóðir kvenna í Reykjavík

Góa mætir með pilsaþyt á morgun þegar konudagurinn gengur í garð. Birna Þórðardóttir, undir nafninu Menningarfylgd Birnu ehf, ætlar að bjóða konum jafnt sem körlum í gönguferð um slóðir kvenna í Reykjavík í tilefni dagsins.

„Konur hafa alls staðar verið,“ segir Birna glaðlega um innihald göngunnar. Hún ætlar að tengja hana bæði við það sem minnir á konur og einnig ætlar hún að velta fyrir sér af hverju kvenna er ekki minnst á ákveðnum slóðum. Til þess notar hún til að mynda götuheiti enda eru þau oftar tileinkuð karlanöfnum en konu.

Ein af uppáhaldsgötum Birnu er Freyjugatan enda er gyðjan Freyja um margt merkileg og ein af sterku konunum úr goðafræðinni. Einnig er gaman að velta fyrir sér örlögum þeirra Hallveigar og Ingólfs sem að sögn bjuggu fyrst í Reykjavík. „Ingólfur fær stræti á meðan Hallveig ræfillinn fær bara stíg,“ segir Birna glettin en hún hefur leitt slíka göngu einu sinni áður í tengslum við vetrarhátíð á síðasta ári og mæltist hún vel fyrir.

BIRNA ÞÓRÐARDÓTTIR Leiðir göngumenn um slóðir kvenna í miðbæ Reykjavíkur.

Gangan hefst á Skólavörðuholti klukkan eitt og lýkur um klukkutíma síðar í Mæðragarðinum við Lækjargötu. Á það vel við enda stendur þar listaverkið Móðurást eftir Nínu Sæmundsen. Það var fyrsta útilistaverkið í borginni sem ekki var minnismerki um karl, en verkið var sett upp árið 1930. ■

†

Hjartans þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og systur.

Þóru Halldórsdóttur
Eyrarholti 20, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til lækna og hjúkrunarfólks á deild 21A, Landspítalans við Hringbraut, fyrir einstaklega góða umönnun.

Gunnar Ragnar Sveinbjörnsson
Ágústa Sigríður Gunnarsdóttir
Halldór A. Þórarinsson
Valdís Þóra Gunnarsdóttir
Sara Lind Gunnarsdóttir
Páll Þórir Jónsson
Barnabörn og systkini.

Afmæli

Halldóra Sjöfn Róbertsdóttir

19.02.1966

Fyrirmyndarforeldri Hafnarfjarðar og hárgreiðslukonan er 40 ára í dag. Þeir sem vilja gleðja hana á afmælisdaginn er bent á ferðasjóð dr.Ruth

Ísland altengt

SÍMI, SJÓNVARP OG NETTENGING Á HÁHRAÐA TIL ALLRA LANDSMANNA

Kynningarfundir samgönguráðherra um Fjarskiptaáætlun til ársins 2010

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra er um þessar mundir á ferð um landið að kynna Fjarskiptaáætlun til ársins 2010. Í henni eru framsækin markmið stjórnvalda um öflugri fjarskiptanet og bætt aðgengi allra landsmanna að hvers kyns fræðslu- og afþreyingarefni.

Fjarskiptaáætlun snertir daglegt líf allra landsmanna og skiptir atvinnulíf þeirra einnig miklu máli. Hún breytir miklu um búsetuskilyrði í dreifðari byggðum landsins og eflir tækifæri okkar til innbyrðis samskipta og alþjóðlegra tengsla.

Nánari upplýsingar um Fjarskiptaáætlunina er að finna á heimasíðu Samgönguráðuneytisins, www.samgonguraduneyti.is.

✔ **Búðardalur**	Rauðakrosshúsið	Miðvikudagur	18. jan	kl. 20:00
✔ **Stykkishólmur**	Fimm fiskar	Fimmtudagur	19. jan	kl. 17:00
✔ **Ólafsvík**	Hótel Ólafsvík	Mánudagur	23. jan	kl. 20:00
✔ **Ísafjörður**	Hótel Ísafjörður	Miðvikudagur	25. jan	kl. 20:00
✔ **Akranes**	Hótel Barbró	Fimmtudagur	26. jan	kl. 20:00
✔ **Blönduós**	Hótel Blönduós	Laugardagur	28. jan	kl. 14:00
✔ **Sauðárkrókur**	Kaffi Krókur	Sunnudagur	29. jan	kl. 15:00
✔ **Húsavík**	Veitingahúsið Salka	Þriðjudagur	31. jan	kl. 20:00
✔ **Keflavík**	Hótel Keflavík	Miðvikudagur	1. feb	kl. 20:00
Akureyri	Háskólinn Akureyri	Mánudagur	20. feb	kl. 20:00
Egilsstaðir	Hótel Hérað	Þriðjudagur	21. feb	kl. 20:00
Neskaupstaður	Egilsbúð	Miðvikudagur	22. feb	kl. 12:00
Grindavík	Saltfisksetrið	Fimmtudagur	23. feb	kl. 20:00
Raufarhöfn	Hótel Norðurljós	Mánudagur	27. feb	kl. 20:00
Vopnafjörður	Félagsheimilið	Þriðjudagur	28. feb	kl. 20:00
Djúpivogur	Hótel Framtíð	Þriðjudagur	7. mar	kl. 20:00
Höfn	Hótel Höfn	Miðvikudagur	8. mar	kl. 20:00
Vík	Víkurskáli	Fimmtudagur	9. mar	kl. 12:00
Hella	Árhús	Fimmtudagur	9. mar	kl. 20:00
Patreksfjörður	Félagsheimilið	Sunnudagur	12. mar	kl. 14:00
Ólafsfjörður	Félagsheimilið Tjarnaborg	Þriðjudagur	14. mar	kl. 20:00
Siglufjörður	Bíó Café	Miðvikudagur	15. mar	kl. 20:00
Reykjavík	Valhöll	Laugardagur	18. mar	kl. 11:00
Kópavogur	Bæjarstjórnarsalur	Þriðjudagur	21. mar	kl. 20:00
Selfoss		Nánar auglýst síðar		
Vestmannaeyjar		Nánar auglýst síðar		
Hvammstangi		Nánar auglýst síðar		
Hólmavík		Nánar auglýst síðar		

SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ

EKKI BARA HALLALAUS RÍKISSJÓÐUR „Það er ekki bara markmiðið að skila ríkissjóði hallalausum. Það er markmiðið að útgjöldin vaxi ekki umfram tvö prósent í samneyslu og 2,5 prósent í millifærslum þannig að við erum að setja okkur miklu metnaðarfyllri markmið nú en áður," segir Árni Mathiesen fjármálaráðherra.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Metnaðarfyllri markmið

Ríkissjóður hefur mjög sterka stöðu, skuldir hafa lækkað verulega og vaxtabyrðin sömuleiðis. Heildarhlutfall skulda er lágt og hlutfall erlendra skulda sömuleiðis. Ef þetta er vegið á móti beinum eignum ríkisins í Seðlabankanum þá er hlutfallið með því lægsta sem sést. *Guðrún Helga Sigurðardóttir* ræddi við **Árna Mathiesen** sem nú hefur verið fjármálaráðherra í rúma fjóra mánuði.

Við höfum notað tækifærið á undanförnum árum vegna aukinna tekna ríkissjóðs og fjármuna úr ríkissjóði til að styrkja stöðuna á mjög skynsamlegan hátt. Þetta hefur bein áhrif á það hvernig matsfyrirtæki meta stöðu ríkissjóðs og þar af leiðandi lækka vextir af skuldum ríkissjóðs. Þetta hefur líka áhrif á hvernig aðrir hlutar hagkerfisins eru metnir," segir Árni Mathiesen fjármálaráðherra.

Hagvöxtur snögglækkar

Árni er afar sáttur við það hvernig tekjum af sölu ríkisfyrirtækja er ráðstafað. Hann telur að horft sé til framtíðar. Verkefnin komi ekki til framkvæmda fyrr en stóriðjuframkvæmdum lýkur. „Það væri kannski of mikið sagt að segja að þau væru að lengja góðæristímann en þau eru sannarlega að minnka breytinguna. Auðvitað verður mikil minnkun á hagvexti þegar svo stóru verkefni er lokið. Samkvæmt okkar tölum færum við úr fimm prósenta hagvexti í 2,6 prósenta hagvöxt milli ára. Það er mikil breyting." Á evrópskan mælikvarða er 2,5-2,6 prósenta hagvöxtur mikill hagvöxtur en Árni segir að hann sé ekki nægilegur til lengri tíma litið hjá svo fámennri og ungri þjóð. Íslendingar séu að byggja upp í kringum yngri árgangana og svo séu þeir líka að þjónusta eldri árganga sem séu stærri en áður. „Þetta er öfugt við þróunina í öðrum löndum Evrópu þar sem minni árgangar koma upp til að standa undir velferðarkerfinu."

Vön hröðum framförum

Hvað hagvöxtinn varðar þá segir Árni að sú hætta sé fyrir hendi að ekki verði nema 2,5 prósenta hagvöxtur 2007, 2008 og 2009. Íslendingar séu vanir meiri tekjum og að geta sett fjármagn í nauðsynleg verkefni.

„Við erum orðin vön því að sjá hraðar framfarir í flestum hlutum. Ef hagvöxtur minnkar þá hægist á. Við höfum haft 3,5 prósenta hagvöxt eða meira í þrettán ár með tveimur undantekningum. Þetta hefur verið tímabil mikillar uppbyggingar í stóriðju og breytinga í innviðum hagkerfisins. Það lýsir talsverðum styrk í hagkerfinu að þrátt fyrir að inni í þessum áætlunum sé ekki gert ráð fyrir neinum stóriðjuframkvæmdum þá sé um 2,5 prósenta hagvöxt að ræða. Það eru engin önnur stór verkefni beinlínis í farvatninu sem geta lyft þessum hagvexti næstu árin nema áframhaldandi stóriðjuframkvæmdir. Ef það gerist þá verður umhverfið næstu árin líkara því sem við höfum verið að upplifa."

Árni segir að stóriðjuframkvæmdir séu auðvitað ekki eina lausnin en bendir á að ekki hafi komið önnur fjárfestingartækifæri sem hafi haft eins mikil áhrif til hagvaxtar og stóriðjuframkvæmdirnar. „Þetta er ein af okkar náttúruauðlindum sem við viljum og þurfum að nýta. Við aukum fjölbreytnina í atvinnulífinu með framlagi í fjarskiptasjóðinn og nýsköpunarsjóðinn. Styrkurinn í hagkerfinu hefur ýtt undir fjármálaþjónustuna. Við erum líka að vinna verkefni til að auka möguleika á því sviði. Þeir möguleikar aukast í takt við styrk hagkerfisins þannig að það hvaða möguleika við höfum í þjónustuhagkerfinu byggist á því að framleiðsluhagkerfið sé sterkt og þá sjávarútvegurinn og stóriðjan alveg eins og hjá þessum þjóðum sem hafa verið að færa sig hvað hraðast inn í þjónustuhagkerfið."

Hægt að fara í tvö stóriðjuverkefni

Árni er fylgjandi stóriðjuframkvæmdum og hefur trú á því að það sé töluverður vilji hjá aðilum til að fjárfesta í þessari atvinnugrein. Hann telur að innan Kýótóbókunarinnar rúmist tvö af þeim stóriðjuverkefnum sem hvað mest hafa verið í umræðunni, stækkun í Straumsvík og álver fyrir norðan.

Þenslan er of mikil að mati Árna. Ríkisstjórnin hefur haft þá stefnu að halda að sér höndum, hvort heldur í auknum rekstri eða framkvæmdum, og það telur Árni að hafi tekist eins vel og efni standa til.

„Maður getur ekki dregið saman og blásið út ríkisrekstur með skömmum fyrirvara. Það verður að horfa á það í langtíma samhengi og reyna að takmarka vöxturinn til lengri tíma. Þess vegna erum við með langtíma fjárlagagerð og langtíma markmið. Það er ekki bara markmiðið að skila ríkissjóði hallalausum. Það er markmiðið að útgjöldin vaxi ekki umfram tvö prósent í samneyslu og 2,5 prósent í millifærslum þannig að við erum að setja okkur miklu metnaðarfyllri markmið nú en áður."

Byggingamarkaðurinn hefur valdið þenslunni

Ríkissjóður hefur verið gagnrýndur fyrir að ýta undir þenslu frekar en hitt. „Jú, það er rétt að það eru dæmi um það. En varðandi stöðu krónunnar þá er hún afstæð gagnvart öðrum gjaldmiðlum. Það er ekki bara ástandið hjá okkur sem hefur áhrif heldur líka ástandið annars staðar," segir hann.

Þrír þættir vega hvað mest í þenslunni. Í fyrsta lagi er þenslan í byggingageiranum og varðandi breytingar á íbúðalánamarkaði. Í öðru lagi er veik staða dollarsins og evrunnar. Í þriðja lagi eru stóriðjuframkvæmdirnar. Af þessu þrennu telur Árni að stóriðjuframkvæmdirnar hafi minnst áhrif á þensluna.

„Ef dollarinn væri á eðlilegu róli og við hefðum ekki gert þessar breytingar á Íbúðalánasjóði og þessi samkeppni hefði ekki átt sér stað á íbúðalánamarkaði þá held ég að verðbólgan hefði verið innan þolanlegra marka. Þó að stóriðjuframkvæmdirnar hafi áhrif á íbúðalánamarkaðinn með aukinni bjartsýni og sterku hagkerfi þá treysta menn líka á krónuna. Ef maður skoðar verðbólguþróunina undanfarið þá er verðbólgan eitt prósent eða innan við það ef húsnæðisþættinum er sleppt þannig að húsnæðisþátturinn hefur verulega mikil áhrif."

Íbúðalánasjóður verði heildsölubanki

Verið er að vinna að breytingum á Íbúðalánasjóði og er sú hugmynd mest til skoðunar að breyta Íbúðalánasjóði í heildsölubanka. „Eins og staðan er í dag gæti slíkt kerfi gengið upp. Það er óæskilegt að gera of miklar og of byltingarkenndar breytingar á þessum markaði þó það geti vel verið að með tímanum minnki hlutverk ríkisins enn frekar og ríkið jafnvel hverfi alveg af þessum markaði."

Árni segir æskilegt að niðurstaða komi sem fyrst og von sé á henni á þessu ári.

Mikið hefur verið rætt um hátt vöruverð. Árni segir að þrír möguleikar séu fyrir hendi. Í fyrsta lagi megi gera breytingar á innflutningshöftum og unnið sé að því í gegnum WTO, Alþjóða viðskiptastofnunina, og það sé bara spurning um tíma hvenær sú vinna skili niðurstöðu. Hún myndi hafa gríðarleg áhrif á vöruverð innanlands, sérstaklega á innlenda og innflutta matvöru.

Efasemdir um að lækkanir skili sér

Í öðru lagi sé hægt að lækka virðisaukaskattinn en staða ríkissjóðs þurfi að leyfa það og þá þurfi að horfa til útgjalda ríkissjóðs. Í þriðja lagi segir hann að hægt sé að lækka vörugjöld. „Það hefur auðvitað líka áhrif á stöðu ríkissjóðs og verður að vera í samhengi við það útgjaldastig sem við ákveðum."

Árni telur að hægt sé að fara fljótt í lækkun vörugjalds og það hafi snögg áhrif ef markaðsaðstæður séu réttar. Hann bendir hins vegar á að hagfræðingar hafi haft efasemdir um það að lækkanir skili sér til neytenda við þær markaðsaðstæður sem eru í dag heldur fari fyrir ofan garð og neðan til milliliða.

„Við höfum hins vegar í tvígang gert samsvarandi aðgerðir, annars vegar þegar aðstöðugjaldið var lagt niður og hins vegar þegar við bjuggum til lægra virðisaukaskattsþrepið á matvöruna og það skilaði sér að fullu í vasa neytenda," segir hann og vill ekki nefna neinar tölur í sambandi við lækkun. Hann segir að verið sé að vinna í málinu og ákvörðun verði tekin á þessu ári. ■

„Það lýsir talsverðum styrk í hagkerfinu að þrátt fyrir að inni í þessum áætlunum sé ekki gert ráð fyrir neinum stóriðjuframkvæmdum þá sé um 2,5 prósenta hagvöxt að ræða."

ÁRNI MATTHÍAS MATHIESEN FJÁRMÁLARÁÐHERRA

Fæddur:	2. október 1958 í Reykjavík.
Foreldrar:	Matthías Á. Mathiesen, fv. ráðherra, og Sigrún Þorgilsdóttir Mathiesen
Eiginkona:	Steinunn Kristín Friðjónsdóttir flugfreyja
Börn:	Kristín Unnur (1996) Halla Sigrún (1997) Arna Steinunn (2001)
Menntun:	Stúdent frá Flensborgarskóla 1978 Embættispróf í dýralækningum frá háskólanum í Edinborg 1983 Próf í fisksjúkdómafræði frá Stirling-háskóla 1985
Þingstörf:	Þingmaður Sjálfstæðisflokks frá 1991. Formaður samgöngunefndar 1991
Ráðherraembætti:	Sjávarútvegsráðherra maí 1999 til september 2005 Fjármálaráðherra frá september 2005

Nýr Honda **Civic** er kominn
bíllinn sem þú hélst að væri ljósár í burtu.

Civic ES sjálfskiptur: 2.099.000 kr.

Frumsýnum nýjan Honda **Civic LS**
á Honda-góðu verði:

Sjálfskiptur **1.899.000** kr.

honda.is

Með nýrri og einstakri hönnun frá grunni setur nýr Honda **Civic** áður óþekkta staðla í sínum flokki. Undraverður bíll sem vekur aðdáun hvar sem hann fer, hvort sem fagmennirnir dæma eða við hin. Hönnun að innan og utan, öryggi, tækni, fegurð, afl, hugvit – bara reyndu að muna allt sem gleður og skiptir máli til að uppfylla óskirnar á þínu verði.

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

HER & NÚ / SÍA

* Bíll á mynd er Civic ES

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bílavík, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

Handahlaup á hraðbrautinni

Á ferðalagi um Ekvador bar margt fyrir sjónir heimspekingsins **Klemens Ólafs Þrastarsonar,** þar á meðal fallegasti tollvörður í heimi og indjánadrengir í hellirigningu.

Það er svolítið áfall að lenda í Quito, höfuðborg Ekvador. Fyrst er það líkamlega áfallið þegar út úr loftþrýstri flugvélinni er stigið, því borgin er í um 2.800 kílómetra hæð yfir sjávarmáli. Þessi mikla hæð veldur því að líkaminn virðist hafa bætt á sig eins og tíu kílóum í einni hendingu, mikill þorsti gerir vart um sig og ekki alveg laust við svima. Ferðalangi er snögglega komið í skilning um merkingu orðsins „þyngdarafl“.

Tollverðir taka mér fagnandi og veita mér gringómeðferð í gegn um skoðun. Ekkert nema gott kvöld og allir að þakka fyrir eitthvað. Fallegasti tollvörður sem ég hef séð tekur við passanum og stimplar hann einkar blíðlega með brosi: „bienvenido a Ecuador, senjor“. Ef þetta er þriðji heimurinn vil ég panta harða kreppu og blóðuga byltingu á Íslandi sem fyrst.

Leikvöllur seldra barna

Fyrir utan flugvöllinn er öðruvísi umhorfs. Betlibörn úti um allt að selja nammi, bursta skó og hreinsa bílrúður. Mörg þessara barna munu vera keypt í ársþrælkun fyrir um það bil tíu dollara, segir mér bílstjórinn. Þau eru hér í umsjá „vinnuveitandans“, meðan foreldrarnir bíða heima í sveitinni. Oft láta þó foreldrarnir undan og fylgja með í borgina, til að selja nammi á götunum. Börnin virðast hafa náð að skapa sér sinn eigin heim, því hér fyrir utan sé ég litla indjánadrengi í hellirigningunni skemmta sér við handahlaup á sjálfri hraðbrautinni. Ég minnist á þetta við bílstjórann og hann leiðréttir mig; börnin hafa gefist upp á snakksölu og hafa breytt sér í skemmtikrafta í rigningunni. Lögreglan hinumegin við götuna bendir okkur á að halda áfram veginn.

Við keyrum í óskipulagðri hrúgu ódýrra sjálfsmorðsbíla sem eru að flýta sér framhjá ennþá óskipulegri hrúgum húsa í öllum regnbogans litum. Þetta er heillandi, a.m.k. fyrir Reykvíking. Því er þetta ekki frelsið holdi klætt? Að mega berja sér saman hrörlegan ryðkofa við hlið þriggja hæða glansandi hvítrar bílasölu? Gott að finna stað þar sem í orðinu „borgarskipulag“ felst lítt meira en að skilja götur frá görðum.

Hér er allt morandi í heimatilbúnum heimilum. Hinn fátæki byrjar á því að negla saman einhverju skronsteri sem heldur honum tiltölulega þurrum á nóttinni og bætir svo við sig, eftir því sem efni leyfa. Hér og þar eru meira að segja hálftilbúnar lúxusvillur byggðar utanum einn svona skúr. En þær eru auðvitað undantekningar; fæstir ná því nokkurntíma að tengja rafmagnið.

Með samviskubit í aldingarðinum

Fyrsti morguninn lofar góðu. Á Hótel Viktoríu er morgunmaturinn borinn fram í stórum björtum sal á þriðju hæð og allur veggurinn vestanverður er ein stór rúða. Útsýnið er ekki af verra taginu. Risavaxin pálmatré og kirkjuturnar frá nýlendutímanum, en hér og þar rísa nýtísku háhýsi upp úr draumaheiminum, eins og til að minna á 21. öldina. Smáfuglar syngja þar til haninn galar og yfirgnæfir þá. Á borðinu er ávaxtasafi sem er of góður til að drekka, útskornir melónubitar, papayaávextir og jarðarber, hrærð egg og ótrúlega sæt appelsína, líklega beint úr gróðurhúsi hótelsins. Allt þetta kostar 12 dollara fyrir tvær manneskjur og þykir rándýrt hér um slóðir. Nóg til að kaupa sér barn í eitt ár, hugsa ég, og finn hvernig appelsínan súrnar í munninum.

Á borðinu eru blómin; litrík og falleg. En eitthvað er ekki rétt. Jú, þetta eru alvörublóm og ekki plast! Hálfundarlegt að hugsa til þess að einhver hafi skroppið út í morgun og tínt blóm til að setja hér sem skraut fyrir mig. Ég hefði vel sætt mig við gamla góða plastið og finnst allt í einu eins og ég sé ekki nógu góður til að njóta alls þessa. Eins og ég sé nýlenduherra, sem ekkert gerði til að fá þau völd, nema fæðast í Vestur-Evrópu. Þetta hlýtur að venjast, hugsa ég, þegar „senjornum“ er boðið meira kaffi í mestri auðmýkt og ég rek augun í sirka þriggja kílóa ávöxt sem er að sliga greinina á pálmlegu trénu fyrir utan gluggann. Skýin dragast frá og það fer aðeins að birta í Quito. ■

KLEMENS MEÐ BETLIBÖRNUM Í QUITO Betlibörnin má sjá úti um allt selja nammi, bursta skó og hreinsa í bílrúður.

ANDSTÆÐIR HEIMAR Sums staðar má sjá hvar lúxusvillur rísa í næsta nágrenni við hriplek kofaskrifli.

KEYPT Í ÁRSÞRÆLKUN Sumra barnanna bíða ill örlög því hægt er að kaupa þau í ársþrælkun fyrir um tíu dollara.

NISSAN
X-TRAIL ELEGANCE

NISSAN
SKIPT_um væntingar

TILBOÐSVERÐ / SJÁLFSKIPTUR
2.790.000 kr.

Meðal ótal verðlauna og viðurkenninga:
„Bestur“ – *Fifth Gear*
„Best recreational 4x4“ – *Auto Express*
„Best compact 4x4“ – *What Car?*
„Best in class“ – *Channel 4*
„Best Small Wagon“ – *Overlander Magazine*

RÍKULEGUR STAÐALBÚNAÐUR
17" álfelgur, litað gler, 6 diska geislaspilari, 3 drifstillingar, rafstýrð leðursæti, loftkæling, sjálfskipting, útvarpsfjarstýring í stýri, sóllúga.

Aukahlutapakki að verðmæti 120.000,-
Öllum Nissan X-TRAIL sem keyptir eru í febrúar fylgja vetrardekk og dráttarbeisli
Veiðikortið 2006 fylgir öllum 4x4 Nissan bílum

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00-18.00 og laugardaga kl. 12.00-16.00

Ræsum nýjan **Accord** í dag

Accord Type S 2,4i frá: 2.770.000 kr.

Frumsýnum enn betur búinn **Accord Comfort**
á Honda-góðu verði frá:

2.190.000 kr.

honda.is

Komdu og sannreyndu hvernig spennandi nýjungar gera bílinn, sem kosinn var heimsins besti fjölskyldubíll, enn betri. Kröftug straumlínulöguð hönnunin, fjölstjörnu öryggið, Honda áreiðanleikinn og þægindin hafa aldrei verið meiri. Þú velur þann lúxus og hestöfl sem hentar þinni akrein í lífinu. Og á Honda-góðu verði er engin ástæða til að sætta sig við minna en Honda gæði. Komdu og ræstu þinn Accord.

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

HÉR & NÚ / SÍA

* Bíll á mynd er ACCORD Type S 2,4i ** Besti fjölskyldubíll í heimi : Edmunds.com

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bílavík, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

MAGNÚS GEIR ÞÓRÐARSSON Vill sjá kraftmiklar, sárar og ögrandi sýningar sem hreyfa við fólki en er minna hrifinn af gáfumannaleikhúsi sem á að skilja fólk eftir hugsi.

PEDROMYNDIR/ ÞÓRHALLUR JÓNSSON

Vil láta stinga mig í hjartað

Umbylting hefur orðið á Leikfélagi Akureyrar síðan **Magnús Geir Þórðarson** tók við stjórnartaumunum fyrir aðeins tveimur árum. *Bergsteinn Sigurðsson* ræddi við Magnús um leikhúslífið fyrir norðan.

Það er óhætt að segja að leikárið hafi verið gjöfult hjá Leikfélagi Akureyrar. Í gærkvöldi varð Fullkomið brúðkaup aðsóknarmesta leiksýning félagsins frá upphafi, en hættir á fjölunum til að rýma fyrir Litlu hryllingsbúðinni. Á fimmtudag var Maríubjallan eftir Vassily Sigarev frumsýnd og hafa fyrstu viðbrögð verið lofsamleg. Í dómi sínum í Fréttablaðinu segir Súsanna Svavarsdóttir að „[l]eikhópurinn skili þessu verki af slíkri fagmennsku að unun er á að horfa“. Þessi velgengni er ekki síst merkileg í ljósi þess að fyrir aðeins tveimur árum var Leikfélag Akureyrar í mikilli kreppu.

„Ég þurfti vissulega að hugsa mig tvisvar um,“ segir Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóri um tildrög þess að hann flutti til Akureyrar til að taka við stjórnartaumum Leikfélags Akureyrar. „Leikhúsið var á þeim tíma að vissu leyti komið að endapunkti eins og það var; það hafði gengið mikið á, aðsóknin dalað, það var í listrænum vanda og fjárhagurinn slæmur. Leikfélag Akureyrar á hins vegar glæsta sigra að baki og ég var sannfærður um að það væri hægt að skipta um kúrs. Eftir að ljóst var að leikhúsráðið hefði svipaða framtíðarsýn og ég og var sammála um að róttækar breytingar væru nauðsynlegar ákvað ég að taka slaginn og flutti norður. Ég vissi að þetta væri spennandi verkefni.“

Sársaukafullt en nauðsynlegt

Magnús tók við starfi leikhússtjóra í apríl 2004, í lok leikársins og gekk hratt til verka. „Ásamt Ingibjörgu, þáverandi framkvæmdastjóra, hrundum við miklu breytingarferli af stað. Það fyrsta sem við gerðum var að móta nýja stefnu þar sem við byrjuðum á grunninum og spurðum: Hvernig leikhús viljum við og fyrir hvern? Í framhaldinu fór mikið ferli í gang sem stóð næstu níu mánuði, þótt lunginn af vinnunni hafi farið fram á fyrstu þremur mánuðunum. Við breyttum um áherslur í verkefnavali og ráðningum leikara, reksturinn var stokkaður upp og fastur kostnaður minnkaður með það að markmiði að sem mest fé nýttist í listina.“

Magnús segir að vissulega hafi þetta ferli verið erfitt, sérstaklega þar sem það þurfti að segja upp fólki. „Þetta voru sársaukafulllar breytingar og að því leyti var gott að koma að þessu að utan, því það hefði verið mun erfiðara hefði ég verið of tengdur fólkinu sem var hér fyrir. Með því að koma utan að gat ég gengið kalt í málið og gert þær breytingar sem við töldum nauðsynlegar til að ná tilskyldum markmiðum. Á þessum tímapunkti var ekki um annað að ræða en að endurskoða alla starfsemi leikhússins.“

Búið í haginn

Leikárið í ár er það fyrsta sem er algjörlega mótað af hinni nýju stefnu og segir Magnús það hafa gengið vel og farið fram úr væntingum. Þótt enn eigi eftir að frumsýna Litlu hryllingsbúðina, er ljóst að leikárið verður það aðsóknarmesta í sögu Leikfélags Akureyrar frá upphafi.

„Við eru afskaplega ánægð með hvað það hefur tekist vel til, andinn hjá starfsfólkinu hefur verið frábær og áhorfendur og gagnrýnendur hafa tekið okkur mjög vel. Leiksýningarnar virðast hafa hreyft við fólki og það er ekki hægt að biðja um mikið meira. Það sem mér þykir vænst um er að það virðist hafa tekist að laða ungt fólk í leikhús því meðalaldur leikhúsgesta hefur hríðlækkað. Við leggjum áherslu á að sinna yngra fólki og nýjum leikhúsáhorfendum og miðum við að sýna ný eða nýleg leikrit. Við fengum Landsbankann í lið með okkur til að niðurgreiða áskriftarkort fyrir 25 ára og yngri og fyrir vikið er helmingur áskriftarkorthafa 35 ára eða yngri, og ég held það sé óhætt að fullyrða að það sé með því lægsta sem þekkist. Þegar við lítum til baka í framtíðinni er ég viss um að þetta sé það sem mun standa upp úr, því með nýjum leikhúsgestum er búið í haginn fyrir framtíðina.“

Að hreyfa við fólki

Magnús er leikstjóri að mennt, lærður á Bretlandi, og hefur starfað sem slíkur í atvinnuleikhúsi undanfarinn áratug, en hann kveðst ekki síður hafa ánægju af leikhússtjórn. „Í auknum mæli myndi ég segja. Ég er leikhúsmaður af lífi og sál og fæ mikla útrás sem leikstjóri. Æfingaferlið er afar gefandi sem og að upplifa sýninguna að því loknu. Hvað leikhússtjórn snertir þarf að hugsa hlutina í stærra samhengi. Það tekur nokkra mánuði að setja upp eitt leikrit, svo tekur næsta verkefni við. Í leikhússtjórn þarf að spyrja: Hvar stöndum við núna og hvar viljum við vera eftir eitt ár, eða tíu, og marka stefnuna eftir því. Hluti af starfi mínu hér fyrir norðan er líka að leikstýra og mér finnst mikil forréttindi að fá að blanda þessu tvennu saman.“

Hann minnir á að þegar öllu er á botninn hvolft vinni leikhússtjórinn og leikstjórinn að sama markmiðinu. „Tilgangurinn er auðvitað að bjóða upp á leikhús sem snertir og hreyfir við fólki; að skapa þessa stund þar sem fólk gleymir stað og stund. Þar liggja hugsjónirnar. Þær afsaka hins vegar ekki reksturinn er lausbeislaður og það er eðlilegt að sú krafa sé gerð að leikhús sem eru rekin að miklu leyti fyrir almannafé séu rekin vel. Gott leikhús á að reka eins og gott fyrirtæki, ramminn þarf að vera skýr en innan hans hafa listamennirnir mikið frelsi.“

Tilgangurinn er auðvitað að bjóða upp á leikhús sem snertir og hreyfir við fólki; að skapa þessa stund þar sem fólk gleymir stað og stund. Þar liggja hugsjónirnar. Þær afsaka hins vegar ekki reksturinn og það er eðlilegt að sú krafa sé gerð að leikhús sem eru rekin að miklu leyti fyrir almannafé séu rekin vel.

Regluleg togstreita

Magnús segir að vissulega myndist togstreita milli listamannsins og rekstrarþáttarins. „Ég upplifi það reglulega. En það er hægt að láta þetta vegast á og finna bestu lausnina sem samræmir þetta tvennt. Við höfum hins vegar komið því svo fyrir að þótt leikhússtjóri beri ábyrgðina, hefur framkvæmdastjóri fengið meira vægi og völd yfir daglegum rekstri. Það er ágætt að dreifa þessu þannig að pólarnir sem togast á séu ekki inni í sama manninum.“

Verkefnavalið er flókið ferli og þar getur líka verið togstreita. „Þar eru svo ótal margar breytur sem koma inn í. Grunnurinn er auðvitað að finna verk sem maður heillast af og maður hefur trú á að eigi erindi og snerti við fólki. En þau þurfa líka að henta leikhópnum, falla innan fjárhagsrammans og síðast en ekki síst þarf maður að hafa trú á að þau veki áhuga væntanlegra leikhúsgesta. Að sjálfsögðu er ekki sama markmiðið með hverju verkefni. Eitt er hugsað til að uppfylla ákveðin markmið og annað til að uppfylla önnur. Oft er sárt að horfa á eftir verkum sem maður heillast af en falla ekki saman við önnur verkefni. Leikár er eins og litróf og maður vill ekki að öll verkin séu í sama litatóni. Og svo er auðvitað fullt af leikritum sem mann dauðlangar að leikstýra en henta leikhúsinu ekki, á þessum tímapunkti að minnsta kosti.“

Vantar áhættu

Talið berst að íslensku leikhúsi – kostum þess og göllum – og Magnúsi finnst það býsna gott í það heila. „Íslenskt leikhús er frekar fágað og vandað, en það er helst að menn eru stundum hræddir við að taka áhættu. Fyrir vikið hættir því til að detta niður í meðalmennsku og miðjumoð. Það helgast kannski af því að við erum lítil þjóð. Sýningar sem eru á jaðrinum höfða kannski til of lítils hóps til að þær gangi. Þar kemur jafnvægislist leikhússtjórans inn í; hann þarf hugsa hvert markmiðið er með hverju verki og hvernig það passar á móti öðrum sýningum og gæta þess að hafa þau ekki öll í sama litatón. En við eigum frábæra listamenn og þegar best lætur er íslenskt leikhús á heimsmælikvarða.“ Hann saknar helst að sjá ekki meira dansleikhús hér á landi. „Það væri afskaplega heilbrigt og gott að fá fleiri gestasýningar erlendis frá. Okkur langar að bjóða erlendum gestasýningum hingað norður, en fjárráðin leyfa það bara ekki eins og er.“

Sjálfur kveðst Magnús vera alæta á leikhús, en heillast mest af því sem hann kallar tilfinningaleikhús. „Ég vil sjá kraftmiklar, sárar og ögrandi sýningar sem hreyfa við mér. Ég er minna hrifinn af gáfumannaleikhúsi þar sem maður rekur nefið upp í loft, setur sig í gáfumannalegar stellingar og ræðir þær spekingslega. Ég vil láta stinga mig í hjartað.“ ■

ÁSBJÖRN ÓLAFSSON EHF.

VEGNA FLUTNINGA:

LAGERSALA

ALLSHERJAR

SÍÐASTA HELGIN!

FELLSMÚLA 28 (GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)

Ótrúlegt úrval af heimilisvörum á ævintýranlegu verði!

Búsáhöld, matvörur, gjafavörur, sælgæti, matarstell, eldhúsáhöld, pottar, hnífapör, glös, stígvél, leikföng og margt fleira!

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN!

20-50% aukaafsláttur af öllum sérvörum!
50% aukaafsláttur af öllum matvörum!
30% aukaafsláttur af öllu sælgæti!

NAMMIDAGAR!

Laugardagar og sunnudagar eru nammidagar hjá okkur....öll börn fá gefins nammi um helgar.

LUKKUHJÓLIÐ

Allir sem versla fyrir meira en 10.000 krónur fá að snúa lukkuhjólinu og geta unnið glæsilega vinninga – *Engin núll!*

Opið alla daga frá 11-19

7 MP & BH · MÓTA FYRIR · VONDUR · VÆLA · FISKA / SAMTÖK · RÖÐ · FYRIR INNAN

KAUP / KVK GÆLUNAFN

TVEIR EINS / SKORDÝR / ÞRÍFAST VEL · ÓNEFNDUR / RIST · SVÍKJA / HAMFLETTA

KJAMSA · KUSK · HAFÐIR Í HYGGJU · LÁT / FLUGUEGG · VASAST / HÁRS

SLJÓVGA · HRÆDDUR · SLÆMA / HALD

FYRIRMYND / UPPHRÓPUN / KLAFI · TOGA · SMÁFISKA · LJÓMI · KÆRLEIKUR / DRASL

LÁÐS / BARRTRÉ · HEILAR / ÞURRKA ÚT · SKAMMSTÖFUN / SMÖLUN Á AFRÉTTI

EINSÖNGUR / ÓHREINKA · LÆGSTA HITASTIG / LEYFI · HANKI

FARA DJÚPT / NÖLDRA · FLJÓT · ARR · SÆTI / Á BRAUÐ

HRÆFUGL / MINNKA · ANDINN · SKRIFA ILLA

PÚL / SMÁPENINGAR · RANGL · Í RÖÐ / FÆÐA · Á FÆTI / FLJÓTFÆRNI · ÓSIGUR / TEL ÚR

ÚÐI · HLJÓÐFÆRI / KLUKKA · GELT / GUÐ

FRAMKVÆMIR / EINN

MJÖG · SÍA · FYRSTUR

allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ



SVEIGJANLEGUR VINNUTÍMI

Starfsfólki íslenskra fyrirtækja býðst í auknum mæli að velja sinn vinnutíma.

ATVINNA 2

STÖRF Í BOÐI

- Löglærður fulltrúi
- Næturvaktastarfsmaður
- Hjúkrunarforstjóri
- Lögfræðingur
- Verkstjórar
- Vélamenn
- Sölu- og markaðsfulltrúi
- Grunnskólakennarar
- Leikskólakennarar
- Safnfræðslufulltrúi
- Eftirlitsmaður
- Forritari
- Sölufulltrúi
- Lífeyris- og tryggingaráðgjafi
- Lyfjafræðingar
- Deildarstjóri
- Grafískur hönnuður

GÓÐAN DAG!

Í dag er sunnudagurinn 19. febrúar, 50. dagur ársins 2006.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	9.10	13.42	18.14
Akureyri	9.01	13.26	17.52

Heimild: Almanak Háskólans

Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

Björg Haraldsdóttir, geðsjúkraliði, er einstaklega ánægð í starfi sínu sem verkefnastjóri Vinjar, athvarfs fyrir geðfatlaða. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Óendanlegur mannauður

Björg Haraldsdóttir vinnur í Vin, athvarfi fyrir geðfatlaða. Þar segist hún kynnast öllum hliðum einstaklingsins.

Björg er menntuð geðsjúkraliði en hún lærði í Svíþjóð og er verkefnstjóri Vinjar sem Rauði kross Íslands rekur. „Starf mitt felst í daglegum rekstri athvarfsins, sem er allt frá því að hella upp á kaffi og að vera með fræðslu.“ Björg hefur unnið í Vin frá því að athvarfið opnaði fyrir þrettán árum.

Athvarfið hélt nýlega upp á afmæli sitt og var þá mikið um dýrðir. „Hér var menningardagskrá sem fólkið í athvarfinu stóð fyrir. Meðal annars voru lesin upp ljóð á latínu sem svo voru þýdd yfir á íslensku.“

Björg segir að það sé einmitt þessi auður sem gerir starfið svo skemmtilegt. „Hingað kemur fólk sem er svo yndislegt og mannauðurinn er óendanlegur. Að fá að auðga líf þeirra sem hingað koma gefur manni líka svo mikið.“ Björg bætir við að starfið sé mjög fjölbreytt og margt skemmtilegt sem fylgi því. Í athvarfinu er meðal annars starfræktur mjög virkur ferðaklúbbur sem fór í alls þrjár utanlandsferðir á síðasta ári.

Björg segir hins vegar að starfið sá á tíðum mjög krefjandi. „Stundum mætir fólk harmleikjum lífsins og ég hef tekið þátt í lífsbaráttu fólks sem hefur það mjög erfitt. Partur af okkar skjólstæðingum er heimilislaus, býr í gistiskýlum og er kannski bæði með geðsjúkdóm og í fíkniefnaneyslu.“ Björg segir að töluverð breyting til batnaðar hafi orðið á málefnum geðfatlaðra á undanförnum áratug. Stjórnvöld hafa verið að vakna til lífsins en betur má ef duga skal. Björg bendir á það að margir skjólstæðingar athvarfsins lifi langt undir fátækramörkum.

Almennt er Björg þó afar ánægð í sinni vinnu. Eins og annars staðar í lífinu segist Björg læra margt nýtt, dag hvern í vinnunni. „Starfið hefur bæði sýnt mér það góða í fólki og það sem ekki er alveg eins gott,“ segir Björg að lokum með bros á vör.

steinthor@frettabladid.is

REYKJANESBÆR

Tjarnargötu 12 • Póstfang 230 • S: 421 6700 • Fax: 421 4667
reykjanesbaer@reykjanesbaer.is

LAUSAR STÖÐUR
LEIKSKÓLINN HOLT

Vegna fjölgunar barna í leikskólanum Holti eru þrjár 100% stöður lausar frá 1. mars nk.

Leikskólinn býr við þá sérstöðu að vera staðsettur í fögru umhverfi sem býður upp á afar skemmtilega möguleika hvað varðar útivist og vettvangsferðir jafnt sumar sem vetur. Í leikskólanum er lögð áhersla á tónlistaruppeldi og eru elstu börnin staðsett í Akurskóla sem liggur að lóð leikskólans.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Helgadóttir leikskólastjóri, í síma 421 6100 og Helga Jóhanna Oddsdóttir starfsþróunarstjóri í síma 421 6700.

Laun skv kjarasamningi LN og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknir berist starfsmannaþjónustu Reykjanesbæjar,Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbæ fyrir 27. febrúar nk. Einnig er bent á rafræn umsóknareyðublöð á upplýsingavef Reykjanesbæjar; *reykjanesbaer.is.*

Starfsþróunarstjóri

Fræðslusvið ••• reykjanesbaer.is



Álið er málið

Er ekki málið að sækja um sumarstarf hjá Alcan í Straumsvík fyrir 3. mars

Viltu starfa á fjölbreyttum vinnustað og tilheyra skemmtilegum hópi starfsmanna í sumar? Við hvetjum við þig til að sækja um hjá okkur. Við ætlum að ráða 120 ábyrga einstaklinga af báðum kynjum til ýmissa starfa á tímabilinu 15. maí til 1. september, eða eftir samkomulagi.

Við leitum að **heiðarlegu, duglegu og traustu fólki** og leggjum áherslu á samvinnu og hæfni í mannlegum samskiptum. Allt nýtt starfsfólk fær markvissa **þjálfun** í upphafi starfstíma, hvort sem það ræðst til starfa í kerskálum, steypuskála, mötuneyti, ræstingum eða annars staðar.

Umsækjendurnir þurfa að vera orðnir **18 ára** eða verða það á árinu.

Margir sumarstarfsmenn munu vinna á þrískiptum **8 klst.** vöktum þar sem unnar eru **6 vaktir** á 5 dögum með **5 daga vaktafríi** á milli. Einnig verður ráðið sumarstarfsfólk sem mun vinna eftir öðru fyrirkomulagi.

ALCAN

Alcan á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðu-hvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar. Við setjum umhverfis-, öryggis- og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið og samfélagið sem við erum hluti af.

Hægt er að sækja um á heimasíðu okkar, www.alcan.is, eða senda útfyllt umsóknareyðublað til Alcan á Íslandi, pósthólf 244, 222 Hafnarfirði.

www.alcan.is

Sumarvinna er ungu íslensku fólki mikilvæg. Þeir sem vilja fá góða vinnu í sumar ættu að fara að huga að því að sækja um hvað úr hverju.

Innsæi leiðir til betri ákvarðana

Nýjasta hefti af Harvard Business Review er helgað þeim ferlum sem verða við daglega ákvarðanatöku og hvernig stjórnendur ættu að vera óhræddir við að beita innsæi sínu við ákvarðanatöku.

Stjórnendur eru nú farnir að beita innsæinu meira við ákvarðanatöku en áður hefur verið gert. Rannsóknir sýna að innsæis-ákvarðanir séu oft betri á en þær sem teknar eru að vel hugsuðu máli.
FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Í nýjasta hefti af Harvard Business Rewiew er tekið á ýmsum málum tengdum ákvarðanatöku. Í einni grein blaðsins var sérstaklega rætt um innsæi í ákvarðanatöku.

Þegar ákvörðun er tekin er hægt að byggja hana ýmist á innsæi eða á rökhyggju og stundum er ekki augljóst á hvoru hún er byggð. Kenningar Malcolms Gladwells hafa verið vinsælar á þessari öld en hann heldur því fram að skyndiákvarðanir byggðar á innsæi geti oft á tíðum verið betri en þær ákvarðanir sem hafa lengi verið til skoðunar og hver möguleiki um afleiðingu hefur verið rannsakaður til hlítar.

Innsæið er því nýja stefnan sem stjórnendur eru að taka í ákvarðanatöku og þar með er horfið frá kenningum um rökhyggju, smáskrefakenningum eða þeirri heimspekilegu aðferð að leyfa hlutunum að gerast eins og þeim var ætlað að gerast.

En þegar innsæið ræður för við ákvarðanatöku þá geta ákvarðanir oft verið andstæðar því sem skynsemin segir okkur. Ákvarðanir teknar af innsæi eru oftar en ekki teknar undir tímapressu þegar ekki gefst tími til að vega og meta alla fleti málsins eða til að sýna þá skynsemi að rannsaka málið ofan í kjölinn. Góðir stjórnendur líta aldrei framhjá upplýsingum sem geta gagnast þeim við ákvörðunartöku en stjórnendur eru nú betur í stakk búnir til að reiða sig á innsæið og eðlishvötina. Rannsóknir hafa sýnt að innsæið geti auðveldlega skilað bestu útkomunni og því ættu hvorki stjórnendur né undirmenn að vera hræddir við að láta innsæið ráða för.

Þeim sem vilja lesa greinarnar í heild sinni er bent á http://harvardbusinessonline.hbsp.harvard.edu eða á www.vr.is þar sem finna má ýmsa útdrætti úr blaðinu.

Launahækkanir framundan

Sveitarfélög geta nú hækkað laun starfsmanna sinna umfram gildandi kjarasamninga.

Leikskólastarfsmenn á lægstu launum geta átt von á hækkun.

Sveitarfélögin í landinu hafa fengið leyfi launanefndar sinnar til að hækka laun félagsmanna innan Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sem samið hafa um starfsmat, sem og þeirra sem eru í Félagi leikskólakennara. Samkvæmt heimildinni geta sveitarfélögin ákveðið tímabundnar launahækkanir, ýmist í formi þess að flýta þegar umsömdum hækkunum, bæta við launaflokkahækkunum eða með mánaðarlegum eingreiðslum.

Heimildin til hækkunar launa leikskólakennara gildir til loka september 2006 en hinna sem eru í ASÍ eða BSRB til loka samningstímabilsins 30. nóvember 2008. Ef sveitarfélögin ákveða að nýta sér þessa heimild mun það fela í sér sérstaka hækkun lægstu launa.

Heimild: www.asi.is

Ný tækni flýtir fyrir mjöltum

Fyrsta mjaltahringekja landsins var tekin í notkun á Hrafnagili í Eyjafjarðarsveit nýlega.

Nú tekur aðeins eina og hálfa til tvær klukkustundir að mjólka 130 kýr.

Bændur eins og aðrir tileinka sér stöðugt nýja tækni til að létta sér störfin og auka hagræðinguna. Fyrir skömmu var nýr mjaltabúnaður tekinn í notkun á Hrafnagili í Eyjafirði. Það er mjaltahringekja og með henni er hægt að mjólka hvorki meira né minna en 30 kýr í einu. Á Hrafnagili eru 160 kýr og þar af eru 130 mjólkandi. Mjaltirnar taka nú ekki nema eina og hálfa til tvær klukkustundir í senn og eru bændurnir, þeir Grettir og Jón Elfar Hjörleifssynir hæstánægðir með búnaðinn.

Af vefnum www.bondi.is

Hjá deCode er sveigjanlegur vinnutími.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sveigjanlegur vinnutími í nútímasamfélagi

Í auknum mæli býðst starfsfólki íslenskra fyrirtækja að haga vinnutíma sínum eftir eigin óskum eða jafnvel vinna heiman frá sér að hluta til eða öllu leyti.

Fjarvinna getur gert starfsmönnum kleift að eyða tíma með fjölskyldunni, jafnvel þótt þeir séu í vinnunni.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES/NORDICPHOTOS

Hver kannast ekki við hina ævafornu staðalímynd um konuna sem er heima með börnin og karlinn sem vinnur myrkranna á milli? Í dag þykir eitt og annað athugavert við þetta fyrirkomulag og má í raun segja að það hafi fallið um sjálft sig þegar konur þustu út á vinnumarkaðinn og sjá nú fjölskyldum sínum farborða til jafns við karlana. Jafnvægi heimilis og vinnu fór úr skorðum og sá tími sem foreldrar eyddu með börnum sínum fór ört minnkandi. Nú er komið að því að snúa vörn í sókn, meðal annars með úrræðum á borð við sveigjanlegan vinnutíma og fjarvinnu.

Það liggur í augum uppi að möguleikarnir eru mjög misjafnir milli starfsstétta. Starfsmenn í þekkingariðnaði búa við allt aðra möguleika en húsasmiðir. Að frumkvæði Evrópuráðs hefur verið samþykktur rammasamningur um fjarvinnu sem aðilum vinnumarkaðsins er uppálagt að taka tillit til. Ragnar Árnason, forstöðumaður vinnumarkaðssviðs Samtaka atvinnulífsins, segir samninginn meðal annars ætlaðan til að starfsfólk geti farið heim til sín á skikkanlegum tíma. Sé eitthvað eftir megi vinna það heiman frá seinna um kvöldið, t.d. þegar börnin á heimilinu eru farin að sofa. Viðmiðunin sé þó enn venjuleg vinnuvika. „Fjarvinna getur líka farið þannig fram að starfsmaður vinni starf sitt að hluta til eða að öllu leyti heiman frá sér að staðaldri. Þetta er vel þekkt fyrirkomulag," segir Ragnar og bætir við að nokkurs misskilnings gæti um hvað geti talist til fjarvinnu. „Þegar störf eða stofnanir eru til dæmis fluttar á milli landshluta eða jafnvel landa er ekki um eiginlega fjarvinnu að ræða, jafnvel þótt aðalstarfsstöð fyrirtækisins sé annars staðar. Þá er eingöngu um að ræða flutning verkefna."

Það hefur ekki bara ávinning í för með sér fyrir starfsmenn að vinna heima, heldur geta fyrirtæki sparað umtalsverðar fjárhæðir því ekki þarf dýrt skrifstofuhúsnæði undir starfsfólkið.

Hjá Íslenskri erfðagreiningu er ekki lögð áhersla á fjarvinnu. Þess í stað er boðið upp á sveigjanlegan vinnutíma þar sem því verður viðkomið. „Hér er engin stimpilklukka," segir Eiríkur Sigurðsson, kynningarstjóri Íslenskrar erfðagreiningar. „Það er auðvitað mismunandi eftir störfum hversu mikill sveigjanleikinn getur verið. Starfsmenn við símavörslu geta til dæmis ekki allir verið fjarverandi í einu. Á hinn bóginn er sama á hvaða tíma dags líffræðilegar tilraunir eru gerðar. Aðalatriðið er að fólk skili sinni vinnu. Einstaka sinnum þarf að vinna á kvöldin og um helgar en á móti kemur þessi sveigjanleiki."

Sveigjanlegur vinnutími gefur starfsmönnum ákveðið frelsi til að haga vinnudegi eftir þörfum.

Frá stofnun fyrirtækisins hefur verið lögð áhersla á vellíðan starfsmanna og samkvæmt starfsmannakönnun er mikil ánægja með það hvernig komið er til móts við starfsmenn hvað varðar vinnutíma. „Starf okkar byggir mikið á sköpunargleði og áhuga starfsmanna. Því getur skipt miklu að bjóða upp á þennan möguleika. Reynslan sýnir okkur reyndar að flestir vinna sína vinnu milli klukkan átta og hálfsex á daginn. Það er eðlilegt og nauðsynlegt fyrir starfsfólkið að hittast og bera sig saman og flestir kjósa þennan tíma," segir Eiríkur.

Í opinbera geiranum er líka keppst við að ná auknu jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Í starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar er sérstaklega kveðið á um að starfsmenn skuli fá notið sveigjanleika í starfi þar sem því verður við komið. Einnig er lögð áhersla á að karlar jafnt sem konur geti minnkað við sig vinnu tímabundið vegna fjölskylduaðstæðna, verið heima hjá veikum börnum og gegnt hlutastarfi þegar aðstæður leyfa.

„Nýlega var gerð könnun hjá starfsfólki í Ráðhúsi Reykjavíkur. Þar kom fram að starfsmenn telja sig njóta sveigjanlegs vinnutíma," segir Halldóra Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri jafnréttisnefndar Reykjavíkurborgar.

„Borgin tók líka þátt í fjölþjóðlegu verkefni sem fékk íslenska heitið Hið gullna jafnvægi. Verkefnið miðaði að því að þróa starfsmannastefnu sem mætt gæti óskum starfsmanna um betra jafnvægi milli einkalífs og starfs og þörf fyrirtækjanna sjálfra fyrir betri nýtingu á mannauðnum. Verkefninu lauk um áramótin og nú er verið að vinna úr niðurstöðunum," segir Halldóra að lokum.

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
Lausar stöður

Arnarberg (555 3493 arnarberg@hafnarfjordur.is)
Þroskaþjálfi
Hlíðarberg (565 0556 hlidarberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar
Hlíðarendi (555 1440 hlidarendi@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar
Kató (555 0198 kato@hafnarfjordur.is)
Skilavaktir
Víðivellir (555 2004 vidivellir@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar
Almennt starfsfólk
Hraunvallaskóli (590 2800 einar@hraunvallaskoli.is)
Skólaliði (100%)
Setbergsskóli (565 1011 gudosk@setbergsskoli.is)
Skólaliði
Víðistaðaskóli (595 5800 sigurdur@vidistadaskoli.is)
Ensku- og samfélagsfræðikennsla
Stuðningsfulltrúi
Öldutúnsskóli (555 1546 herla@oldutunsskoli.is)
Skólaliði

Allar upplýsingar veita skólastjórar viðkomandi skóla.
Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **sima 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

Samgönguráðuneytið

Lögfræðingur

Samgönguráðuneytið óskar eftir að ráða lögfræðing með embættispróf eða meistarapróf í fullt starf á skrifstofu fjarskipta og öryggismála.

Meginhlutverk skrifstofunnar er annars vegar að móta stefnu og aðgerðir sem fela í sér ódýr, örugg og aðgengileg fjarskipti og hins vegar að stuðla að öruggum samgöngum og fækkun slysa.

Helstu verkefni verða þátttaka og mótun stefnu og leikreglna í umferðar- og flugöryggismálum, bæði með áætlanagerð og samningu lagafrumvarpa og annarrar stjórnsýslu, þ.á.m. vegna EES-samningsins. Gerð er krafa um færni í íslensku og ensku í ræðu og riti.

Umsóknarfrestur er til 27. febrúar 2006. Laun verða samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra. Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurbergur Björnsson, skrifstofustjóri í síma 545 8200.

Umsóknir berist til: Samgönguráðuneytið, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík eða á netfang: postur@sam.stjr.is.

CCP AUGLÝSIR EFTIR VEFFORRITURUM

CCP leitar að vefforriturum til starfa sem fyrst. Umsækjendur þurfa að hafa áhuga á að takast á við krefjandi verkefni. Störfin felast í hönnun og útfærslu á vefjum og kerfum tengdum tölvuleikjum fyrirtækisins.

Sr. VEFFORRITARI

Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Þekking á HTML, CSS, ASP / ASP.NET og JavaScript
- Þekking á T-SQL og almennum gagnagrunnsfræðum
- B.Sc. próf í tölvunarfræði er kostur en ekki skilyrði
- Reynsla og þekking af útfærslu á fjölsóttum vefkerfum er kostur
- Góð enskukunnátta, bæði tal- og ritmál

Með umsókn skal fylgja:

- Ferilsskrá
- Stutt greinagerð um reynslu af vefforritun
- Hvers vegna umsækjandi telur sig henta í starfið

Jr. VEFFORRITARI

Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Góð þekking á HTML og CSS
- Reynsla af vefforritun í ASP og ASP.NET
- Gott auga fyrir hönnun og Photoshop kunnátta er kostur
- Góð enskukunnátta, bæði tal- og ritmál

Með umsókn skal fylgja:

- Ferilsskrá
- Stutt greinagerð um reynslu af vefforritun
- Hvers vegna umsækjandi telur sig henta í starfið

Umsjón með starfsumsóknum hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar@img.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildursif@img.is) hjá Mannafli-Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 26. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Mannafls-Liðsauka, www.mannafl.is

CCP

VERSLUNARHÚSNÆÐI ÓSKAST
- til leigu eða kaups!

Fjársterkur aðili leitar að 800-1500fm verslunarhúsnæði til leigu eða kaups í Reykjavík. Húsnæðið þarf að vera til afhendingar á tímabilinu 1. mars 2006 til 1. janúar 2007.

Upplýsingar í síma 846-1993.

Veitum persónulega og faglega þjónustu á sviði ráðninga

...framtíðin er ráðin

RÁÐNINGAR ÞJÓNUSTAN

www.radning.is
Háaleitisbraut 58-60 • Sími: 588 7700
www.radning.is • radning@radning.is

Sölustjóri - Byggingavörur

MEST óskar eftir að ráða dugmikinn og drífandi einstakling í starf sölustjóra byggingavara. Starfið felst í sölu- og vöruumsjón með öllum þeim lausnum sem eru í byggingavörudeild MEST. Þessar lausnir eru meðal annars byggingakranar, steypumót, bílskúrshurðir, gluggar, stálgrindarhús og gámahús. Sölustjóri vinnur sem hópstjóri yfir söluráðgjöfum og vinnur að vöruþróun.

Sölustjóri - Hellur & Garðeiningar

MEST óskar eftir að ráða dugmikinn og drífandi einstakling í starf sölustjóra hellna & garðeininga. Starfið felst í sölu- og vöruumsjón með garðlausnum MEST. Þessar lausnir eru meðal annars hellur, steinar, skrautsteinar, garðljós, kantbekkir og blómaker. Sölustjóri vinnur sem hópstjóri yfir söluráðgjöfum og vinnur að vöruþróun.

Hæfniskröfur:
- Frumkvæði
- Jákvætt viðmót og þjónustulipurð
- Hæfni í teymisvinnu
- Metnaður til árangurs.

Menntun og reynsla.
- Stjórnunarreynsla æskileg
- Reynsla af sölustörfum nauðsynleg
- Reynsla af byggingamarkaði æskileg

MEST er eitt öflugasta fyrirtæki landsins á byggingamarkaði. Nafnið endurspeglar styrk þess og djarfa framtíðarsýn. MEST er framsækið framleiðslu- og þjónustufyrirtæki sem hefur það markmið að bjóða viðskiptavinum sínum verðmætar heildarlausnir. Traust og persónuleg þjónusta eru aðalsmerki MEST þar sem áhersla er lögð á einföld og þægileg samskipti. Hjá MEST starfa 160 manns á 5 starfsstöðum. Við hjá MEST leggjum áherslu á krefjandi og skemmtilegt starfsumhverfi hjá öllu okkar starfsfólki.

mest
– allt til bygginga

Umsóknum ásamt ferillýsingu sendist fyrir föstudaginn 24.febrúar 2006 á skrifstofu MEST að Malarhöfða 10, 110 Reykjavík eða tölvupósti á netfangið: hrafnhildurh@mest.is. Fyrirspurnum svarar Hrafnhildur í síma 4 400 400.

KÓPAVOGSBÆR

LAUS STÖRF

Bókasafn Kópavogs:
- Deildarstjóri þjónustudeildar

Félagsþjónusta Kópavogs:
- Aðstoð við heimilisstörf
- Félagsleg heimaþjónusta
- Starf á sambýli aldraðra Skjólbraut
- Störf við liðveislu

Íþróttamiðstöðin Versalir:
- Laugar/baðvarsla karla 100% starf
- Baðvarsla kvenna 100% starf
- Baðvarsla karla 85% starf

GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

Digranesskóli:
- Gangavörður/ræstir

Hjallaskóli:
- Danskennari
- Stundakennari í forföll

Kársnesskóli:
- Gangavörður/ræstir 50% starf

Kársnesskóli íþróttahús:
- Baðvarsla stúlkna

Kópavogsskóli:
- Íþróttakennari

Lindaskóli:
- Smíðakennari

Snælandsskóli:
- Matráður 100%

Smáraskóli:
- Forfallakennari í stundakennslu

LEIKSKÓLAR KÓPAVOGS:

Álfaheiði:
- Matráður

Álfatún:
- Deildarstjóri, sérkennslustjóri, leikskólasérkennari eða þroskaþjálfi, ræstingarstarf

Dalur:
- Leikskólakennari, matráður, starfsmaður í eldhús, kennari í listaskála

Fagrabrekka:
- Sérkennslustjóri

Fífusalir:
- Deildarstjóri, leikskólasérkennari eða þroskaþjálfi

Grænatún:
- Leikskólakennari

Kópasteinn:
- Leikskólasérkennari eða þroskaþjálfi

Marbakki:
- Aðstoð í eldhús

Núpur:
- Leikskólakennari

Rjúpnahæð:
- Leikskólakennari

Smárahvammur:
- Leikskólasérkennari

KYNNIÐ YKKUR BETRI KJÖR Í KÓPAVOGI

Nánari upplýsingar á:
www.kopavogur.is
og *www.job.is*



Hveragerði

Rótgróin tannlæknastofa í Hveragerði óskar eftir starfskrafti í 50% starf. Umsóknir sendist á netfangið thorsman@simnet.is.

Iðntæknistofnun vinnur að þróun, nýsköpun og aukinni framleiðni í íslensku atvinnulífi. Á stofnuninni fara fram rannsóknir, greiningar, prófanir, tækniyfirfærsla, fræðsla og ráðgjöf. Frumkvöðlum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum eru veittar almennar upplýsinar og leiðsögn. Áhersla er lögð á náin tengsl við atvinnulífið.

Vistvænt eldsneyti - Umhverfismál

Efnis- og umhverfistæknideild Iðntæknistofnunar óskar að ráða starfsmann til starfa ***á sviði vistvæns eldsneytis og umhverfismála***.

Í boði er fjölbreytt starf í góðum hópi við ráðgjafarverkefni og rannsókna- og þróunarverkefni, bæði innlend og erlend. Helstu verkefni eru í tengslum við vistvæna orkugjafa/orkubera svo sem vetni, verkefni á sviði örtækni, vistferilgreininga (LCA) og vistvænnar vöruþróunar. Starfsmaðurinn vinnur í nánum tengslum við fyrirtæki og sérfræðinga innan og utan stofnunarinnar. Starfið krefst frumkvæðis og sjálfstæðra vinnubragða.

Umsækjendur þurfa að vera með háskólamenntun á sviði efnaverkfræði, umhverfisverkfræði, eðlisfræði eða sambærilega menntun. Æskilegt er að umsækjandi hafi masters- eða doktorspróf eða hliðstæðar prófgráður.

Nánari upplýsingar veitir ***Ingólfur Þorbjörnsson*** forstöðumaður efnis- og umhverfistæknideildar í síma ***570 7172*** eða í tölvupósti á ***ingo@iti.is***.

Hvatt er til umsókna frá konum jafnt og körlum. Umsóknir berist Iðntæknistofnun ***fyrir 1. mars*** næstkomandi. Öllum umsóknum verður svarað.

Umsóknir skulu vera merktar
Efnis- og umhverfistækni,
b.t. Ingólfs Þorbjörnssonar,
Iðntæknistofnun,
Keldnaholti,
112 Reykjavík

Iðntæknistofnun

VOGAR FÆRAST Í VÖXT

BÆJARTÆKNIFRÆÐINGUR / BÆJARVERKFRÆÐINGUR

Nýtt og áhugavert 100% starf bæjartæknifræðings/bæjarverkfræðings, er laust til umsóknar í Vogum.

Starfið innifelur m.a.:
- Gerð lóðablaða, stofnskjala og ýmissa uppdrátta
- Eftirlit með framkvæmdum
- Gerð útboðslýsinga vegna framkvæmda og innkaupa
- Aðal-og deiliskipulagsmál
- Önnur hefðbundin verk byggingafulltrúa

Hæfniskröfur eru eftirfarandi:
- Tæknifræðimenntun/verkfræðimenntun eða önnur sambærileg menntun
- Reynsla af ráðgjafastörfum æskileg
- Mjög góð tölvukunnátta
- Góðir samskiptahæfileikar

Vogar er sveitarfélag í stöðugum vexti, stutt frá höfuðborgarsvæðinu, aðeins í 15 mínútna akstursfjarlægð frá Hafnarfirði.

Umsóknarfrestur er til 28. febrúar. Nánari upplýsingar veitir bæjarstjóri í síma 424-6660 og í tölvupósti johanna@vogar.is.

Bæjarstjóri Voga.

ÍSTAK

Ístak óskar eftir að ráða starfsmann á lager. Viðkomandi þarf að hafa bílpróf.

Upplýsingar um störfin og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Einnig er hægt að senda inn umsókn á heimasíðu okkar www.istak.is.

Gott fólk!

Himinn og haf / SÍA

SPRON leitar að kraftmiklum og metnaðarfullum einstaklingum.

Sölufulltrúi

Starfið felst í áframhaldandi uppbyggingu á sölustarfsemi SPRON og kynningu á þjónustuleiðum til væntanlegra viðskiptavina. Enn fremur í öflun nýrra viðskiptavina ásamt öðrum sölutengdum verkefnum auk almennrar fjármálaþjónustu til viðskiptavina SPRON.

Hæfniskröfur
- Þjónustulipurð og áhugi á sölustörfum
- Reynsla af bankastörfum kostur
- Reynsla af sölu- og ráðgjafarstörfum æskileg
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni í mannlegum samskiptum

Vinnutími er sveigjanlegur.

Nánari upplýsingar veitir Ágústa Hjaltadóttir, verkefnastjóri sölusviðs SPRON, og starfsmannaþjónusta SPRON í síma 550 1200.

Umsóknir óskast sendar til starfsmannaþjónustu SPRON á netfangið starfsmannathjonusta@spron.is. fyrir 3. mars 2006.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

SPRON byggir samkeppnishæfni sína á ábyrgu og hæfu starfsfólki sem nýtur sjálfstæðis í starfi, ávinnur sér traust viðskiptavina og veitir þeim framúrskarandi lipra og skjóta þjónustu. Í öllu starfi og samskiptum, bæði innbyrðis og gagnvart viðskiptavinum, er áhersla lögð á traust, frumkvæði og árangur.

Lífeyris- og tryggingaráðgjafi

Starfið felst í sölu og ráðgjöf varðandi persónu- og skaðatryggingar sem SPRON býður viðskiptavinum sínum ásamt ráðgjöf og sölu á SPRON Lífeyri og tilfallandi söluverkefnum.

Hæfniskröfur
- Reynsla af sölu- og ráðgjafarstörfum
- Þjónustulipurð og áhugi á sölustörfum
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Gerður Sigtryggsdóttir, verkefnisstjóri lífeyris og trygginga hjá SPRON og starfsmannaþjónusta SPRON í síma 550 1200.

Umsóknir óskast sendar til starfsmannaþjónustu SPRON á netfangið starfsmannathjonusta@spron.is. fyrir 3. mars 2006.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

spron
www.spron.is

Lausar stöður við lyfjapökkun

Actavis leitast eftir að ráða starfsmenn á framleiðslusvið fyrirtækisins. Starfsmenn í framleiðslu fara í gegnum mikla þjálfun og við leitum því að einstaklingum sem geta tileinkað sér nákvæm og sérhæfð vinnubrögð.

Um er að ræða framtíðarstarf í vaktavinnu þar sem unnið er á þrískiptum vöktum allan sólarhringinn. Möguleiki er á aukavinnu samhliða. Umsækjendur þurfa að hafa góða íslenskukunnáttu og eiga að baki samfellda tveggja ára starfsreynslu.

Helstu verkefni:
- Pökkun á töflum og hylkjum
- Þrif á pökkunarvélum og pökkunarsvæði
- Uppgjör á pökkunarefni
- Áfylling á vélar
- Sýnataka og prófanir
- Merkingar á vörum til útflutnings
- Útfyllingar á staðfestingarskjölum

Þekkingar- og hæfniskröfur:
- Stúdentspróf eða sambærilegt
- Reynsla og/eða þekking á framleiðslu eða sambærilegum iðnaði kostur

Actavis leitast við að ráða starfsfólk sem:
- *er metnaðarfullt*
- *hefur þjónustulund*
- *er sveigjanlegt*
- *vinnur vel í hópi*
- *sýnir frumkvæði*
- *hefur hagkvæmni að leiðarljósi*

*Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is undir **Störf í boði** fyrir 26. feb. nk. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.*

actavis
hagur í heilsu

Actavis hf. | *Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði* | ***s*** *550 3300* ***f*** *550 3301* | *@ actavis@actavis.is* | ***w*** *www.actavis.is www.actavis.com*

HEK

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

SVÆÐISSKRIFSTOFA
MÁLEFNA FATLAÐRA Í REYKJAVÍK

Fulltrúi á starfsmannasviði /launafulltrúi

óskast á aðalskrifstofu SSR í Síðumúla 39 sem fyrst.

Hann/hún þarf að vera
- tilbúin(n) að takast á við krefjandi verkefni
- fær í mannlegum samskiptum
- með reynslu af og þekkingu á launabókhaldi

Þekking og reynsla varðandi Oracle mannauðskerfið er æskileg

Starfssvið felst m.a. í
- launavinnslu
- almennum skrifstofustörfum
- aðstoð við úrvinnslu verkefna á sviði mannaráðninga

Æskilegt er að viðkomandi hafi stundað nám í Viðskipta- og tölvuskólanum, þó ekki skilyrði

- Við bjóðum góða aðstöðu og gott viðmót á notalegum vinnustað
- Launakjör eru samkvæmt kjarasmaningum Fjármálaráðuneytis og SFR Umsóknarfrestur er til 5.mars 2006
- Unnt er að sækja um á netinu, www.ssr.is, en einnig liggja umsóknareyðublöð frammi á skrifstofunni

Upplýsingar veita Steinunn Guðmundsdóttir launafulltrúi í síma 533-1388, netfang steinunn@ssr.is og Guðný Anna Arnþórsdóttir starfsmannastjóri, netfang gudnya@ssr.is

Á SSR er unnið í samræmi við jafnréttisáætlun.

LAUSAR STÖÐUR LÆKNA

Heilsugæslan í Salahverfi í Kópavogi auglýsir nýja stöðu læknis lausa til umsóknar.

Staðan er laus í sumar eða haust eftir samkomulagi. Leitað er að sérfræðingi í heimilislækningum. Fimm læknar starfa þegar á Heilugæslunni í Salahverfi, sem einkum þjónar íbúum Linda-, Sala- og Vatnsendahverfa í Kópavogi.
Umsóknarfrestur er til 27. mars n.k.

Umsóknir með upplýsingum um nám og fyrri störf óskast sendar Hauki Valdimarssyni yfirlækni, Heilsugæslunni Salahverfi, Salavegi 2, 201 Kópavogi, sem einnig gefur nánari upplýsingar í síma Heilsugæslunnar 590 3900, netfang haukur@salus.is.

Þá leitar Heilsugæslan í Salahverfi einnig eftir lækni til afleysingavinnu næsta sumar á tímabilinu júní – ágúst.
Áhugasamir læknar vinsamlegast hafið samband við yfirlækni sem fyrst um þá stöðu.

HEILSUGÆSLAN SALAHVERFI
Salavegi 2 - Kópavogi -Sími 590 3900 - www.salus.is

Forstöðumaður á fjármálasviði (Group controller)

Vegna aukinna verkefna óskar Promens hf. eftir að ráða forstöðumann á fjármálasviði. Um er að ræða fjölbreytt starf í alþjóðaumhverfi.

Starfssvið:
- Gerð samstæðureikningsskila
- Uppgjör alþjóðafyrirtækis
- Innleiðing á IFRS
- Innri endurskoðun
- Greining stjórnendaupplýsinga
- Samskipti við dótturfélög

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólapróf í viðskiptafræði
- Löggilding í endurskoðun æskileg
- Reynsla af samstæðuuppgjöri æskileg
- Þekking á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum
- Góð enskukunnátta
- Góð Excel-kunnátta

PROMENS

Promens hf. er ein stærsta fyrirtækjasamsteypa á sínu sviði í heiminum, með starfsemi í Norður-Ameríku, Evrópu og Asíu. Promens starfrækir 20 verksmiðjur í 12 löndum og eru starfsmenn samsteypunnar um 1300. Vörur samsteypunnar eru annars vegar eigin vörur, aðallega ker og tankar fyrir matvæla-, líftækni- og efnaiðnað, en einnig margs konar íhlutir fyrir aðra framleiðendur (custom moulding).

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar@img.is) og Guðlaugur Arnarsson (gudlaugura@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 26. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.

Borgartúni 27
105 Reykjavik
Sími 540 7100
mannafl@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafl.is

Strandgötu 53
735 Eskifirði
Sími 540 7140
www.img.is

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Fjöldi nýrra starfa á www.mannafl.is

Borgartúni 27
105 Reykjavik
Sími 540 7100
mannafl@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafl.is

ARNARVERK ehf.

Verkamenn, vélamenn, og bílstjórar óskast til starfa

Upplýsingar í síma 554-2387 eða 554-2048

Hönnuður
vega-, gatna- og lagnakerfa

VST hf. óskar eftir að ráða hönnuð vega-, gatna- og lagnakerfa til starfa í útibúi fyrirtækisins á Selfossi. Starfsreynsla er ekki nauðsynleg en æskileg. Búseta á Suðurlandi er æskileg.

Starfsheiti
Verkfræðingur/tæknifræðingur.
Næsti yfirmaður er útibússtjóri á Selfossi.

Starfslýsing
Hönnun vega-, gatna- og lagnakerfa, almenn þéttbýlistækni, mælingar ásamt eftirliti.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Próf í verkfræði/tæknifræði.
- Þekking á hönnunarstöðlum.
- Kunnátta í AutoCad.
- Góð enskukunnátta.

Almennar menntunar- og hæfniskröfur hjá VST
- Öguð og skipulögð vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Gott vald á íslensku máli.
- Góð almenn tölvukunnátta.

Umsóknarferli
Einungis er hægt að sækja um starfið á heimasíðu VST *www.vst.is* á staðlað umsóknareyðublað sem þar er að finna. Umsóknarfrestur er opinn en ráðið verður í stöðuna sem fyrst. Trúnaði er heitið við meðferð umsókna og verður öllum umsækjendum svarað.

Nánari upplýsingar:
Elín Greta Stefánsdóttir starfsm.stj., sími 569 5000, egs@vst.is
Einar B. Jónsson, útibússtjóri, sími 569 5000, ebj@vst.is
Ari Guðmundsson, sími 577 5015, ari@vst.is

VST Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf.
Ármúla 4 • 108 Reykjavík • Sími 569 5000 • www.vst.is

---

serrano

Óskum eftir að ráða í eftirfarandi stöður á skyndibitastaðnum Serrano í Kringlunni

- AFGREIÐSLA -

Starf við afgreiðslu í Kringlunni í dagvinnu, virka daga. Vaktaálag er sveigjanlegt.

Áhugasamir geta hringt í síma 551-1754 eða sent email á serrano@simnet.is

Serrano er líflegur veitingastaður með góðan starfsanda. Við leggjum áherslu á traust og sjálfstæði í starfi.

---

82 x 60 mm (2 dálkar x 6 cm)

ATVINNA lítið mötuneyti

Við viljum ráða jákvæðan starfsmann til þess að annast léttan hádegisverð í mötuneyti okkar. Starfið er laust nú þegar.

Um er að ræða ca. 50% starf sem felst í innkaupum og framreiðslu á hollum og léttum hádegismat fyrir 15-20 skemmtilega starfsmenn, ásamt þrifum og frágangi í eldhúsi. Æskilegt er að viðkomandi hafi bifreið til umráða.

Sendu umsókn til Huldu Snorradóttur á netfangið hulda@margtsmatt.is eða í pósti fyrir föstudaginn 24. febrúar.

Margt smátt AUGLÝSINGAVÖRUR BOLUR
Guðríðarstíg 6-8, 113 Reykjavík
Sími: 585 3500 - Fax: 585 3510
www.margtsmatt.is - office@margtsmatt.is

Lyf & heilsa óskar eftir að ráða lyfsöluleyfishafa og lyfjafræðinga í góðan og ört stækkandi hóp. Í boði eru samkeppnishæf laun, gott starfsumhverfi og fjölbreytileg störf.

Lyfsöluleyfishafi

Við óskum eftir lyfjafræðingi í stöðu lyfsöluleyfishafa **á höfuðborgarsvæðinu.** Viðkomandi mun hafa faglega og rekstrarlega ábyrgð á lyfjaversluninni, yfirumsjón með lyfjafræðilegum störfum og fara með stjórnun á sviði starfsmannamála ásamt fleiri störfum. Í boði er fullt starf eða hlutastarf.

Hæfniskröfur:
- Háskólapróf í lyfjafræði
- Starfsleyfi hér á landi, sbr. lög um lyfjafræðinga
- Starfsreynsla sem lyfjafræðingur í a.m.k. 3 ár
- Faglegur metnaður
- Sjálfstæði í starfi
- Færni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af stjórnun er kostur

Lyfjafræðingar

Við óskum eftir lyfjafræðingum **á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Selfossi**. Í boði eru hlutastörf sem og fullar stöður. **Einnig óskum við sérstaklega eftir lyfjafræðingum til starfa á kvöldin og um helgar**.

Hæfniskröfur:
- Háskólamenntun í lyfjafræði
- Starfsleyfi hér á landi, sbr. lög um lyfjafræðinga
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þjónustulund

Umsóknarfrestur er til **28. febrúar** nk. Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá skal senda til Lyf & heilsu, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík eða í tölvupósti á anna.gudmundsdottir@lyfogheilsa.is.

Allar nánari upplýsingar veitir Anna Dóra Guðmundsdóttir, starfsmannastjóri í tölvupósti eða í síma 522 5800. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Störf í boði hjá Lyf & heilsu

Lyf & heilsa er ungt framsækið fyrirtæki sem leggur áherslu á að hafa yfir að ráða hæfu og áhugasömu starfsfólki sem býr yfir faglegri þekkingu og þjónustulipurð. Lyf & heilsa rekur 2 keðjur lyfjaverslana, annars vegar Lyf & heilsu og hins vegar Apótekarann.

Lyf & heilsa *Við hlustum!*

SSR SVÆÐISSKRIFSTOFA MÁLEFNA FATLAÐRA Í REYKJAVÍK

Starfsfólk

Laus er til umsóknar ein staða stuðningsfulltrúa á heimili fyrir fólk með fötlun, Viðarrima, Reykjavík. Um er að ræða mjög áhugavert og lærdómsríkt starf í vaktavinnu. Á heimilinu er veitt einstaklingsmiðuð þjónusta. Skipulögð aðlögun og fræðsla til staðar.

Æskilegir eiginleikar umsækjenda:

- Áhugi á að vinna með fólki
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæð viðhorf

Nánari upplýsingar um störfin veitir forstöðuþroskaþjálfi, Guðrún Ágústa Bragadóttir, sími 567-4336, netfang **vidarrimi@ssr.is**

Frekari upplýsingar um SSR má fá á heimasíðunni **www.ssr.is** og þar er unnt að sækja um störfin.

- Laun eru í samræmi við samninga ríkisins og SFR
- Umsóknarfrestur er til 5.mars 2006
- Aldurstakmark umsækjenda er 20 ár
- Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofunni Síðumúla 39, Reykjavík

Á SSR er unnið í samræmi við jafnréttisáætlun.

Sölu- og markaðsfulltrúi

GlaxoSmithKline óskar að ráða sölu- og markaðsfulltrúa.

GlaxoSmithKline

GlaxoSmithKline ehf annast markaðssetningu, klínískar rannsóknir og skráningar lyfja frá GlaxoSmithKline hér á landi. Fyrirtækið er dótturfyrirtæki GlaxoSmithKline plc, eins stærsta fyrirtækis heims á sviði rannsókna og þróunar nýrra lyfja og bóluefna. Markmið okkar er að bæta lífsgæði fólks með því að gera því kleift að áorka meiru, líða betur og lifa lengur.

www.gsk.is

Starfssvið
- Starfið felst í umsjón með markaðs- og kynningarmálum til heilbrigðisstétta á nýjum lyfjum frá fyrirtækinu.

Hæfniskröfur
- Háskólamenntun á heilbrigðissviði (lyfjafræði, hjúkrunarfræði eða sambærileg menntun).
- Góð kunnátta í íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli
- Góð almenn tölvuþekking
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnaðarfull vinnubrögð
- Dugnaður

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 27. febrúar nk.
Númer starfs er **5176**.

Upplýsingar veitir Ari Eyberg. Netfang: ari@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík
Sími 520 4700 • Fax 520 4701
www.hagvangur.is



Margir sálfræðingar annast sjúklinga með ýmis°s konar sálræn vandamál. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Hvernig verður maður sálfræðingur?

Starfið
Starf sálfræðinga er fjölbreytt. Margir sálfræðingar annast greiningu og meðferð einstaklinga og hópa. Einnig starfa ýmsir við stjórnunarstörf hjá opinberum aðilum og í einkarekstri, við rannsóknir, þróun og kennslu.

Námið
Sálfræði er kennd við félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Hana er hægt að taka sem aðalgrein til BA-prófs annað hvort 90 eða 60 einingar. Ennfremur er boðið upp á að taka sálfræði sem aukagrein sem er 30 eininga nám.
Aðalviðfangsefni sálfræðinnar er hegðun og sálarlíf enda er greininni fátt mannlegt óviðkomandi. Niðurstöður sálfræðinnar eru nýttar á ýmsan hátt svo sem í kennslu og uppeldisstörf, meðferð og umönnun fatlaðra, í ráðgjöf, í hönnun tækja og mannvirkja og í auglýsinga- og skemmtiiðnaðinum.

Helstu námsgreinar
Meðal námsefnis í sálfræði eru almenn sálfræði, skýringar á hegðun, tölfræði I, II og III, greining og mótun hegðunar, aðferðafræði, líffeðlisleg sálfræði, saga sálfræðinnar, skynjunarsálfræði, próffræði, persónuleikasálfræði, þroskasálfræði, klínísk sálfræði, hugfræði og félagsleg sálfræði. Ennfremur eru ýmis valnámskeið í boði.

Í sálfræði er fjallað um flest það sem viðkemur manninum, þar á meðal tilfinningar hans og vandamál. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Inntökuskilyrði
Umsækjandi verður að hafa lokið stúdentsprófi. Einnig þarf hann að hafa haldgóða þekkingu í sálar- og félagsfræðigreinum, tölfræði, íslensku, erlendum tungumálum og kunna á tölvur. Gott er að umsækjandi hafi reynslu af störfum sem felast í aðstoð við fólk.

Að námi loknu
Að BA-prófi loknu halda margir í framhaldsnám erlendis á ýmsum sviðum. Einnig er hægt að fara í starfsréttindanám til 60 eininga í Háskóla Íslands og ljúka þá cand. psych. gráðu.

Hurðaruppsetningar og viðhald

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

Héðinn hf. leitar að starfsmönnum í hurðardeild fyrirtækisins. Um er að ræða uppsetningar á iðnaðar- og bílskúrshurðum ásamt viðhaldi og þjónustu. Við erum að leita að góðum mönnum sem vilja vinna við fjölbreytt og áhugaverð verkefni hjá fyrirtæki í stöðugum rekstri við bestu aðstæður.

Umsóknir sendist á netfang **hedinn@hedinn.is** eða í pósti / faxi. Allar frekari upplýsingar eru gefnar á skrifstofutíma í síma 569-2100 og öllum umsóknum verður svarað.

Héðinn hf. er rótgróið málmiðnaðarfyrirtæki frá árinu 1922 með víðtæka starfsemi í öllum þáttum innan vélvirkjunar og járnsmíði. Starfsemin er til húsa í 5.000 m² húsnæði búið öllum fullkomnustu vélum og tækjum sem völ er á. Fyrirtækið leggur metnað sinn í vönduð vinnubrögð í hvívetna og ábyrgð gagnvart bæði starfsmönnum sínum og viðskiptamönnum. Starfsmannaaðstaða er góð og mötuneyti er á staðnum.

naest

Á góðum jámum

HÉÐINN
Stórás 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is

Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður

VELFERÐARSVIÐ
GOTT HEIMILI FYRIR BÖRN

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar óskar eftir fjölskyldu á höfuðborgarsvæðinu sem er tilbúin til að taka að sér börn í tímabundna vistun. Fjölskyldan þarf að geta tekið á móti allt að þremur börnum á aldrinum 0 – 18 ára. Um er að ræða börn sem tímabundið geta ekki búið hjá foreldrum sínum og miðar vistunin að því að þau njóti traustra uppeldisskilyrða og öruggs heimilislífs. Heimilið þarf að vera reyklaust og án gæludýra.

Við leitum að:
- Fjölskyldum sem hafa reynslu af starfi með börnum.
- Fjölskyldum sem geta mætt þörfum ólíkra barna.
- Fjölskyldum þar sem a.m.k. annar aðilinn vinnur heima.

Við bjóðum:
- Faglegan stuðning við fjölskyldurnar.
- Aðgang að fræðslustarfi Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Allar nánari upplýsingar veitir Sigrún Óskarsdóttir, forstöðumaður Vistheimilis barna Laugarásvegi 39 í síma 581-1024.
Umsóknir berist til Sigrúnar Óskarsdóttir: merktar:
GOTT HEIMILI FYRIR BÖRN

Velferðarsvið fer með ábyrgð á velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar, þ.m.t. barnavernd og félagsþjónustu. Það ber ábyrgð á að framfylgt sé stefnumótun og áætlunargerð í velferðarmálum, eftirliti og mati á árangri, samhæfingu og samþættingu í málaflokknum. Þróun á mati á gæðum velferðarþjónustu, tengslum rannsókna og þjónustu, nýsköpun og þróun nýrra úrræða í velferðarþjónustu. Að auki annast Velferðarsvið rekstur ýmissa úrræða.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Til sölu er Hressingarhælið við Kópavog.

Kópvogsbær óskar eftir tilboðum í kaup á Hressingarhælinu við Kópavog.

Húsið er steinsteypt, 505 m2 að flatarmáli, hannað af Guðjóni Samúelssyni og tekið í notkun 1926. Æskilegt er að lagfæra bygginguna og koma henni sem næst í upprunalega mynd. Enn fremur þarf að varðveita ýmsa hluta byggingarinnar og endurgera aðra í sem næst upprunalegri mynd.

Í kauptilboði skal gerð grein fyrir þeirri starfsemi sem bjóðandi ætlar að hafa í húsinu. Skilyrði er að starfsemin verði tengd félagslegri eða menningarlegri starfsemi. Enn fremur er skilyrði að starfsemin geti þrifist vel innan um nálæga íbúðarbyggð, sem fyrirhuguð er á svæðinu.

Nánari upplýsingar um húsið, kaupskilmálar o.fl. liggja frammi í afgreiðslu tæknideildar Kópavogs, Fannborg 2, 3. hæð.

Tilboðum skal skilað í afgreiðslu tæknideildar Kópavogs í síðasta lagi þriðjudaginn 21. mars kl. 11:00.

Bæjarstjórinn í Kópavogi.

Laus er til umsóknar staða læknis við Heilbrigðisstofnunina á Blönduósi.

Æskilegt er að viðkomandi hafi viðurkenningu sem sérfræðingur í heimilislækningum, þó ekki skilyrði.

Starfssvæði stofnunarinnar er Austur -Húnavatnssýsla og eru íbúar svæðisins um 2.100. Tveir þéttbýliskjarnar eru á svæðinu, Blönduós og Skagaströnd. Verið er að byggja nýja heilsugæslustöð á Skagaströnd sem verður tekin í notkun í ágúst nk.

Heilbrigðisstofnunin á Blönduósi er rekin í 6.000 m2 húsi á Blönduósi og samanstendur reksturinn af heilsugæslu, sjúkradeild, hjúkrunarrýmum og dvalardeild. Vinnuaðstaða og aðstaða öll er til fyrimyndar og vel tækjum búin. Við stofnunina starfa þrír læknar.

Umsóknir með upplýsingum um læknismenntun og læknisstörf skulu berast til:

Heilbrigðisstofnunin á Blönduósi, b.t. Valbjörn Steingrímsson framkvæmdastjóri Flúðabakka 2, 540, Blönduósi, sími 455-4100, netfang: valbjorn@hsb.is sem gefur jafnframt nánari upplýsingar um starfið ásamt Ómari Ragnarssyni, yfirlækni í síma 455 4100, netfang:. omar@hsb.is sjá einnig www.hsb.is

Umsóknarfrestur er til 15. mars 2006.

RED CHILI
Laugavegi og Pósthússtræti

Hefur þú áhuga á að vinna á skemmtilegum og líflegum veitingastað.
Vegna opnunnar á nýjum stað í miðbænum þurfum við að bæta við okkur góðu fólki í allar stöður.
Eldhústörf
Þjónastörf
Dyraverði
Plötusnúð
Dag og vaktarvinna í boði.
Upplýsingar gefur Helgi í síma 820 4381.
www.redchili.is

Störf á fjármálasviði KB banka

Forritari

Óskað er eftir hæfileikaríkum forritara til starfa í hagdeild á fjármálasviði KB banka.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólapróf í viðskiptafræði, tölvunarfræði eða verkfræði
- Reynsla í Microsoft SQL og .Net forritun er æskileg
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Metnaður í starfi
- Framúrskarandi mannleg samskipti

Starfssvið:
- Forritun og þróun hugbúnaðarlausna innan fjármálasviðs.
- Úrvinnsla og greining gagna úr gagnagrunnum.

Nánari upplýsingar veitir Jónas Hvannberg á starfsmannasviði í síma 444 6376 / jonashv@kbbanki.is.

Reikningshald - uppgjör

Óskað er eftir starfsmanni með mikla þekkingu á reikningshaldi og reynslu af uppgjöri stórra fyrirtækja.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Viðskiptafræðingur af endurskoðunarsviði.
- Víðtæk reikningshaldsþekking.
- Reynsla af uppgjöri stórra fyrirtækja og/eða starfi á endurskoðunarskrifstofu æskileg.
- Þekking á fjármálafyrirtækjum æskileg
- Mjög góð Excel kunnátta.
- Metnaður, fagmennska og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Framúrskarandi mannleg samskipti

Starfssvið:
- Uppgjör fjárstýringar KB banka
- Vinna við samstæðuuppgjör bankans

Nánari upplýsingar veitir Eggert Teitsson í síma 444 6215 / et@kbbanki.is og Jónas Hvannberg á starfsmannasviði í síma 444 6376 / jonashv@kbbanki.is.

Vinsamlegast sækið um störfin á netsíðu KB banka, www.kbbanki.is fyrir 1. mars.

KB banki er stærsti banki landsins og einn af 10 stærstu bönkum Norðurlanda. Bankinn er alþjóðlegur fjárfestingarbanki og starfar í 9 löndum auk Íslands.

KB banki er leiðandi afl á íslenskum fjármálamarkaði, með 36 útibú víðs vegar um landið.

Hjá bankanum starfa um 2.300 manns, þar af 1.250 erlendis.

KB BANKI

VILT ÞÚ VAXA MEÐ OKKUR ?

Next opnar nýja og glæsilega 1.700 fm verslun í Kringlunni í maí nk. Við leitum að áhugasömu og kraftmiklu fólki sem vill taka þátt í að stækka og dafna með okkur. Við leitum eftir fólki í allar deildir, dömudeild, herradeild, barnadeild og lager auk nýrrar gjafavörudeildar. Um er að ræða bæði heilsdagsstörf og hlutastörf. Ef þú vilt takast á við spennandi verkefni í skemmtilegu umhverfi er NEXT vinnustaður fyrir þig.

Umsóknir sendist á tinna@next.is fyrir 1.mars nk.

NEXT
KRINGLUNNI
551 3200

Vélvirki óskast!

Við óskum eftir að ráða vélvirkja til framtíðarstarfa á vélaverkstæði fyrirtækisins.

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af viðgerðum á lanbúnaðartækjum og/eða vinnuvélum.

Nánari upplýsingar veitir verkstæðisformaður í síma 5 800 200 milli kl. 08:00 og 18:00

VÉLAR:ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is

H&K VEITINGAHÚS & TAKTSÍMI

Heitt og Kalt veitingahús - Dagvinna

Vegna aukinna umsvifa og til afleysinga vantar okkur starfsfólk til ýmissa þjónustustarfa. Dagvinna virka daga með hressu fólki og við mjög góðar aðstæður. Reynsla og góð þjónustulund æskileg og fyrirtækið er reyklaust innandyra sem utan.

Áhugasamir vinsamlega leggið inn umsókn á eldhus@heittogkalt.is eða hringið í Guðmund í síma 5333060 milli kl 13 og 14

Heitt og Kalt ehf
Grensásvegi 10 Rvk
heittogkalt.is

JARÐVÉLAR EHF

Vélamenn, meiraprófsbílstjórar og verkamenn óskast

Vegna mikilla verkefna viljum við ráða vana vélamenn, meiraprófsbílstjóra og verkamenn til starfa sem fyrst.

Vinsamlegast hafið samband við skrifstofu Jarðvéla í síma 564-6980, eða fyllið út umsóknareyðublað á vefsíðu fyrirtækisins **www.jardvelar.is** Bakkabraut 14, 200 Kópavogur.

VILTU SLÁST Í HÓPINN ?

SJÚLRALIÐAR !!

Sjúkraliðar óskast til starfa nú þegar eða eftir samkomulagi til lengri tíma og til sumarafleysinga. Vaktir og starfshlutfall eftir samkomulagi.

UMÖNNUNARSTÖRF!!

Starfsfólk óskast til aðhlynningarstarfa nú þegar til lengri tíma og til sumarafleysinga. Starfshlutfall er samkomulagsatriði.

Við leitum að áhugasömu og duglegu starfsfólki. Gott starfsumhverfi, þar sem góður starsandi er í heiðri hafður. Að vinna við hjúkrun og umönnun aldraðra er dýrmæt og góð reynsla.

Nánari upplýsingar veitir Aðalheiður Vilhjálmsdóttir, hjúkrunarforstjóri (alla@skjol.is) virka daga í síma 522 5600.

Plötusmiðir / Járniðnaðarmenn

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

Héðinn hf. leitar að járniðnaðarmönnum til framtíðarstarfa. Við erum að leita að góðum mönnum sem vilja vinna við fjölbreytt og áhugaverð verkefni hjá fyrirtæki í stöðugum rekstri við bestu aðstæður. Viljum einnig bæta við okkur aðstoðarmönnum.

Umsóknir sendist á netfang **hedinn@hedinn.is** eða í pósti / faxi. Allar frekari upplýsingar eru gefnar á skrifstofutíma í síma 569-2100 og öllum umsóknum verður svarað.

Héðinn hf. er rótgróið málmiðnaðarfyrirtæki frá árinu 1922 með víðtæka starfsemi í öllum þáttum innan vélvirkjunar og járnsmíði. Starfsemin er til húsa í 5.000 m² húsnæði búið öllum fullkomnustu vélum og tækjum sem völ er á. Fyrirtækið leggur metnað sinn í vönduð vinnubrögð í hvívetna og ábyrgð gagnvart bæði starfsmönnum sínum og viðskiptamönnum. Starfsmannaaðstaða er góð og mötuneyti er á staðnum.

Á góðum járnum

HÉÐINN
Stórás 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is

Árskógum 2, Breiðholti / Mjódd

Skógarbær er hjúkrunarheimili fyrir eldri og yngri einstaklinga sem þarfnast umönnunar allan sólarhringinn.

Staða sjúkraliða er laus til umsóknar.

Einnig óskast starfsmenn í umönnun til lengri tíma og til sumarafleysinga .

Sérstaklega vantar starfsfólk á næturvaktir.

Sveigjanlegur vinnutími.
Starfshlutfall er samkomulagsatriði.

Lengd vakta getur verið frá 4 klukkustundum í 8,5 klukkustundir, allt eftir samkomulagi.

Stuttar kvöldvaktir fyrir skólafólk frá kl. 18 - 22

Upplýsingar gefur hjúkrunarforstjóri Jónbjörg Sigurjónsdóttir í síma 510-2101 **jonbjorg@skogar.is** Einnig er hægt að sækja um á netinu: **hrafnhildur@skogar.is**

Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður

Safnfræðslufulltrúi

LISTASAFN REYKJAVÍKUR

Laus er til umsóknar staða safnfræðslufulltrúa við fræðsludeild Listasafns Reykjavíkur.

Starfssvið:
Safnfræðslufulltrúi tekur þátt í hugmyndavinnu, skipulagningu og framkvæmd fræðslustarfs við Listasafn Reykjavíkur bæði fyrir almenna safngesti og hópa. Verkefni eru m.a. umsjón með leiðsögnum um sýningar safnsins, samskipti við skóla og aðra sem panta leiðsögn, þróun og framkvæmd verkefna sem nýtast í fræðslustarfi s.s. námskeiða.

Hæfniskröfur:
Krafist er háskólamenntunar á sviði myndlistar eða listfræði, kennslufræðimenntun er æskileg. Reynsla af safnastörfum eða kennslu er mikilvæg. Starfið krefst mikillar færni í samskiptum við ólíka hópa fólks og góðrar tungumálakunnáttu. Áhersla er lögð á skapandi hugsun, jákvæði, frumkvæði og drifkraft.

Næsti yfirmaður er deildarstjóri fræðsludeildar Listasafns Reykjavíkur.

Kjör samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Skriflegar umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist safnstjóra / deildarstjóra fræðsludeildar sem jafnframt veitir nánari upplýsingar (olof.sigurdardottir@reykjavik.is)

Umsóknarfrestur er til 1. mars.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Leiðarljós Listasafns Reykjavíkur er að sinna hlutverki sínu á framúrskarandi hátt, vera í öndvegi íslenskra listasafna og skapa sér orðstýr á alþjóðlegum mælikvarða sem verðugur viðkomustaður allra unnenda samtímalistar.

SÖLUFÓLK

Góð laun í boði og tryggar tekjur. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónusum. Verkefni frá kl. 17-22 virka daga og frá kl. 13 um helgar.

Nánari upplýsingar veitir Lára Guðrún Gunnarsdóttir í síma 515 6158 frá kl. 9-17 á virkum dögum. Einnig er hægt að senda ferilskrá á lara.gudrun.gunnarsdottir@365.is.

Glæst framtíð

Við leitum eftir nýjum liðsmönnum í eina öflugustu söludeild landsins. Fjölbreytt úthringiverkefni og góðir tekjumöguleikar fyrir rétta fólkið.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður

Áhugaverð störf í boði

MENNTASVIÐ - LEIKSKÓLAR

Á leikskólum Reykjavíkurborgar starfar fólk sem nýtur þess að vinna á lifandi vinnustað þar sem ólíkir hæfileikar fá að njóta sín.

Deildarstjóri

Hraunborg, Hraunbergi 12
Upplýsingar veitir Sigurborg Sveinbjörnsdóttir í síma 557-9770.

Helstu verkefni:
Annast daglega verkstjórn á deildinni og er með yfirumsjón með faglegu starfi. Deildarstjóri tekur þátt í þróunarstarfi leikskólans og heldur utan um þjálfun nýrra starfsmanna.

Hæfniskröfur:
Leikskólakennaramenntun
Færni í mannlegum samskiptum
Frumkvæði í starfi
Jákvæðni og áhugasemi
Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Leikskólakennari

Dvergasteinn, Seljavegi 12
Upplýsingar veitir Elín Mjöll Jónasdóttir leikskólastjóri í síma 551-6312.

Heiðarborg, Selásbraut 56
Upplýsingar veitir Emilía Möller leikskólastjóri í síma 557-7350.

Helstu verkefni:
Leikskólakennari vinnur að uppeldi og menntun barnanna og fylgist með velferð þeirra. Tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs. Stuðlar að góðu samstarfi bæði við samstarfsmenn og foreldra barnanna.

Hæfniskröfur:
Leikskólakennaramenntun
Færni í mannlegum samskiptum
Frumkvæði í starfi
Jákvæðni og áhugasemi
Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Leikskólasérkennari / Þroskaþjálfi

Sæborg, Starhaga 11
Upplýsingar veitir Soffía Þorsteinsdóttir leikskólastjóri í síma 562-3664/562-3674.
Í starfinu felst þjálfun barns með einhverfu ásamt umsjón og ráðgjöf með sérkennslu í leikskólanum

Helstu verkefni:
Að skipuleggja sérkennslu á deildinni í samráði við leikskólastjóra. Vinnur að frumgreiningu, veitir ráðgjöf, fræðslu og vinnur í nánu samstarfi við foreldra, samstarfsfólk og sérfræðinga.

Hæfniskröfur:
Leikskólasérkennari, þroskaþjálfi eða háskólamenntun á sviði uppeldis- eða sálfræði.
Reynsla af vinnu með einstaklingum með þroskafrávik æskileg
Færni í mannlegum samskiptum
Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
Nákvæmni í starfi

Matráður

Austurborg , Háaleitisbraut 70
Austurborg er fjögurra deilda leikskóli þar sem dvelja rúmlega 90 börn samtímis. Nánari upplýsingar veitir Guðrún Gunnarsdóttir leikskólastjóri í síma 588-8545.

Brekkuborg, Hlíðarhúsum 1
Brekkuborg er fjögurra deilda leikskóli þar sem dvelja rúmlega 80 börn samtímis. Nánari upplýsingar veitir Guðrún Samúelsdóttir leikskólastjóri í síma 567-9380.

Helstu verkefni:
Matráður sér um að skipuleggja og annast matreiðslu, sér um innkaup á hráefnum. Hann hefur yfirumsjón með hreinlæti og frágangi í eldhúsinu. Vinnur í nánu samstarfi við leikskólastjóra.

Hæfniskröfur:
Menntun á sviði matreiðslu og/eða reynsla af matreiðslu
Góð þekking á næringarfræði
Þekking á rekstri
Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar um þessi störf veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum. Einnig veitir starfsmannaþjónusta Menntasviðs upplýsingar í síma 411 7000. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar um laus störf er að finna á heimasíðunni www.leikskolar.is

Öll laus störf á Menntasviði í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar eru að finna á heimasíðunni www.menntasvid.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Menntasvið annast starfsemi og rekstur grunnskóla og leikskóla. Í því felst þróun grunnskóla- og leikskólastarfs, undirbúningur stefnumörkunar, mat og eftirlit með skólastarfi og upplýsingamiðlun fyrir menntaráð og starfshópa á vegum ráðsins.

HÓTEL REYKJAVÍK CENTRUM

Duglegan starfsmann vantar til að elda morgunmat. vinnutími 05:30 til 12:00, 15 daga vaktir. Upplýsingar á Hótel Reykjavík Centrum eða í síma: 824-2044
Auglýsum einnig eftir herbergisþernu, vinnutími 08:00 til 16:15, laun, plús vinnu bónus.

Hard working and responsible breakfast chef needed from 05:30 to 12:00, 15 day shifts. Information at the Hotel Reykjavik Centrum or tele: 824-2044.
Chambermaids also needed, work hours are 08:00 to 16:15, salary plus performance bonus.

Hmm... tónlist?

SENA leitar að kynningarstjóra fyrir íslenska tónlistarútgáfu.

Starfið felst í kynningu og markaðssetningu á íslenskri tónlist sem gefin er út hjá fyrirtækinu.

Við leitum að starfsmanni sem hefur þetta fram að færa:

- Hefur mikinn áhuga og þekkingu á íslenskri tónlist
- Er árangursdrifinn með gott frumkvæði, metnað og getu til að starfa sjálfstætt
- Er kraftmikill í verkum og skapandi í hugsun
- Hefur jákvæð viðhorf og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknir berist með ferilskrá til útgáfustjóra á netfangið eidur@sena.is.
Umsóknarfrestur er til 1. mars 2006

bara gaman ► sena

Dalabyggð

Hjúkrunarforstjóri

Laust er til umsóknar starf hjúkrunarforstjóra við Dvalar- og hjúkrunarheimilið Silfurtún í Búðardal, Dalabyggð.

„Vika leið, og ég hafði ekki fengið skilaboð frá neinum. Tómarúmið, sem ég upplifði þar með, olli mér meiri hrellingum en allt annað sem við höfðum áður lent í. Veggirnir í íbúðinni ætluðu að kæfa mig á sekúndufresti, ég varð að beita mig hörðu til að öskra ekki upp yfir mig.“

- Liza Marklund gerir angist konu sem er á flótta undan ofbeldisfullum eiginmanni sínum frábær skil í Friðlandi.

bækur

baekur@frettabladid.is

Þjóðverar lofa Guðberg

Þýskir gagnrýnendur keppast nú við að lofa fyrra bindi skáldævisögu Guðbergs Bergssonar, Faðir og móðir og dulmagn bernskunnar, en bókin kom út í Þýskalandi fyrir skömmu. Bókin hefur hlotið afar góðar móttökur og fengið lofsamlega dóma í fjölmiðlum í Þýskalandi og Sviss. Á útvarpsstöðinni Deutchlandsradio sagði Katharina Döbler gagnrýnandi að Guðbergur miðlaði frekar hughrifum en frásögnum í bernskulýsingum sínum og umfjöllun um foreldra sína og aðrar persónur úr bernsku sinni. „Allt þetta fólk lifnar skamma stund í stuttum lýsingum, í tali sínu og tilburðum – en það fær aldrei hið endanlega yfirbragð skáldaðra sögupersóna.“ Döbler dregur einnig fram hugtakið „töfrar bernskunnar“ og segir þann slitna merkimiða ekki eiga við bók Guðbergs þó hann lýsi vissulega dulmagninu sem börn skynja „í sínum eigin heimi og telja skýringu á öllu því óskiljanlega sem hinir fullorðnu gera og staðhæfa“. Hún segir ríkjandi grunntóninn hins vegar raunsæislegan eins og „gamlar svarthvítar ljósmyndir, blandaðan blíðlegri íhygli og stöðugum hugleiðingum um það hver þau voru eiginlega í raun og veru – faðir og móðir, afi og amma.“

Wolfang Müller segir í Die Tagezeitung að tónar Guðbergs séu „tærir, gegnsæir, og töfrandi fegurð þeirra suðar í höfði manns.“ Í einu stærsta dagblaði Sviss, Neue Zürcher Zeitung skrifar Andreas Breitenstein að bókin sé full af „kröftugum myndum og sterkum sögum sem fjalla um arfteknar andstæður tilverunnar: um tímann og eilífðina, líf og dauða, menningu og náttúru, konuna og karlmanninn, fegurð og ljótleika, von og örvæntingu.“ Breitenstein heldur svo áfram og segir ljóðrænan texta mynda Guðbergs „meitlast í huga lesandans. Hvort heldur um er að ræða víðáttur sálarinnar eða náttúruna – athuganir GB einkennast af hárfínni nákvæmni og óendanlegri dýpt. Tungutak hans er tilgerðarlaust og vekur engu að síður ljómann í leyndardómi hlutanna.“

GUÐBERGUR BERGSSON RITHÖFUNDUR

> Bók vikunnar

Hæðir Machu Picchu eftir Pablo Neruda.



Þessi fallega ljóðabók kom út fyrir jólin og fór ekki mjög hátt í bægslagangi jólabókaflóðsins. Hæðir Machu Picchu er hluti af stærri ljóðbálki sem nefnist Canto general og eru ljóðin um ferð skáldsins til Inkaborgarinnar Machu Picchu. Neruda fæddist laust eftir aldamótin 1900 og lést árið 1973, tveimur árum eftir að nóbelsverðlaunin fyrir bókmenntir féllu honum í skaut. Guðrún Tulinius þýddi bókina sem er myndskreytt af Rebekku Rán Samper og Antonio Hervas Amezcua sem sækja innblástur í Inkaborgina.

Rúntað um söguslóðir

Borgarbókasafn býður til rútuferðar um bókaslóðir á höfuðborgarsvæðinu á opnunarkvöldi Vetrarhátíðar, fimmtudaginn 23. febrúar. Lagt verður af stað frá aðalsafninu í Tryggvagötu 15 20.15 og tekur ferðin um eina og hálfa til tvær klukkustundir. Ferðinni lýkur á sama stað og hún byrjar, við Grófarhús.

„Við byrjum niðri í miðbæ og keyrum alla leið upp í Grafarholt í gegnum Vogana að Kleppi þar sem Englar alheimsins áttu sér meðal annars stað. Það verður svo ekið upp í Breiðholt, þaðan í Árbæinn og svo í Grafarholtið,“ segir Ingibjörg Rögnvaldsdóttir, verkefnisstjóri hjá Borgarbókasafninu. Á bakaleiðinni verður ekið vestur í bæ á slóðir Djöflaeyjunnar og svo endum við aftur á safninu.

Leiðsögumenn verða þær Úlfhildur Dagsdóttir bókmenntafræðingur og Margrét Árnadóttir leikari og einnig munu rithöfundar og fleiri gestir stíga um borð, þar á meðal Andri Snær Magnason, Óskar Árni Óskarsson og Steinunn Sigurðardóttir.

ÚLFHILDUR DAGSDÓTTIR Mun ásamt Márgréti Árnadóttur leiða rútufarþega Borgarbókasafnsins um sögusvið íslenskra bókmennta í Reykjavík.

„Við munum taka höfundana upp í á þeirra slóðum, ef svo má segja, en Andri Snær verður þó líklega með okkur frá upphafi. Hann mun lesa fyrir farþega rútunnar og Óskar mun lesa úr ljóðum sínum sem tengjast Breiðholtinu og Blesugrófinni.“

Borgarbókasafnið hefur áður staðið fyrir bókmenntagöngum en þetta er fyrsti bíltúrinn sem safnið leggur upp í. „Það eru takmörk fyrir því hversu langt er hægt að fara í gönguferðum og við vildum prufa að víkka þetta aðeins út með þessu móti,“ segir Ingibjörg.

Ferðalagið er ókeypis en þar sem sætafjöldi er takmarkaður þarf að skrá þátttöku fyrir 21. febrúar í síma 563-1717 eða með tölvupósti: kristin.vidarsdottir@reykjavik.is. ■

HALLDÓR GUÐMUNDSSON
> SKRIFAR UM BÓKMENNTIR

Angist hinnar auðu síðu

Margir rithöfundar sem skrifað hafa um starf sitt hafa lýst angistinni sem fylgir því að stara á auða blaðsíðu. Eflaust er orðið nærtækara að tala um auðan skjá, en vandinn er samur og myndin er áhrifameiri með auðri blaðsíðu sem rennt er í gegnum ritvél og blasir síðan við, tandurhrein, skjannahvít – og gersamlega tóm. Tóm eins og hugur höfundarins sem verður örvæntingarfyllri með hverri mínútu sem líður.

Var ekki hryllingsmyndin Shining um þetta, þegar allt kom til alls? Rithöfundurinn sem Jack Nicholson lék starði á auða blaðsíðuna þar til hann skrifaði aftur og aftur upp sömu setninguna (All work and no play makes Jack a dull boy): „Alltaf þegar ég er hér og þú heyrir mig vélrita,“ æpti hann á konu sína, „eða þú heyrir mig ekki vélrita, þá er ég að vinna, skilurðu!“

Að stara á blaðsíðuna og bíða eftir hugljómun, hugmynd, eða bara hugdettu – það er hálfur vinnutími þeirra sem skrifa „upp úr sér“, semja skáldverk. Hvað má verða til bjargar? „Tvennt þarf til að geta skrifað,“ mun þýska skáldið Goethe hafa sagt: „Hæfileika og atburð.“ Og þá er ekki endilega átt við atburðinn sjálfan, því skáldskapurinn gerist í orðunum, heldur umhugsunina um atburðinn, myndina sem hann kveikir. Það er ekki frásagnarvert að rithöfundur fari í leikhús, en segjum nú að hann hafi ekki farið á sýninguna, heldur standi í anddyrinu á eftir og heyri tal tveggja manna sem eru á leið út, og hann heyrir þá tala um sýninguna, jafnvel kýta um túlkun atburða, og þá er hann að nálgast söguefni: „Hverjir eru þessir menn? Af hverju er skynjun þeirra svona ólík? Hvers vegna fóru þeir saman í leikhús?“

Að skálda snýst ekki um skilning, heldur sýn. Skáldskapur fjallar kannski ekki alltaf um gátu lífsins, en iðulega um gáturnar í lífinu. Það getur verið uppspretta skáldskapar að skilja eitthvað ekki, eða misskilja. „Meinvill í myrkrunum lá“ segir í jólasálminum. „Hver er þessi Meinvill?“ spurði Einar Kárason í kvæði. Og við getum haldið áfram og spurt hvað hann hafi gert af sér til að liggja svona í myrkrinu, hvaða voveiflegu atburðir urðu þess valdandi? Hvað gerir skiltamaður? Það var helsta áhyggjuefni mitt þegar ég hafði séð Kardimommubæinn sem barn (út af orðum Bastíans: „er skylt að maður sé“). Er kannski hægt að segja sögu um skiltamann? „Hann kemur eldsnemma í vinnuna og það er búið að breyta skiltinu hans...“

Gáturnar búa í orðunum, og þær geta líka búið í nöfnum. Minningarmörk í Hólavallagarði, hét bók eftir Björn Th. Björnsson, og kveikir ólíkt fleiri hugleiðingar en ef hún hefði bara borið nafnið Legsteinar í kirkjugarðinum við Suðurgötu. Eins er það með nöfn á persónum: David Copperfield, indjáninn Winnetou, prófessor Moriarty, Nebúkadnesar Nebúkadnesarson: Hvað kom fyrir þetta fólk? Hvað býr í einu nafni?

Rithöfundurinn Sten Nadolny lýsti einu sinni í ritgerð angist skáldsins andspænis auðri blaðsíðunni. Sem hann starir og starir á, uns hann veitir því athygli að pappírinn er ekki alveg hvítur, hann er dálítið gulnaður, einkennilegur. Hann snýr blaðinu við og viti menn, aftan á eru einhverjar dularfullar setningar með rithönd frá átjándu öld. Svona gáta kveikir minnst 300 blaðsíðna sögu, en þá verður líka orðið Saragossa að koma fyrir einhvers staðar í titlinum.



METSÖLULISTINN

HEILDARLISTI		SKÁLDVERK - KILJUR	
1	SUMARLJ., OG SVO KEMUR NÓTTIN – JÓN KALMAN STEFÁNSSON	1	HROKI OG HLEYPIDÓMAR – JANE AUSTEN
2	HROKI OG HLEYPIDÓMAR – JANE AUSTEN	2	MINNINGAR GEISJU – ARTHUR GOLDEN
3	ÍSLANDSATLAS – HANS H. HANSEN	3	DAUÐARÓSIR – ARNALDUR INDRIÐASON
4	HVAR ER VALLI? – MARTIN HANDFORD	4	BLÓÐSKULD – MICHAEL CONNELLY
5	ENDALAUS ORKA – JUDITH MILLDGE	5	MÝRIN – ARNALDUR INDRIÐASON
6	LOST IN ICELAND – SIGURGEIR SIGURJÓNSSON	6	ENGLAR OG DJÖFLAR – DAN BROWN
7	SP.-ÍSL. / ÍSL.-SPÆNSK ORÐABÓK – ORÐABÓKAÚTGÁFAN	7	GRAFARÞÖGN – ARNALDUR INDRIÐASON
8	RONJA RÆNINGJADÓTTIR – ASTRID LINDGREN	8	ALKEMISTINN – PAOLO COELHO
9	ÞRIÐJA TÁKNIÐ – YRSA SIGURÐARDÓTTIR	9	MÓÐIR Í HJÁVERKUM – ALLISON PEARSON
10	VIÐ ENDA HRINGSINS – TOM EGELAND	10	KARÍTAS ÁN TITILS – KRISTÍN MARJA BALDURSDÓTTIR

LISTARNIR ERU GERÐIR ÚT FRÁ SÖLU DAGANA 08.02.06 - 14.02.06
Í PENNANUM EYMUNDSSON OG BÓKABÚÐ MÁLS OG MENNINGAR

Opið í dag

Vinsælasta fartölvan

Ekki láta hugbúnaðinn vanta! 999,- á mánuði með tölvu

BTnet
Heri bitar - meiri hraði
12.000 kr BTnet afsláttur*
Taktu 12 mánaða BTnet áskrift og fáðu 12.000 kr. aukafslátt af Medion tölvunni

FYLGIR

15,4"

3.513*

VÍS **3.513*** Tölvukaupalán 48 mán.

MasterCard VISA **9.999 ****** Vaxtalaust 12 mán.

119.988 Staðgreitt

Intel Centrino
Ný útgáfa af Centrino örgjörvanum sem er allt að 22% hraðvirkari en þeir eldri og vinnur lengur á sömu hleðslu.

DV Ready
Firewire tengi gerir það leik einn að tengja tökuvélar við vélina og klippa heimamyndböndin.

20th Anniversary Toshiba Notebook PC Since 1985

Árið 1985 var fyrsta fartölva heimsins sett á markað af Toshiba. Toshiba hefur verið leiðandi í framleiðslu og þróun fartölva í 20 ár

S.M.A.R.T. Diskur
Verndar gögnin þín, Tölvan lætur þig vita af yfirvofandi bilun.

FYLGIR

TOSHIBA Satellite

TOSHIBA SATELLITE PRO M70-134
- Intel® Pentium® M 760 1.73 GHz (Dothan)
- 512MB DDR2(533) vinnsluminni -mest 2048
- 60GB (5400rpm) S.M.A.R.T - SATA harður diskur
- 15.4" Breiðtjaldsskjár 1280x768 uppluasn
- Super DVD Multi brennari
- MediaBay kortalesari - Les öll helstu minniskort
- Windows XP Professional
- 2 ára alþjóðleg ábyrgð

MEDION V8

8077IS

MEDION V8 X2
- 19" Medion flatskjár
- Intel Pentium4 Dual Core 820 (2.8GHz)
- nVidia GeForce 6600 256MB PCIX
- 1024MB DDR2 (512MB*2) Vinnsluminni
- 300GB, 7.200rpm, 2MB Cache, S-ATA
- DVD skrifari 16x Dual Layer
- DVD drif 16x
- Medion Media Bay
- Innbyggt 10/100 netkort
- Þráðlaust lyklaborð og geislamús

6600GT skjákort

300GB harður diskur

1024MB vinnsluminni

NVIDIA GeForce 6600 GT 256MB Skjákort
Eitt allra hraðasta skjákortið í leikina. Öll nýjasta tæknin eins og PCI-Express, Direct X 9.0, Shader Model 3.0, CineFX 3.0 og fleira. Hægt að tengja tvo skjái.

DUAL CORE
Ný bylting í heimilistölvum - Tveir örgjörvar á einum og sama kubbnum. Allt að tvöföld afköst í mörgum forritum. Nú geturðu gert meira á styttri tíma

64 bita örgjörvi
Með nýjustu Intel EM64T tækninni geturðu keyrt 64 bita forrit og leiki framtíðarinnar á mun meiri hraða. Vertu öruggur með tækni framtíðarinnar.

64 BITA

BTnet
Heri bitar - meiri hraði
12.000 kr BTnet afsláttur*
Taktu 12 mánaða BTnet áskrift og fáðu 12.000 kr. aukafslátt af Medion tölvunni

19"

Takmarkað magn

4.156*

Þráðlaust lyklaborð og mús!

Þú velur greiðsluform sem hentar þér

VÍS **4.156*** Tölvukaupalán 48 mán.

MasterCard VISA **11.999 ****** Vaxtalaust 12 mán.

143.988 Staðgreitt

BT*

Kaupauki #1

FYLGIR
Star Wars: Empire At War

Kaupauki #2

Heill kassi
FYLGIR
24 dósir af Pepsi MAX

Kaupauki #3

FYLGIR
Underworld á DVD og 2 miðar á Underworld Evolution

*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni V.Í.S. Umsóknin er afgreidd á staðnum á innan við mínútu.

Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðarlegar jafnar greiðslur á Visa og Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann.

Uppselt varð á skömmum tíma á konsertuppfærsluna af söngleiknum vinsæla eftir Jeff Wayne með nokkrum af vinsælustu söngvurum landsins. Nú hefur tekist að bæta við aukatónleikum og **betra að tryggja sér miða í tíma**.

TÓNLEIKAR Í HÁSKÓLABÍÓI
FIMMTUDAGINN **23. FEBRÚAR** KL. 19.30 – **UPPSELT**
FIMMTUDAGINN **23. FEBRÚAR** KL. 22.00 – AUKATÓNLEIKAR
Sinfóníuhljómsveit Íslands kynnir:
Rokksöngleik eftir Jeff Wayne "INNRÁSIN FRÁ MARS"
Höfundur: Doreen Wayne (byggt á sígildri sögu H.G. Wells)
Tónlist eftir Jeff Wayne
Söngtextar eftir Gary Osbourne, nema Forever Autumn: Gary Osbourne og Paul Vigrass og The Eve Of The War: Jeff Wayne

FRAMLEITT Í SAMVINNU VIÐ:
OLLIE RECORD PRODUCTIONS & JWM (PUBLISHING) LTD.
© OLLIE RECORD PRODUCTIONS OG JWM (PUBLISHING) LTD.
ALLUR RÉTTUR ÁSKILINN.

Hljómsveitarstjóri ::: Bernharður Wilkinson
Sögumaður ::: Jóhann Sigurðarson
Leikstjórn ::: Sigurður Sigurjónsson
Söngvarar ::: Margrét Eir, Jón Jósep Snæbjörnsson, Matthías Matthíasson og Friðrik Ómar Hjörleifsson

MIÐAVERÐ: 3.800 / 3.500 KR.

VISA
Í SAMVINNU VIÐ VÍSA ÍSLAND

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
SÍMI **545 2500** ::: WWW.**SINFONIA.IS**

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI **550 5000**
EÐA Á **VISIR.IS**
FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

		1	8					
	5		4	2			7	
		2		9		6		8
							1	5
	6	7				9	2	
9	2							
4		6		1		2		
	1			4	3		6	
					8	4		

Lausn á gátu gærdagsins

6	8	5	1	9	7	3	2	4
2	3	4	8	6	5	7	9	1
9	7	1	3	2	4	6	8	5
8	2	6	4	5	1	9	7	3
1	4	9	7	3	6	8	5	2
3	5	7	9	8	2	4	1	6
7	9	2	6	1	3	5	4	8
4	1	3	5	7	8	2	6	9
5	6	8	2	4	9	1	3	7

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ
SECURITAS

STUÐ MILLI STRÍÐA Kitsch keppnirnar blómstra

ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON SPYR HVORT VIÐ TÖKUM ÞETTA EKKI OF ALVARLEGA

Íslendingar eru keppnisóðir. Nokkrum sinnum á ári eru „stórviðburðir“ á alþjóðlegum skala þar sem lítið hjarta Íslendingsins bærist ótt og títt yfir spenningi að komast á heimskortið. Og jú, við erum til dæmis nýbúin að hreppa þriðju ungfrú Alheim og ekkert nema gott um það að segja. Örugglega stórfréttir. Ég bjó erlendis mikinn hluta ævinnar og keppnin um ungfrú Heim fór alveg framhjá mér. Vissi aldrei hver var ungfrú Heimur, né að hún skipti miklu máli. Ég verð að viðurkenna að ég vorkenndi þessum forkunnarfögru stúlkum þegar ég horfði á fréttirnar um Unni Birnu í sjónvarpinu. Hverjum datt í hug að klæða þær allar í Dallas-kjóla frá sirka 1986 og greiða í stíl. Hjálp, reddið þessum stúlkum stílista! En talandi um „kitsch“. Ég horfði einu sinni á Eurovision í París, með samkynhneigðum vinum mínum og rommflösku og þeir grenjuðu úr hlátri allan tímann. Enginn annar hafði nokkru sinni heyrt um keppnina né horft á hana þarna úti. Sama var upp á teningnum í Bretlandi. Eurovision var svona plebba-djók viðburður sem Terry Wogan hakkaði í spað í beinni. En það sem ég elska svo hérna á smáskerinu okkar er að við tökum þessu virkilega alvarlega. Við þykjumst ekki gera það en við gerum það víst. Meira að segja forkeppnin er orðin risavaxinn viðburður og það er ekki hægt að opna dagblað án þess að þetta blasi við á hverri síðu. Við erum örugglega með fleiri Eurovision-nöttara miðað við höfðatölu en annars staðar í Evrópu. En ég er hratt að læra. Það sem ég horfði ekki á í fjölda ára er farið að vera stórviðburður á hverju vori. Ég er að vísu ekki farin að halda Eurovision-partí ennþá en finnst alltaf jafn skemmtilegt að heyra Gísla Martein tala um pólitísk samsæri í beinni og horfa á verstu lög sem öll þessu ágætu lönd gætu nokkurn tímann haft fram að færa. ■

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Overli



Pú og pa

Eftir SÖB



KVARTETT MEÐ ÓBÓLEIKARA Daði Kolbeinsson, Greta Guðnadóttir, Þórunn Ósk Marinósdóttir og Hrafnkell Orri Egilsson voru að æfa sig heima hjá Þórunni á föstudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Aldrei of mikið af Mozart

Í nærri hálfa öld hefur Kammermúsíkklúbburinn staðið fyrir reglulegu tónleikahaldi í Reykjavík og jafnan boðið upp á vandaðan flutning á úrvali tónbókmenntanna. Í dag er komið að fjórðu tónleikum 49. starfsársins, og að sjálfsögðu er boðið upp á Mozart núna á ári tónskáldsins.

Tónleikarnir hefjast á því að þau Daði Kolbeinsson óbóleikari, Greta Guðnadóttir fiðluleikari, Þórunn Ósk Marínósdóttir víóluleikari og Hrafnkell Orri Egilsson sellóleikari flytja kvartett í F-dúr eftir þetta ljúfa tónskáld sem fæddist fyrir 250 árum.

Mozart samdi óbókvartettinn í München árið 1781 fyrir óbóleikarann Friedrich Ramm.

„Hann þótti bæði mjög flinkur og svo var tónninn hjá honum sérstaklega fallegur," segir Daði, sem fær það hlutverk að feta í fótspor Ramms á tónleikunum í kvöld. „Mozart var mjög hrifinn af honum, enda skrifaði hann toppverk fyrir hann. Þetta er held ég það allra besta sem hefur verið skrifað fyrir óbó og strengi, þannig að ef þessi kvartett væri ekki til þá væri stórt gat hjá okkur óbóleikurum."

Daði hefur leikið þennan óbókvartett nokkuð oft áður, en segir þó langt vera síðan hann flutti hann síðast.

„Þessir tónleikar áttu reyndar að vera í nóvember en vegna veikinda var þeim frestað, sem er ekki verra vegna þess að nú fæ ég að spila þetta á Mozartárinu."

Daði tekur Mozartárið heldur betur með trompi, því fyrir hálfum mánuði flutti hann óbókonsert Mozarts með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.

„Ég fæ sem sagt að spila tvö stærstu verkin fyrir óbó á einu ári í byrjun Mozartársins, og svo ætlum við í Blásarakvintett Reykjavíkur að rúnna af Mozartárið með því að spila þriðja stóra verkið sem Mozart skrifaði, sem er Gran Partita, á kvöldlokkum á jólaföstu."

Daði segist engar áhyggjur hafa af því að fólk fái of stóran skammt af Mozart á þessu ári, þegar hans er minnst á ótal tónleikum um heim allan.

„Það er erfitt að fá of mikið af Mozart." Mozart er reyndar ekki eina tónskáldið sem er á dagskrá tónleikanna í Bústaðakirkju í dag, því auk óbókvartettsins verða fluttir tveir strengjakvartettar, annar eftir Bedrich Smetana og hinn eftir Carl Nielsen. Í staðinn fyrir Daða á óbóið kemur þá Una Sveinbjarnardóttir með fiðluna sína og flytur þessa tvo strengjakvartetta ásamt þeim Gretu, Þórunni og Hrafnkeli.

Tónleikar Kammermúsíkklúbbsins í Bústaðakirkju hefjast klukkan 20. Næstu tónleikar Kammermúsíkklúbbsins verða síðan 5. mars á sama stað þar sem Camerarctica ætlar að flytja tvö verk eftir Mozart og eitt eftir Sjostakovitsj. ■

ÖSKUBUSKA

ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI
4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20 - NOKKUR SÆTI LAUS - 5. sýn. fös. 24. feb. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
6. sýn. sun. 26. feb. kl. 20- 7. sýn. 3. fös. 3. mars kl 20
8 . sýn. sun. 5. mars kl. 15 - KYNNING KL 14.15

KYNNING FYRIR SÝNINGU
Kynning á verkinu og uppsetningu þess er í boði Vinafélags Íslensku óperunnar.
Kynningin hefst kl.19.15 og er innifalin í miðaverði. Húsið opnar kl. 19.00

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN



Stóra svið

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Í dag kl. 14 UPPS. Su 26/2 kl. 14 UPPS.
Su 26/2 kl. 17:30 Lau 4/3 kl. 14
Su 5/3 kl. 14 UPPS. Lau 11/3 kl. 14
Su 12/3 kl. 14 Lau 18/3 kl 14

CARMEN
Í kvöld kl. 20 Lau 25/2 kl. 20 UPPS.
Fö 3/3 kl. 20 Lau 4/3 kl. 20
Lau 11/3 kl. 20 Lau 18/3 kl. 20

TALAÐU VIÐ MIG
-FEBRÚARSÝNING ÍD-
Fö 24/2 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Su 5/3 kl. 20 Fö 10/3 kl. 20
Su 19/3 kl. 20 Su 26/3 kl. 20

WOYZECK
Þr 28/2 kl. 20 AUKASÝNING UPPSELT
AUKASÝNINGAR:
Su 12/3 kl. 20 Fi 23/3 kl. 20 .

KALLI Á ÞAKINU
AUKASÝNINGAR UM PÁSKANA!

Nýja svið / Litla svið

BELGÍSKA KONGÓ
Í kvöld kl. 20 UPPS. Fi 23/2 kl. 20 UPPS.
Fö 24/2 kl. 20 UPPS. Lau 4/3 kl. 20
Su 5/3 kl. 20 Fö 10/3 kl. 20
Lau 11/3 kl. 20 Lau 18/3 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Lau 25/2 kl. 20 UPPS. Su 26/2 kl. 20 UPPS.
Fi 2/3 kl. 20 Fö 3/3 kl. 20 UPPS
Mi 8/3 kl. 20 Fi 9/3 kl. 20

HUNGUR
Fi 23/2 kl. 20 Su 26/2 kl. 20
Mi 1/3 kl. 20 Lau 4/3 kl. 20

MANNTAFL
Mi 22/2 kl. 20 AUKASÝNING

NAGLINN
Í kvöld kl. 20 UPPS. Fö 24/2 kl. 20
Lau 25/2 kl. 20 Fi 2/3 kl. 20

GLÆPUR GEGN DISKÓINU
Mi 1/3 kl. 20 UPPSELT Fö 17/3 kl. 20

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

Píanóskóli Þorsteins Gauta
Ármúli 38 / viðSelmúla
S: 5516751 6916980
pianoskolinn.is
pianoskolinn@pianoskoli
Námskeiðá vorönn aðhefjast
10 vikur kr. 25.000
Börn og fullorðnir

HIMNARÍKI
Gaðkiofin gamanleikur eftir Árna Ibsen
Lau. 17. Feb. Örfá sæti laus
Fim. 23. Feb.
Fös. 3. Mars.
eftir Jón Atla Jónasson
Sun. 19. Feb.
Síðasta sýning
Námsmenn og Vörðufélagar fá miðann á Mind Camp á 1000 kr. í boði Landsbankans

EF
eftir Valgeir Skagfjörð/
Einar Má Guðmundsson
Vestmanneyjar
Þrið. 21. Feb. kl. 9, 11 og 13 Uppselt
HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
TÚSKILDINGSÓPERAN
Fös. 24/2 **uppselt**, lau. 25/2 **uppselt**. **Aukasýningar sun. 5/3** örfá sæti laus og **sun. 12/3** nokkur sæti laus.
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Í dag sun. 19/2 kl. 14:00 **uppselt**, sun. 26/2 kl. 14:00 örfá sæti laus.
Síðustu sýningar. Aukasýning sun. 5/3 kl. 13:00 nokkur sæti laus.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Í kvöld sun 19/2 **uppselt**, mið. 22/2 **uppselt**, fös. 24/2 **uppselt**, lau. 25/2 kl. 17:00 **uppselt** og kl. 20:00 **uppselt**, sun. 26/2 **uppselt**, lau. 4/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 5/3 **uppselt**, þri. 7/3 örfá sæti laus, mið. 8/3 **uppselt**, lau. 11/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 12/3 **uppselt**, mið. 15/3 **uppselt**, lau. 18/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun . 19/3 **kl. 17:00** nokkur sæti laus, mið. 22/3, lau. 25/3 **kl. 17:00** nokkur sæti laus.
SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU
Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður
Í kvöld sun 19/2 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 26/2 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 5/3 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 12/3 **uppselt**.

KASSINN
PÉTUR GAUTUR
Frumsýning lau. 4/3 uppselt, fim 9/3 örfá sæti laus, fös. 10/3 örfá sæti laus, lau. 11/3, fim. 16/3, fös. 17/3. **Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í mars og apríl.**

LEIKHÚSKJALLARINN
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

★★★★ VELJIÐ HÉR AÐ NEÐAN KVIKMYNDAHÚS OG SÝNINGARTÍMA SEM YKKUR HENTAR ★★★★

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

UNDERWORLD	kl. 5.45, 8 og 10.20 B.I. 16 ÁRA
ZATHURA m/íslensku tali	kl. 1, 3.30 og 5.50 B.I. 10 ÁRA
ZATHURA m/ensku tali	kl. 3.30, 5.45 og 8 B.I. 10 ÁRA
WALK THE LINE	kl. 5, 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA
SÝND Í Í LÚXUS	kl. 2, 5, 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA
FUN WITH DICK AND JANE	kl. 1, 3.45, 8 og 10.10
BROKEBACK MOUNTAIN	kl. 10.15 B.I. 12 ÁRA
CHEAPER BY TE DOZEN 2	kl. 1 og 3
DRAUMALANDIÐ	kl. 1

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

TRANSAMERICA	kl. 3, 5.45, 8 og 10.15 B.I. 14 ÁRA
MRS. HENDERSON	kl. 3, 5.45, 8 og 10.15
WALK THE LINE	kl. 3, 6 og 9 B.I. 12 ÁRA
BROKEBACK MOUNTAIN	kl. 3 og 6 B.I. 12 ÁRA
MEMOIRS OF GEISHA	kl. 9

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

ZATHURA	kl. 2 (400 KR.) 4 og 6 B.I. 12 ÁRA
DRAUMALANDIÐ	kl. 2 (400 KR.) og 4
WALK THE LINE	kl. 5.40 B.I. 12 ÁRA
UNDERWORLD	kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA
FINAL DESTINATION	kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað

Eva Green leikur Bond-stúlkuna

Staðfest hefur verið að franska leikkonan Eva Green muni fara með hlutverk Bond-stúlkunnar Vesper Lynd í kvikmyndinni Casino Royale sem byggir á fyrstu bókinni um njósnara hennar hátignar. Green sló í gegn í myndinni Kingdom of Heaven á síðasta ári þegar hún lék á móti Orlando Bloom og Liam Neeson.

EVA GREEN Leikkonan Eva Green leikur Vesper Lynd í næstu Bond-mynd. DV-MYND/REUTERS

Daninn Mads Mikkelsen, sem m.a. hefur leikið í King Arthur og Open Hearts, hefur jafnframt tekið að sér hlutverk Le Chiffre, höfuðandstæðings James Bond. Einnig mun Jeffrey Wright leika Felix Leiter í myndinni, sem verður sú fyrsta með Daniel Craig í hlutverki Bonds.

Martin Campell, sem leikstýrði fyrstu Bond-mynd Pierce Brosnan, Goldeneye, árið 1995 leikstýrir nýju myndinni. Tökur hófust í janúar síðastliðnum en myndin kemur út þann 17. nóvember. Verður hún tekin upp í Tékklandi, á Bahamaeyjum, á Ítalíu og í Bretlandi. ■

JOSÉ GONZALÉZ Sænski trúbadorinn heldur sína aðra tónleika hér á landi í næsta mánuði.

González kemur aftur

Sænski trúbadorinn José González mun halda tónleika á Nasa við Austurvöll þann 13. mars næstkomandi.

González spilaði síðast hér á landi á Iceland Airwaves-tónlistarhátíðinni í Þjóðleikhúskjallaranum á síðasta ári við mjög góðar undirtektir. Fullt var út úr dyrum á þeim tónleikum og munu væntanlega fleiri fá tækifæri til að sjá hann á Nasa.

González gaf út sína fyrstu plötu, Veneer, á síðasta ári og var hún m.a. valin plata ársins í Svíþjóð. ■

Tólf leikir í pakka

Command & Conquer – The First Decade leikjapakkinn er kominn út. Hann inniheldur 12 C&C leiki sem hafa verið gefnir út síðustu tíu ár ásamt DVD-diski með aukaefni.

C&C-leikirnir, sem fjalla um ýmiss konar hernað, hafa selst í meira en 23 milljónum eintaka.

„Command & Conquer – The First Decade er safn sem inniheldur frábæra og vandaða C&C leiki sem eru afrakstur 10 ára þróunar," segir Louis Castle, framleiðandi hjá EALA. „Við viljum færa hinum tryggu viðskiptavinum okkar eitthvað til baka, og nú er þeim mögulegt að upplifa alla seríuna."

DVD-diskurinn sem fylgir með Command & Conquer – The First Decade inniheldur m.a. myndbönd úr sögu leikjanna og viðtal við Louis Castle, sem er einn af frumhöfundum leiksins.■

COMMAND & CONQUER Hernaðarleikurinn hefur selst í rúmum 23 milljónum eintaka um heim allan.

Hasarhetjur í samstarf

Orðrómur er uppi um að hasarhetjurnar Arnold Schwarzenegger og Sylvester Stallone ætli að leika saman í myndinni Brutal Deluxe. Brian Grazer mun framleiða myndina en hann hefur áður sent frá sér myndir á borð við A Beautiful Mind, 8 Mile og Ransom. Ef þeir Arnold og Sly samþykkja að leika í myndinni verður það í fyrsta sinn sem þeir eru saman á hvíta tjaldinu. Þeir eru þó góðir vinir og stofnuðu m.a. saman veitingahúsakeðjuna Planet Hollywood á sínum tíma. ■

Þríleik lokað

[UMFJÖLLUN]

TÓNLIST

Ryan Adams hefur á ferli sínum verið mjög mistækur. Stundum hef ég fengið á tilfinninguna að hann elski sviðsljósið örlítið of mikið. Hann sé of viss um eigin snilligáfu og flýti sér að gefa út plötur áður en hann er með nægilega skothelda pakka til þess að heilla gagnrýnendur, grúskara og rest upp úr skónum.

Hann er svo skapandi, og svo ákveðinn í að leyfa engu að liggja kyrru, að hann hefur gefið út átta breiðskífur á þeim sex árum sem eru liðin frá frábærri frumraun hans, Heartbreaker. Engin þeirra hefur náð að standa undir væntingum miðað við þá plötu. Ryan Adams var staðráðinn í því að gefa út þrjár plötur á síðasta ári og þessi hér, 29, er sú síðasta í röðinni. Hún líður örlítið fyrir það. Það verður seint tekið af Adams að hann er mjög næmur lagahöfundur og flytjandi. Ég man ekki eftir að hafa hann heyrt syngja betur en á þessari plötu.

Miðað við hversu hratt platan var unnin þá ætti ekki að koma neinum á óvart að heyra að útsetningar séu mjög einfaldar og vissulega hefði verið hægt að krydda sum lögin örlítið meira, en í heildina virkar þetta vel. Lagið Nightbirds er sérstaklega smekklega unnið, með tilheyrandi gítarendurvarpi á réttum stöðum sem skellur á eyrum hlustandans eins og brim á klettum á hvassri nóttu.

RYAN ADAMS: 29

Niðurstaða: Ryan Adams endar 2005 þríleik sinn með plötu sem er hlaðin tilfinningum og fegurð. Líklegast besta plata hans frá því að hann gaf út frábæra frumraun sína fyrir sex árum.

Þetta er nokkuð tilfinningaþrungin plata og því kemur mér ekkert á óvart að hún skuli fá misjafna dóma í erlendu pressunni. Við áttum samt góðar stundir saman. Við Ryan höfum ekki náð svona vel saman síðan ég renndi frumraun hans í gegn í fyrsta skiptið.

Birgir Örn Steinarsson

FRÉTTIR AF FÓLKI

Britney Spears segist hlakka til að snúa aftur í poppheiminn. „Þetta hljómar kannski furðulega en ég sakna þess að ferðast, sjá framandi staði, vera með dönsurunum og skemmta mér," sagði hún og bætti við að henni fyndist enginn hafa komið í hennar stað. „Ég hef ekki enn séð nokkurn sem staðið hefur sig stórkostlega. Þetta hefur verið frekar leiðinlegt og enginn hefur heillað mig upp úr skónum."

Heath Ledger segist ansi skeptískur á að hann vinni óskarsverðlaunin sem besti leikari í aðalhlutverki vegna þess að hinir sem eru tilnefndir eru of góðir. Hann keppir við Philip Seymour Hoffman, Joaquin Phoenix, Terrence Howard og David Strathairn um verðlaunin. „Það eru svo margir í þessum hópi sem eiga verðlaunin skilin. Ég er að sjálfsögðu stoltur af því að vera tilnefndur en það er líka frábært að taka þátt í kvikmynd sem vinnur svo mörg verðlaun og er svona vel tekið," sagði hann hógvær.

Sögusagnir hafa verið á kreiki um að hljómsveitin Coldplay ætli að hætta eftir að meðlimir hennar tóku á móti verðlaunum á Brit-verðlaunahátíðinni. Þar sagði Chris Martin; „Fólk er orðið leitt á okkur og við líka. Þið munuð ekki sjá okkur í mörg, mörg ár. Í alvöru." Talsmaður hans sagði þó eftir tónleikana að orð Martins þýddu alls ekki að hljómsveitin væri að leggja upp laupana. „Þeir munu aðeins taka sér hvíld áður en þeir byrja að vinna í fjórðu plötunni."

Jennifer Lopez hefur ljóstrað upp leyndarmálinu á bak við fegurð hennar og segir svefninn helsta vopnið. „Svefninn er mikilvægastur. Ég reyni að sofa að minnsta kost í átta tíma á hverri nóttu. Ég held að svefninn sé það sem virkar best en einnig vatn og góð hreinsimjólk," sagði hún.

Opið í dag
frá kl.13-16
Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Nýjar sendingar - Mikið úrval!

Flott hjá Dagnýju

Dagný Linda Kristjánsdóttir hafnaði í 28. sæti alpatvíkeppninnar á ÓL í Tórínó í gær sem er mjög viðunandi árangur fyrir skíðadrottninguna. „Aðalmarkmiðið hjá mér var að komast niður svigið til að bæta stigastöðuna mína og það tókst," sagði Dagný Linda við Fréttablaðið í gær. Króatíska skíðadrottningin Janica Kostelic sigraði og varði þannig ólympíumeistaratitil sinn í greininni.

sport

sport@frettabladid.is

60 SEKÚNDUR MEÐ ÞORMÓÐI EGILSSYNI

KR eða Stjarnan? Bæði.

Hvernig er formið? Ágætt.

Guðjón Þórðarson eða Atli Eðvaldsson? Báðir.

Willum Þór Þórsson eða Pétur Pétursson? Báðir.

Hvor titillinn var sætari, 1999 eða 2000? Get ekki gert upp á milli sigra.

Hefurðu þurft að hafa afskipti af samherja í lögreglustarfinu? Nei.

Hefur handtekið fótboltamann? Hér hvílir þagnarskylda.

Af hverju tekurðu fram skóna á ný? Til að komast í form.

Muntu spila fram yfir fertugt? Það er ólíklegt.

Efiðasti andstæðingur á ferlinum? Margir góðir, get ekkert gert upp á milli.

Besti samherji á ferlinum? Margir góðir.

Auðveldasti andstæðingur á ferlinum? Enginn sérstakur.

KR er.... hverfisfélag Reykjavíkur.

Að vera lögga er... skemmtilegt.

> KSÍ hefur sótt um

Knattspyrnusamband Íslands hefur sóst formlega eftir því að lið frá Íslandi öðlist þátttökurétt í „Royal League" deildinni, þar sem bestu liðin á Norðurlöndunum spila á veturna. Þetta staðfestir Ómar Smárason, upplýsingafulltrúi KSÍ, við danska blaðið Berlingske Tidende um helgina. Ekki er þó víst að íslenskt lið fái þátttökurétt þar sem forráðamenn deildarinnar eru ekkert sérstaklega hrifnir að því að spila innanhúss, en sú þyrfti raunin að vera þegar spilað væri á Íslandi. „Við erum með frábæra höll en málið er í höndum stjórnenda deildarinnar," segir Ómar.

GRÁTI NÆST Leikmenn Keflavíkur voru afar niðurlútir í leikslok enda voru þeir langt frá sínu besta. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Friðrik Ingi og Páll Axel:

Spiluðum gríðarlega vel

KÖRFUBOLTI „Þegar upp er staðið þá spiluðum við þennan leik gríðarlega vel og vorum sterkir á svellinu. Keflavík hefur frábært lið með mikla sigurvegara innan sinna raða sem við bárum mikla virðingu fyrir en óttuðumst ekki. Við vissum að ekkert annað en toppleikur myndi duga til sigurs og það tókst. Hugarfarið var alveg rétt þegar á reyndi," sagði Friðrik Ingi Rúnarsson, þjálfari Grindavíkur, kampakátur eftir að lið hans hafði fengið bikarinn í hendurnar.

Páll Axel Vilbergsson, leikmaður Grindvíkinga, var einnig í sigurvímu eftir leikinn. Hann skoraði sjö stig og tók alls tólf fráköst. „Við mættum reiðubúnir í leikinn og viljinn var sérstaklega til staðar. Við ætluðum allan tímann að taka dolluna og það var frábært að upplifa þetta. Eftir smá ströggl í byrjun náðum við góðu skriði, stemningin kom í okkar herbúðir og áhorfendur komu með," sagði Páll. **-egm**

BIKARMEISTARARNIR Leikmenn Grindavíkur réðu sér vart fyrir kæti eftir sigurinn á Keflvíkingum í Laugardalshöllinni. Hvattir áfram af mögnuðu stuðningsmannaliði keyrðu þeir andstæðinga sína gjörsamlega á kaf í fyrri hálfleik og eftir það má segja að sigurinn hafi aldrei verið í hættu. Jeremiah Johnson, sem er lengst til hægri á myndinni, var magnaður í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Betri á öllum sviðum

Grindavík varð í gær bikarmeistari í karlaflokki á öruggan hátt og lögðu Keflvíkinga að velli 93-78. Grindvíkingar komu einfaldlega miklu ákveðnari til leiks og var sigur þeirra verðskuldaður.

KÖRFUBOLTI Það var mikil spenna fyrir úrslitaleik Grindavíkur og Keflavíkur í bikarkeppninni sem fram fór í Laugardalshöll í gær enda um Suðurnesjaslag að ræða og ekkert gefið eftir þegar þessi tvö lið mætast. Það var þó ljóst snemma leiks að það var Grindavíkurliðið sem mætti ákveðnara til leiks og viljinn virtist vera mun meiri þeirra meginn. Á endanum unnu þeir öruggan og sanngjarnan 93-78 sigur þar sem mestu munaði um varnarleik liðanna..

Í upphafi fyrsta leikhluta var mikið jafnræði með liðunum, Grindvíkingar byrjuðu betur en Keflvíkingar komust síðan yfir 14-13, það var í eina skiptið í leiknum sem þeir voru með forystuna. Seinni helmingur leikhlutans var algjörlega eign þeirra gulklæddu,

Keflvíkingar gerðu slæm mistök í sókninni og voru níu stigum undir eftir fyrsta leikhlutann. Grindvíkingar voru komnir á bragðið og í öðrum leikhluta fóru þeir á kostum og skoruðu fimm þriggja stiga körfur, þar af skoraði Helgi Jónas Guðfinnson tvær. Þeir voru 55-34 yfir í hálfleik.

Eftir þetta var á brattan að sækja fyrir Keflvíkinga og þrátt fyrir að þeir næðu aðeins að klóra í bakkann og minnka forystu mótherja sinna þá var sigur Grindavíkur aldrei í hættu. Stemningin var þeirra megin og að lokum varð fimmtán stiga sanngjarn sigur liðsins staðreynd.

Jeremiah Johnson var stigahæstur hjá Grindavík með 26 stig en auk þess átti hann átta stoðsendingar. Helgi Jónas Guðfinsson skoraði 23 stig og átti fjórar stoðsetningar en hvor þeirra tók sex fráköst.

Hjá Keflavík var það A.J. Moye sem skoraði mest eða 20 stig og þá tók hann tíu fráköst. **-egm**

Sigurður Ingimundarson:

Vorum ekki nógu áveðnir

KÖRFUBOLTI „Grindavík var að spila mjög vel í þessum leik en við vorum hinsvegar bara lélegir. Það er eiginlega varla hægt að segja meira um það. Við mættum óákveðnir og slakir til leiks," sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkur eftir úrslitaleikinn í gær. Sigurður var að vonum ekki sáttur við frammistöðu síns liðs.

„Þetta er mjög svekkjandi, það er alltaf leiðinlegt að tapa. Ég vil þó óska Grindavík til hamingju með þennan sigur," sagði Sigurður. **-egm**

STÚDÍNUR Stigu trylltan stríðsdans eftir leikinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Signý Hermannsdóttir, ÍS:

Allt gekk upp

KÖRFUBOLTI „Þetta er alveg æðislegt. Við náðum að gera það sem við ætluðum að gera og það gekk allt upp. Eins og allir vita er Grindavíkurliðið mun hraðara og það þurftum við að stöðva. Svo ætluðum við auðvitað að stöðva þeirra lykilmenn og það tókst bara vel," sagði Signý Hermannsdóttir, fyrirliði ÍS, eftir sigur liðsins í bikarkeppninni. Signý spilaði mjög vel í leiknum, gerði 23 stig og tók tuttugu fráköst, þar af fimmtán varnarfráköst.

„Við spiluðum frábærlega. Maria Conlon smellpassar í okkar lið og er einmitt leikmaðurinn sem við höfum þurft á að halda í allan vetur. Hún veit alveg hvað hún er að gera," sagði Signý.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

16 17 18 **19** 20 21 22

Sunnudagur

LEIKIR

- 18.00 **Haukar** og **Fram** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta á Ásvöllum.

SJÓNVARP

- 09.10 **US PGA Tour** á Sýn.
- 12.10 **Enska bikarkeppnin** á Sýn Útsending frá leik **Liverpool** og **Man. Utd** í gær.
- 13.05 **Enska knattspyrnan** á Enska boltanum. Bein útsending frá leik **Tottenham** og **Wigan** í ensku úrvalsdeildinni.
- 13.50 **Ítalski boltinn** á Sýn.
- 15.50 **Enska bikarkeppnin** á Sýn Bein útsending frá leik **Chelsea** og **Colchester**.
- 18.25 **Enska bikarkeppnin** á Sýn Bein útsending frá leik **Aston Villa** og **Man. City**.
- 20.25 **Nissan-Open** á Sýn. Bein útsending frá þessum móti sem er hluti af PGA-mótaröðinni.
- 23.30 **NBA** á Sýn. Sýndur verður leikur Boston og Chicago í úrslitakeppninni 1986.
- 01.30 **NBA** á Sýn. Bein útsending frá **Stjörnuleiknum** í NBA-deildinni.

Stúdínur urðu bikarmeistarar í kvennaflokki:

Unnu á skynseminni

KÖRFUBOLTI „Þetta er mjög gleðilegt. Stelpurnar voru skynsamar í fyrri hálfleik en vörnin hefði getað verið betri. Við löguðum það síðan í seinni hálfleik og Maria Conlon átti frábæran leik og stjórnaði þessu eins og hershöfðingi," sagði Ívar Ásgrímsson, þjálfari ÍS, eftir að hans lið vann bikarmeistaratitilinn í körfuknattleik kvenna með því að leggja Grindavík að velli 88-73 í úrslitaleik í Laugardalshöll í gær

„Við lögðum upp með það að passa Jericu Watson mjög vel og það heppnaðist nokkuð vel. Nú verður bara fagnað fram eftir kvöldi," sagði Ívar. Stúdínur voru með forystu nær allan leikinn og fóru inn í hálfleikinn með eins stigs forskot 35-34. Þær voru síðan með fimm stiga forystu fyrir síðasta leikhlutann en í honum var aldrei spurning hvort liðið færi með sigur af hólmi og á endanum unnu þær með fimmtán stiga mun.

Maria Conlon átti sannkallaðan stórleik fyrir ÍS og skoraði 25 stig en liðið lék vel sem heild og spilaði leikinn af mikilli skynsemi. Jerica Watson var besti leikmaðurinn í hinu unga Grindavíkurliði og skoraði 26 stig ásamt því að taka tólf fráköst.

„Þetta gekk vel í byrjun en svo misstum við dampinn og einbeitingin var ekki upp á það besta. Ekkert af því sem ÍS gerði kom okkur á óvart en við náðum ekki að framkvæma það sem við ætluðum að gera á móti og því fór sem fór. Við erum með ungt lið sem fær ákveðna reynslu og ég er mjög stoltur af stelpunum að komast alla leið í úrslitaleikinn," sagði Unndór Sigurðsson, þjálfari Grindavíkur. **- egm**

BIKARINN KYSSTUR Signý Hermannsdóttir átti stórleik með ÍS í úrslitaleiknum í gær og lagði grunninn að sigri liðsins með góðri vörn á Jericu Watson. Hér tekur hún á móti bikarnum í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

NÝTT TÖLUBLAÐ KOMIÐ ÚT

PERSÓNULEG UMGJÖRÐ
HULDA INGIBJÖRG OG JÓN ARNAR

RÓMANTÍK MEÐ NÚTÍMATÆKNI

HVER SKAPAR MYNSTRIN?

ÖÐRUVÍSI PARKET

MEIRA LAGT Í HVERSDAGSMATINN

TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ Í ÁSKRIFT MEÐ 30% AFSLÆTTI Á AÐEINS 489 KR.
EINTAKIÐ OG FÁÐU VEGLEGA GJÖF Í KAUPBÆTI

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS

VEGGFÖÐUR.
tímarit

SUNNUDAGSVIÐTALIÐ GUÐMUNDUR E. STEPHENSEN

100. TITILLINN HANDAN VIÐ HORNIÐ

Líklega hefur enginn íslenskur íþróttamaður haft jafn mikla yfirburði í sinni íþrótt og Guðmundur Stephensen í borðtennis. Ferill hans hefur verið samfelld sigurganga og ef allt fer samkvæmt venju ætti Guðmundur að ná sínum 100. Íslandsmeistaratitli í ár – ef hann vinnur sinn reglubundna þrefalda sigur á Íslandsmótinu sem fram fer í byrjun mars. *Vignir Guðjónsson* ræddi við Guðmund um fortíðina, nútíðina og framtíðina.

Fyrir réttum áratug var Guðmundur Stephensen kynntur fyrir Michael Maze, dönskum borðtennisspilara sem ásamt Guðmundi var talinn sá efnilegasti á Norðurlöndunum. Þeir smullu strax saman, mynduðu tvíeyki sem spilaði saman í tvíliðaleik á öllum helstu stórmótum sem haldin voru í unglingaflokki á þessum tíma – stóðu sig jafnan vel. Hæfileikar þeirra beggja í íþróttinni voru augljósir, þeir voru klárlega á meðal þeirra allra færustu í Evrópu á sínum aldri og var spáð miklum frama.

Að loknu skyldunámi, í kringum 15-16 ára aldurinn, stóðu þeir frammi fyrir erfiðu en jafnframt einföldu vali. Annar kosturinn var að að halda áfram að stunda íþróttina eins vel og mögulegt var meðfram framhaldsnámi í sínu heimalandi. Hinn var að fórna öllu, helga sig borðtennisíþróttinni næstu árin og sjá hvað það myndi ala af sér.

Svo fór að Guðmundur valdi fyrri kostinn en Maze þann seinni.

Guðmundur vann fyrir þremur árum

Ferill þeirra fyrrverandi félaga hefur þróast í nokkuð ólíkar áttir. Maze er einn besti spilari heims – hlaut bronsverðlaun á ólympíuleikunum í Aþenu fyrir tveimur árum, hafnaði í öðru sæti á síðasta Evrópumóti og því þriðja á síðasta heimsmeistaramóti.

Guðmundur spilar með Malmö, einu sterkasta liði sænsku úrvalsdeildarinnar, en er þó ekki í hópi allra fremstu borðtennisspilara Evrópu. Hann er í 195. sæti heimslistans en gæti þó vel komist ofar á þeim lista á næstu árum – með réttri æfingu og smá heppni í bland.

Guðmundur og Maze þóttu mjög áþekkir spilarar á táningsaldri. „Hann vann mig nú yfirleitt en það var líka vegna þess að minn leikstíll hentaði honum mjög vel. Ég vil nú meina að við höfum verið mjög svipaðir að styrkleika á þessum tíma," segir Guðmundur. Þó að samanburður frá fyrri tíð sé varla marktækur má þó, með árangur Maze að undanförnu til hliðsjónar, gera sér í hugarlund hversu langt Guðmundur hefði hugsanlega náð – hefði hann ákveðið að taka áhættuna og fórna öllu öðru.

Guðmundi leiðist þó ekki að rifja upp heimsmeistaramótið í París árið 2003, þar sem þeir félagar mættust í fjórðu umferð. Guðmundur vann mjög óvænt sannfærandi sigur í sex lotum og sló Maze þar með út úr keppni. „Hann var alveg brjáláður," segir Guðmundur og hlær. Hann mun lifa lengi á þessum sigri gegn Maze.

Sé ekki eftir neinu

Eins og í öllu er mikilvægt að standa við sínar fyrri ákvarðanir. Það gerir Guðmundur og sér ekki eftir neinu. „Ég er mjög sáttur við hvernig mín mál standa í dag. Ég hef það mjög gott í Svíþjóð, hef gaman af því sem ég er að gera og veit að ég á mikið inni," segir Guðmundur, sem er enn í góðu sambandi við Maze og æfir reglulega með honum í Danmörku.

„Ég gæti ekki verið ánægðari fyrir hans hönd. Hann ákvað að setja alla sína krafta í íþróttina á sínum tíma og er nú að uppskera eftir því. Á sama tíma var mér nánast skipað að klára menntaskólann," sagði Guðmundur hlæjandi, en þar á hann við foreldra sína sem bentu honum á mikilvægi menntunar í nútíma þjóðfélagi. „Ég ákvað að hlusta á mömmu og pabba og klára skólann."

Æfingin er mjög mikilvæg

Guðmundur er á öðru ári sínu með liði Malmö, en þangað fór hann eftir að hafa spilað í Noregi fyrstu tvö árin eftir stúdentspróf. Samningur hans við sænska félagið rennur út í vor og hann er ekki búinn að ákveða hvað taki við.

„Mér stendur til boða að vera áfram en ég neita því ekki að mig langar að breyta um umhverfi og prófa að búa í öðru landi," segir Guðmundur og bætir við að hann sjái helst Frakkland, Ítalíu eða Spán fyrir í því sambandi. „Annars er ég opinn fyrir öllu."

Skrefið sem Guðmundur tók til Noregs á sínum tíma var fullkomlega eðlilegt, árlega vann hann allt sem hægt var að vinna hér á landi og hafði slíka yfirburði að annað eins hefur vart sést í íslensku íþróttalífi. Hann var búinn með skólann og þurfti á nýrri áskorun að halda, enda nánast formsatriði fyrir hann að vinna allar sínar viðureignir á Íslandi.

„Ég tel mig hafa bætt mig mikið á síðustu árum, sérstaklega eftir að ég kom til Malmö. Þetta tekur sinn tíma, sérstaklega þar sem ég staðnaði svo mikið á menntaskólaárunum," útskýrir Guðmundur, sem gerir ekkert annað en að æfa og spila borðtennis. „Mamma er nú oft að þrýsta á mig að mennta mig frekar en það gefst einfaldlega ekki tími," segir Guðmundur, en hann æfir allt að tíu sinnum í viku auk þess sem keppt er nánast um hverja helgi.

„Borðtennis er þannig íþrótt að hún krefst nánast þrotlausrar æfingar. Það verður að halda sér stöðugt við og ef maður missir af æfingu í 2-3 daga hrapar leikformið. Þess vegna er ótrúlega mikilvægt að æfa vel og stöðugt," segir Guðmundur, en hjá Malmö eru æfingar frá morgni fram að hádegi á hverjum virkum degi auk þess sem oftast er einnig stutt æfing síðdegis.

Ætlar sér sigur í Svíþjóð

Guðmundi hefur gengið afar vel í ár – hefur unnið 23 leiki og aðeins tapað þremur. Úrslitakeppnin er á næsta leiti og segir Guðmundur að Malmö ætli sér sigur. „Við töpuðum í úrslitunum í fyrra en ætlum að gera betur í ár. Við erum með mjög sterkt lið, með besta kínverska spilarann í deildinni og einnig mjög öflugan Dana sem hefur reyndar verið meiddur. Ef hann verður orðinn klár fljótlega er ég bjartsýnn," segir Guðmundur, sem er sjálfur talinn í hópi sterkustu evrópsku spilara deildarinnar.

Inni á milli kemur hann heim til Íslands og tekur þátt í Grand-Prix mótum og á Íslandsmótinu. Það síðarnefnda verður einmitt haldið á næstunni, fer fram fyrstu helgina í mars og fari svo að Guðmundur vinni þrefaldan sigur, eins og hann hefur nánast alltaf gert síðastliðinn áratug, mun hann vinna sinn 100. Íslandsmeistaratitil í íþróttinni. Þó að það hafi ekki fengist staðfest má gera ráð fyrir því að sá árangur sé einsdæmi í íslenskri íþróttasögu. Og ekki gleyma – Guðmundur er aðeins 23 ára gamall.

Er rétt að byrja

Guðmundur hefur ekki sett sér nein ákveðin framtíðarmarkmið. Eins og svo margir aðrir styðst hann frekar við hina klassísku aðferðafræði sem snýst um að spila áfram meðan heilsan er í lagi og hann hefur gaman af. „En ég stefni að sjálfsögðu á að komast hærra en ég er núna," útskýrir Guðmundur.

„Það yrði óneitanlega stórkostlegst að komast á ólympíuleikana en það er bara svo hrikalega erfitt. Ég horfi frekar á heimslistann og stefni á að komast hærra þar. Til þess þarf ég að keppa á fleiri opnum alþjóðlegum mótum og með góðum árangri þar nær maður kannski að vekja smá athygli á sér. Það er sennilega mitt raunverulega takmark – að ná að skapa mér smá nafn í þessum heimi."

Áttu mikið inni?

„Já, ég held það. Og ég tel mig geta bætt mig miklu meira á næstu árum. Tæknin er til staðar hjá mér en til dæmis þarf að bæta uppgjafirnar og mig vantar einnig að halda meiri stöðugleika í mínum leik."

En ertu ekkert að fá leiða á þessu?

„Nei, alls ekki. Þetta verður sífellt skemmtilegra eftir því sem maður bætir sig. Ég er rétt að byrja." ■

GUÐMUNDUR EGGERT STEPHENSEN

■ Fæddur: 29. júní 1982 ■ Keppnisgrein: Borðtennis ■ Hélt fyrst á borðtennisspaða: 2 ára ■ Byrjaði að æfa borðtennis: 4 ára

ÍSLANDSMEISTARATITLARNIR:

Íslandsmeistari í MFL einliðaleik: 1994, 1995, 1996, 1997, 1998, 1999, 2000, 2001, 2002, 2003, 2004, 2005 = 12
Íslandsmeistari í MFL tvíliðaleik: 1994, 1995, 1996, 1997, 1998, 2000, 2001, 2002, 2003, 2004, 2005 = 11
Íslandsmeistari í MFL tvenndarkeppni: 1994, 1995, 1996, 1997, 1998, 2000, 2001, 2002, 2003, 2004, 2005 = 11
Íslandsmeistari í með liði sínu Víking í 1. deild karla: 1994, 1995, 1996, 1997, 1998, 1999, 2000, 2001, 2002= 9
Íslandsmeistari í unglingaflokkum - einliðaleik: 1989, 1990, 1991, 1992, 1993, 1994, 1995, 1996, 1997, 1998, 1999 = 11
Íslandsmeistari í unglingafl.- tvíliðaleik: 1989, 1990, 1991, 1992, 1993, 1994, 1995, 1996, 1997, 1998, 1999 = 11
Íslandsmeistari í unglingaflokkum - tvenndarkeppni: 1989, 1990, 1991, 1992, 1993, 1994, 1995, 1996, 1997, 1998, 1999 = 11
Íslandsmeistari í unglingaflokkum - hópakeppni: 1989, 1990, 1991, 1992, 1993, 1994, 1995, 1996, 1997, 1998, 1999 = 11

ÖNNUR AFREK INNANLANDS:

Reykjavíkurmeistari í MFL karla einliðaleik: 1994, 1995, 1996, 1997, 1998, 1999, 2000, 2001, 2002, 2003, 2004, 2005 = 12
Reykjavíkurmeistari í MFL tvíliðaleik: 1994, 1995, 1996, 1997, 1998, 2000, 2001, 2002, 2003, 2004, 2005 =11
Reykjavíkurmeistari í MFL tvenndarkeppni: 1994, 1995, 1996, 1997, 1998, 1999, 2000, 2001, 2002, 2003, 2004, 2005 =12
Reykjavíkurmeistari í unglingaflokkum:1989, 1990, 1991, 1992, 1993, 1994,1995, 1996, 1997, 1998, 1999 = 11
Borðtennismaður Víkings: 1993, 1994, 1995, 1996, 1997, 1998, 1999, 2000, 2001, 2002, 2003, 2004, 2005
Borðtennismaður BTÍ: 1993, 1994, 1995, 1996, 1997, 1998, 1999, 2000, 2001,2002,2003,2004,2005
Íþróttamaður Víkings: 1994, 1996, 1998, 1999, 2002, 2003
Íþróttamaður Reykjavíkur 1994
Stigahæsti leikmaður í MFL karla: 1994, 1995, 1996, 1997, 1998, 1999, 2000, 2001, 2002, 2003, 2004, 2005

AFREK Á ALÞJÓÐLEGUM VETTVANGI:

Silfur á Evrópumóti unglinga í tvíliðaleik 1998
Silfur og brons á smáþjóðaleikum 1999 og 2001
Tvö gull og eitt brons á smáþjóðaleikunum 2003.
Tvö gull og eitt silfur á smáþjóðaleikunum 2005.
Tvö gull og eitt silfur á Norges Cup í Noregi 2002
Gull á alþjóðlegu unglingamóti í Svíþjóð 2002.
Gull á norska meistaramótinu 2003.
Tvöfaldur Norðurlandameistari í einliðaleik og tvíliðaleik 2004.
Meistari með B-72 í norsku úrvalsdeildinni 2003 og 2004.
Háði einvígi í Kína gegn þarlendum landsliðsmanni í júní 2004. Viðureigninni var sjónvarpað beint á stærstu íþróttastöð landsins.
Gull á opnu meistaramóti Malmö 2004 og 2005.
Silfur á opna Halmstad meistaramótinu 2005.
Hefur **unnið 23 leiki** en tapað aðeins þremur á tímabilinu í ár, sem er **87% vinningshlutfall**.
Hefur leikið yfir 190 A-landsleiki auk fjölda unglingalandsleikja.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



SKOÐAÐU ALLT

ALLT er ný vöru- og þjónustuskrá á **visir.is**. **ALLT** geymir upplýsingar um **ALLT** milli himins og jarðar, iðnaðarmenn, þjónustufyrirtæki, umboð, verslanir og **ALLT** hitt sem þig vanhagar um. **ALLT** er líka að finna í þjónustunúmerinu **1850** og í vor verður **ALLT bókinni** dreift til allra landsmanna. **Þú finnur ALLT á visir.is!**

visir

ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

allt

Fíton/SÍA

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Bikarkeppni KKÍ og Lýsingar:

ÚRSLITALEIKUR KVENNA:

GRINDAVÍK-ÍS 73-88

Stig Grindavíkur: Jerrica Watson 26 (12 fráköst), Hildur Sigurðardóttir 19 (10 fráköst), Ólöf H. Pálsdóttir 15, Alma Garðarsdóttir 7.

Stig ÍS: Maria Conlon 25 (14 stoðs., 8 fráköst), Signý Hermannsdóttir 23 (20 fráköst), Stella Kristjánsdóttir 11, Helga Þorvaldsdóttir 9.

ÚRSLITALEIKUR KARLA:

KEFLAVÍK-GRINDAVÍK 73-98

Stig Keflavíkur: A.J. Moey 20 (10 frák.), Gunnar Einarsson 16, Magnús Gunnarsson 15, Arnar Freyr Jónsson 12, Sverrir Sverrisson 6, Jón Nordal Hafsteinsson 4, Elentínus Margeirsson 4.

Stig Grindavíkur: Jeremiah Johnson 26 (8 stoðs., 6 frák.), Helgi Jónas Guðfinnsson 23, Þorleifur Ólafsson 9, Páll Axel Vilbergsson 7, Nedsad Biberovic 7, Pétur Guðmundsson 7, Guðlaugur Eyjólfsson 7.

DHL-deild karla:

STJARNAN-HK 34-32

Mörk Stjörnunnar: David Kekelia 8, Patrekur Jóhannesson 6, Björn Friðriksson 6, Arnar Theódórsson 5, Kristján Kristófersson 3, Gunnlaugur Garðarsson 1, Tite Kalandadze 1.

Mörk HK: Valdimar Þórsson 10, Tomas Eitutis 6, Jón Heiðar Gunnarsson 4, Remigijus Cepulis 4, Ólafur B. Ragnarsson 3, Vilhelm Bergsveinsson 2.

ÍBV-HAUKAR 32-34

Mörk ÍBV: Mladen Cacic 10, Sigurður Bragason 5, Micheal Dostalik 5, Grétar Eyþórsson 4, Ólafur Víðir Ólafsson 4.

Mörk Hauka: Árni Þór Sigtryggson 8, Jón Karl Björnsson 7, Kári Kristjánsson 4, Samúel Ívar Árnason 4, Gísli Jón Þórisson 4, Arnar Pétursson 3.

STAÐA EFSTU LIÐA

HAUKAR	17	13	1	3	511-460	27
FRAM	**17**	**12**	**2**	**3**	**476-435**	**26**
VALUR	17	12	1	4	521-469	25
FYLKIR	**17**	**9**	**2**	**6**	**469-432**	**20**
STJARNAN	16	8	4	4	467-437	20
KA	**16**	**8**	**3**	**5**	**448-432**	**19**

DHL-deild kvenna:

STJARNAN-HK 30-22

Mörk Stjörnunnar: Rakel Dögg Bragadóttir 11, Jóna Margrét Ragnarsdóttir 8, Harpa Sif Eyjólfsdóttir 4, Sólveig Lára Kjærnested 2.

Mörk HK: Arna Sif Pálsdóttir 6, Auksé Vysniauskaite 4, Tatjsana Zukovska 4, Auður Jónsdóttir 3.

KA/ÞÓR-GRÓTTA 26-23

Mörk KA/Þórs: Jurita Madkevicute 11, Þórsteina Sigurbjörgsdóttir 4, Inga Dís Sigurðardóttir 4, Erla Heiður Tryggvadóttir 4.

Mörk Gróttu: Ivana Vejlkovic 8, Karen Schmith 3, Agnes Árnadóttir 3, Kristín Þórðardóttir 2.

VÍKINGUR-ÍBV 13-16

Mörk Víkings: Ásta Agnarsdóttir 4, Þórhildur Björnsdóttir 3, Natasja Damljanovic 3.

Mörk ÍBV: Pavla Pladminkova 6, Ingibjörg Jónsdóttir 4, Simenta Vinfila 2.

STAÐA EFSTU LIÐA

VALUR	13	11	0	2	358-298	22
ÍBV	**13**	**10**	**1**	**2**	**343-290**	**21**
HAUKAR	12	10	0	2	374-313	20
STJARNAN	**13**	**9**	**1**	**3**	**342-293**	**19**
FH	13	8	0	5	343-313	16
GRÓTTA	**13**	**5**	**0**	**8**	**303-317**	**10**

Enska bikarkeppnin:

LIVERPOOL-MAN. UTD 1-0

1-0 Peter Crouch (19.).

CHARLTON-BRENTFORD 3-1

1-0 Darrent Bent (3.), 2-0 Jay Bothroyd (45.), 3-0 Bryan Hughes (62.), 3-1 Isiah Rankin (83.).

Hermann Hreiðarsson lék allan leikinn.

BOLTON-WEST HAM 0-0

NEWCASTLE-SOUTHAMPTON 1-0

1-0 Kieron Dyer (68.).

Enska 1. deildin:

LEICESTER-LEEDS 1-1

Jóhannes Karl Guðjónsson lék allan leikinn fyrir Leicester en **Gylfi Einarsson** sat á varamannabekk Leeds allan leikinn.

BRIGHTON-WATFORD	0-1
CARDIFF-HULL	1-0
MILLWALL-CRYSTAL PALACE	1-1
NORWICH-DERBY	2-0
PLYMOUTH-COVENTRY	3-1
SHEFF. WED-SHEFF. UTD	1-2
WOLVES-IPSWICH	1-0

Þýska úrvalsdeildin:

LEVERKUSEN-DUISBURG	3-2
DORTMUND-W. BREMEN	0-1
M'GLADBACH-KÖLN	2-0
NURNBERG-WOLFSBURG	1-0
HANNOVER-B. MUNCHEN	1-1
H. BERLIN-SCHALKE	1-2
KAISERSLAUTERN-A. BIELEFELD	2-0

Ítalska úrvalsdeildin:

LIVORNO-INTER	0-0
MESSINA-JUVENTUS	2-2

Þýski handboltinn:

GUMMERSBACH-GÖPPINGEN 35-27

Guðjón Valur Sigurðsson var markahæstur hjá Gummersbach með átta mörk en **Róbert Gunnarsson** skoraði eitt mark.

Mikilvægasta mark sem ég hef skorað á ferlinum

Liverpool er komið í 8-liða úrslit ensku bikarkeppninar eftir 1-0 sigur á erkifjendunum í Man. Utd á Anfield í gær. Peter Crouch skoraði eina mark leiksins.

FÓTBOLTI Þar til í gær voru liðin 85 ár síðan Liverpool hafði unnið sigur á Manchester United í bikarkeppninni í Englandi og það var ljóst strax í upphafi leiks að heimamenn voru staðráðnir í að brjóta þau langvarandi álag. Liverpool byrjaði af miklum krafti og uppskar verðskuldað mark á 19. mínútu með skalla Peter Crouch. Heimamenn hefðu getað skorað fleiri mörk í fyrri hálfleik en góð markvarsla Edwin van der Saar hélt gestunum inni í leiknum.

Í síðari hálfleik snerist leikurinn síðan við, gestirnir sóttu af nokkrum krafti án þess þó að skapa sér nein afgerandi marktækifæri. Svo fór að Liverpool sigraði að lokum og fögnuðu leikmenn liðsins ákaft eftir leikinn. „Eftir 85 ár er stórkostlegt að vinna loksins," sagði Rafael Benitez, stjóri Liverpool, eftir leikinn. „Við áttum sigurinn skilinn og við viljum tileinka stuðningsmönnunum hann. Þeir voru magnaðir."

Hetjan Crouch sagði það einstaka tilfinningu að skora sigurmark gegn Man. Utd í bikarkeppni. „Leikir þessara liða eru þeir stærstu á hverju ári í deildinni. Þetta hefur því sennilega verið mikilvægasta mark sem ég hef skorað á ferlinum," sagði Crouch.

Alex Ferguson, stjóri Man. Utd., sagði að sínir menn hefðu einfaldlega ekki náð að finna glufur á öflugri vörn Liverpool. „Þeir áttu ekki mörg góð tækifæri í þessum leik en náðu að skora eitt mark og það nægir þeim oftast. Þannig er Liverpool í dag – þarf aðeins að spila vel í fimm mínútur, skora mark og verja síðan það forskot. Þetta er það sem liðið er best í," sagði Ferguson. „Við vorum alltof slakir í fyrri hálfleik og það var sú frammistaða sem gerði út um vonir okkar í þessum leik," bætti Skotinn við.

Hermann Hreiðarsson og félagar í Charlton tryggðu sér sömuleiðis farseðilinn í 8-liða úrslit keppninnar með auðveldum sigri á 2. deildar liði Brentford, 3-1. Hermann Hreiðarsson lék allan leikinn í vörn Charlton og stóð sig vel en mörk liðsins skoruðu Darren Bent, Jay Bothroyd og Bryan Hughes. Bolton og West Ham þurfa hins vegar að mætast að nýju eftir að hafa gert markalaust jafntefli á Reebook-vellinum í gær. **- vig**

LOKSINS, LOKSINS Stuðningsmenn Liverpool gjörsamlega trylltust þegar Peter Crouch skoraði markið sem átti síðan eftir að ráða úrslitum í leiknum gegn Man. Utd í gær. Sumir þustu inn á völlinn til að fagna með hetjunum sínum eins og sést á þessari mynd.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Alan Smith fótbrotnaði hryllilega í leiknum gegn Liverpool:

Ein verstu meiðsli sem ég hef séð

FÓTBOLTI Alan Smith, leikmaður Man. Utd, varð fyrir mjög alvarlegum meiðslum undir lok leiksins gegn Liverpool í gær. Smith ætlaði þá að fórna sér fyrir skot Dietmars Hamann en einhvern veginn náði hann að festa löppina í grasinu. Allur skrokkurinn hélt hins vegar áfram og fór þunginn allur á ökklann, sem síðar kom í ljós að hafði mölbrotnað.

„Hann fótbrotnaði og ökklinn fór úr lið. Þetta eru ein verstu meiðsli sem ég hef séð," sagði Alex Ferguson, stjóri Man. Utd. eftir leikinn. Smith var borinn af velli sárþjáður og tengdur við súrefnisgrímu til að hann héldi meðvitund. „Það lítur út fyrir að hann verði mjög lengi frá en ég er viss um að hann mun snúa aftur," bætti Ferguson við en talið er að Smith verði allt að níu mánuði að ná sér. Rafael Benitez, stjóri Liverpool, sagði atvikið hafa skyggt á annars góðan knattspyrnuleik. „Við erum algjörlega miður okkar vegna Smith. Hugur okkar er með honum," sagði Benitez. „Maður vill aldrei sjá leikmenn lenda í svona meiðslum. Við óskum honum góðs bata og vonum að hann verði kominn aftur á völlinn sem fyrst. **- vig**

HRIKALEGT Samherjar Alan Smith gerðu sér strax grein fyrir því að meiðsli hans væru mjög alvarleg og voru læknar beggja liða kallaðir inn á völlinn til að huga að leikmanninum.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

ÚR SPORTINU

Martin Jol, knattspyrnustjóri Tottenham, segist fullviss um að fyrirliðinn Ledley King muni skrifa undir nýjan samning við félagið áður en tímabilinu lýkur. King er 25 ára enskur landsliðsmaður og núverandi samningur hans rennur út 2008. Viðræður um nýjan samning standa þó yfir.

Haukar komust upp fyrir Fram í DHL-deild karla í gær eftir sigur liðsins á ÍBV í Eyjum, 32-34. Það var Árni Þór Sigtryggsson sem fór fyrir gestunum og skoraði átta mörk en hann virðist óðum vera að finna sitt besta form eftir að hafa látið hafa heldur hægt um sig það sem af er leiktíð. Þá komst Stjarnan upp í 5. sæti deildarinnar með sigri á HK í Garðabænum, 34-32. David Kekelia skoraði sex mörk fyrir Stjörnuna en fyrir HK gerði Valdimar Þórsson það sem hann gat og skoraði 10 mörk en það dugði því miður ekki til.

Norski skíðakappinn Kjetil Andre Aamodt sigraði í keppni í risasvigi á ÓL í Tórínó í gær og var þetta þriðji ólympíutitill Aamodt í greininni frá upphafi. Alls hefur hinn 34 ára gamli Aamodt nú unnið átta ólympíugull á ferlinum auk 12 heimsmeistaratitla.

Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, segir það tómt bull að það sé með ráðum gert að hafa heimavöll liðsins, Stamford Bridge, í slæmu ástandi. Hann virðurkennir að völlurinn sé eins og kartöflugarður en spænskir fjölmiðlar hafa haldið því fram að þetta sé viljandi gert til að Chelsea eigi betri möguleika gegn Barcelona í meistaradeildinni.

Raddir þess efnis að Chelsea hyggist kaupa sóknarmanninn Samuel Eto´o frá Barcelona í sumar verða sífellt háværari. Eto´o varð í þriðja sæti í kjörinu á besta knattspyrnumanni heims en í öðru sæti varð Frank Lampard, leikmaður Chelsea. Lundúnaliðið er víst að undirbúa risatilboð í kamerúnska landsliðsmanninn.

Sóknarmaðurinn John Hartson hefur biðlað því til John Toshack, landsliðsþjálfara Wales, að hann leggi öll deilumál við Robbie Savage til hliðar og velji leikmanninn aftur í landsliðið. Hartson segir að Savage sé einn allra besti leikmaður sem Wales eigi og mikilvægt sé að fá hann aftur í liðið.

Stjörnuleikur nýliða í NBA-deildinni fór fram í fyrrinótt en þá spila nýliðar deildarinnar gegn leikmönnum á 2. ári. Andre Iguodala, leikmaður Philadelphia 76'ers, skaraði fram úr í leiknum og skoraði þrjátíu stig fyrir eldra liðið sem sigraði 106-96.

EINAR LOGI VIGNISSON: SKRIFAR UM BOLTANN Á ÍTALÍU OG SPÁNI

Reikningskúnstir þeirra ríkustu

Eru það treyjurnar með nafni Beckhams á bakinu? Troðfullur 110.000 manna völlurinn leik eftir leik? Ævintýraleg strandhögg markaðsmanna í fjölmennum álfum og fjarlægum? Spurninga sem þessara hafa fótbolta- og bissnessáhugamenn spurt sig eftir að endurskoðendafyrirtækið Deloitte birti í níunda sinn lista yfir tekjuhæstu knattspyrnulið veraldar og í fyrsta sinn eigi ritað nafn Manchester United efst á blaði.

Nú trónir hið sjálfumglaða stórveldi Real Madrid á toppnum. Lið sem var ekki hálfdrættingur á við United fyrir réttum fimm árum. Lið sem kallar sig „besta félagslið heims" þótt engir titlar hafi skilað sér í heilar þrjár leiktíðir. Lið sem hefur lagt þungar byrðir á herðar kröfuharðra aðdáenda sinna undanfarin misseri með hreint ævintýralegum niðurdýfum. Stórlið sem malar þó gull sem aldrei fyrr. En skyldi allt gulliið glóa? Endurspegla veltutölur Deloitte raunverulegan styrk „Madrileños"?

Ekki telja Glazer-feðgar svo vera. Fundu hinir hlédrægu Ameríkanar sig knúna til opinberrar yfirlýsingar í fyrradag. „Fjölskyldan vill minna á að Man. Utd. er ennþá það félagslið heims sem skilar mestum hagnaði. Óskum Real Madrid til hamingju en minnum á að við erum í góðum málum og framtíðin mun skila okkur á toppinn á nýjan leik." Vakti yfirlýsingin nokkra kátínu enda töldu margir að United ætti að hafa meiri áhyggur af öðrum niðurstöðutölum en þeim sem lúta að reikningshaldi. Og bókhaldsæfingar þannig séð tilgangslausar meðan Abromovich tímir að eyða vasapeningunum sínum í Chelsea.

Ójöfnuður í suðri

Í helstu deildum norðursins er meginhluta sjónvarsptekna skipt jafnt og þótt greitt sé sérstaklega fyrir sýnda leiki þá njóta öll liðin ávinningsins. Þannig fær Man. Utd. vissulega mest í Englandi en botnlið Sunderland drjúgt líka, sennilega um 60% af því sem stóru liðin fá. Í suðrinu er misskiptingin gífurleg. Þar selja stórliðin leikina sína sjálf og njóta alls hagnaðar af. Smáliðin þéna innan við 5 prósent á við risana. Juventus var að ganga frá 150 milljón evra samningi um sjónvarpsréttindi sem er að gera allt vitlaust. Óréttlætið þykir úr hófi gengið og hafa önnur lið hótað að hreinlega hætta að spila við Juve verði nýtt fyrirkomulag ekki tekið upp. Spánverjar eru svo mitt á milli ítalska ójafnaðarins og ensku jafnaðarmennskunnar, Real Madrid og Barcelona fá vægast sagt hugguleg hlut.

Áhersla á veltuna

Undir stjórn forsetans og fasteignamógúlsins Florentino Perez hafa verið unnin fjárhagsleg stórvirki í reikingshaldi Real Madrid. Munar mestu um sölu á fasteignum félagsins en einnig hefur tekjuhliðinni verið sýndur meiri áhugi en gjaldahliðinni. Öll áhersla lögð á aukna veltu. Þannig eru ofurboltanir „galacticos" ofurborgaðir en jafnframt samið um að helmingur persónulegra auglýsingasamninga þeirra renni til félagsins. Hlutur Madrid í samningi Beckhams við Gillette hljóðar þannig upp á ríflega þann mun sem er á tekjum liðsins og Man. Utd. Sannarlega salt í sárin sú raksápa. Svipaður tekjumunur er á treyjusölu félagana.

Madrid hefur helmingi meiri tekjur en Man. Utd. en munurinn er sá að Madrid ber allan kostnað af framleiðslu, markaðsetningu og dreifingu á meðan að bókfærðar tekjur Man. Utd. eru eingöngu rétthafagreiðslur fyrir treyjuframleiðsluna. Hreinn hagnaður sumsé.

Tvennt stendur þó upp úr allri talnaleikfiminni. Annars vegar að um veltutölur er að ræða og segja lítið um fjárfestingagetu félaganna. Chelsea stendur þar upp úr og sennilega kæmi Juventus næst. Hins vegar endurspegla tölurnar þá staðreynd að aldrei í sögunni hefur verið meiri munur á stóru liðunum og hinum. Er ég sjálfsagt ekki einn um að telja það mesta vandamál sem fótboltinn glímir við í dag og að einhvers konar launaþak og tekjujöfnun að hætti amerískra hópíþrótta verði að koma til ef ekki á illa að fara.

Fíton/SÍA FI015872

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„I was thinking of calling him Alphonsius."

Svar:
Angela McCourt úr kvikmyndinni Angela's Ashes frá árinu 1999.

dagskrá

Í TÆKINU GARY OLDMAN LEIKUR Í SIN Á STÖÐ 2 KLUKKAN 03.45.

Þríkvæntur hreimmeistari

Leonard Gary Oldman, eða Gary Oldman eins og hann alltaf kallaður, fæddist í London á Englandi árið 1958.
Gary haut ungur styrk til að fara í skólann Britain´s Rose Bruford Drama og þaðan lauk hann BA-prófi í leikhúslistum 21 árs gamall. Hann starfaði í framhaldinu með ungum leikhópi og lék í fjölda leikrita á fyrrihluta níunda áratugarins.
Gary birtist fyrst á skjánum í myndinni Remembrance árið 1982. Því fylgdi hann eftir með aðalhlutverkinu í Sid and Nancy árið 1986 þar sem hann lék pönkarann Sid Vicious og fékk Evening Standard Film-verðlaunin fyrir leikinn.
Gary hefur verið þekktur fyrir að leika sérvitringa og ná alls kyns hreimi og er meðal annars kallaður guð hreimsins og kamelljónið. Hann hefur leikið úrval þekktra persóna svo sem Drakúla, Ludwid van Beethoven, Lee Harvey Oswald, Pontíus Pílatur og djöfulinn sjálfan.
Árið 1997 leikstýrði, framleiddi og skrifaði Gary myndina Nil by Mouth sem byggist að hluta til á lífi hans sjálfs. Fyrir það hlaut hann meðal annars BAFTA-verðlaunin og Alexander Korda-verðlaunin. Myndin komst jafnframt í hóp 100 bestu mynda allra tíma, þó orðið fuck hafi komið fyrir 401 sinni í myndinni, met sem var ekki slegið fyrr en árið 2005.
Gary hefur verið kvæntur þremur konum, Lesley Manvilli (1987-1990), Umu Thurman (1990-1992) og Donyu Fiorentino (1997-2001).

Þrjár bestu myndir Garys: **The Fifth Element** (1997) **Immortal Beloved** (1994) **Sid and Nancy** (1986)



▶ **22.40** *Verðlaun*
BAFTA-VERÐLAUNIN

▶ **22.05** *Drama*
ROME

▶ **19.35** *Gaman*
FRIENDS

▶ **21.50** *Spenna*
DA VINCI'S INQUEST – LOKAÞÁTTUR

▶ **1.30** *Körfubolti*
NBA STJÖRNULEIKUR

SJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstundin okkar **8.03** Skordýr í Sólarlaut **8.26** Hopp og hí Sessamí (42:52) **8.52** Stjáni (37:52) **9.15** Sígildar teiknimyndir (23:42) **9.23** Líló og Stitch (61:65) **9.45** Orkuboltinn (5:8) 10.00 Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **10.25** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **10.55** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **12.45** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **14.35** Spaugstofan **15.00** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **15.50** Söngvakeppni Sjónvarpsins 2006 **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

18.30 **Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó** Fyrri samantekt dagsins.
19.00 **Fréttir, íþróttir og veður**
19.35 **Kastljós**
20.10 **Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó** Ísdans.
21.30 **Í varðhaldi (3:4)** (Häktet) Sænskur myndaflokkur um gæsluvarðhaldsfanga og fangaverði. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
22.25 **Helgarsportið**
▶ **22.40** **BAFTA-verðlaunin** Sýnt frá afhendingu bresku kvikmyndaverðlaunanna sem fram fór fyrr í kvöld.

0.45 Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **1.15** Kastljós **1.40** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

2

7.00 Pingu **7.10** Myrkfælnu draugarnir **7.25** Töfravagninn **7.50** Addi Paddi **7.55** Oobi **8.05** Véla Villi **8.15** Grallararnir **8.40** Doddi litli og Eyrnastór **8.50** Kalli og Lóla **9.05** Nornafélagið **9.30** Ginger segir frá **9.55** Hjólagengið **10.20** Sabrina **10.45** Hestaklúbburinn **11.10** Tvíburasysturnar **11.35** Home Improvement 4 **12.00** Hádegisfréttir **12.25** Silfur Egils **14.00** Neighbours **14.20** Neighbours **14.40** Neighbours **15.00** Neighbours **15.20** Neighbours **15.45** Það var lagið **16.50** You Are What You Eat (16:17) **17.15** Absolutely Fabulous (2:8) **17.45** Martha

18.30 **Fréttir, íþróttir og veður**
19.10 **Kompás** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar.
20.00 **Sjálfstætt fólk**
20.35 **The Closer (11:13)** (Málalok)(LA Woman)Brenda lendir í stríði við FBI þegar hún rannsakar morð á þekktum kaupsýslumanni. Bönnuð börnum.
21.20 **Twenty Four (4:24)** (24) Jack hættir sér of nærri rússnesku hryðjuverkamönnunum og lendir í klóm þeirra. Stranglega bönnuð börnum.
▶ **22.05** **Rome (5:12)** (Rómarveldi)(Ram Has Touched The Wall) Sesar veltir fyrir sér gagntilboði frá Pompeiusi og hvort hann eigi að stökkva á það fremur en að fara að ráðum Markúsar Antóníusar og ráðast gegn veikburða herafla Pompeiusar. Stranglega bönnuð börnum.

23.00 Idol – Stjörnuleit **0.30** Idol – Stjörnuleit **0.55** Firestarter: Rekindled (B. börnum) **2.20** Firestarter: Rekindled (B. börnum) **3.45** Sin (Str. b. börnum) **5.30** Absolutely Fabulous **6.00** Fréttir Stöðvar 2 **6.40** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SIRKUS

16.50 Fashion Television (14:34) (e) **17.15** Summerland (11:13) **18.00** Idol extra 2005/2006 (e)

18.30 **Fréttir NFS**
19.10 **Friends (1:24)** (Vinir 7)(The one with Monica's Thunder).
▶ **19.35** **Friends (2:24)** (Vinir 7)(The One With Rachel's Book)
20.00 **American Dad (12:13) (e)** (
20.30 **The War at Home (6:22) (e)**
21.00 **My Name is Earl (6:24) (e)** (Broke Joy's Fancy) Earl er smáglæpamaður sem dettur óvænt í lukkupottinn og vinnur fyrsta vinninginní lottóinu. Nokkrum sekúndum eftir að hafa unnið vinninginn verður hann fyrir bíl og týnir miðanum. Þar sem hann liggur á spítala og jafnar sig sannfærist hann um að hann hafi týnt miðanum vegna alls þess slæma sem hann hefur gert af sér um ævina.
21.30 **Invasion (6:22) (e)** (Hunt)
22.15 **Reunion (5:13) (e)** (1990)

23.00 X-Files (1:49) (e) **23.45** Smallville (10:22) (e)

SKJÁREINN

10.15 Fasteignasjónvarpið (e) **11.00** Sunnudagsþátturinn

12.00 Cheers – öll vikan (e) **14.00** How Clean is Your House (e) **14.45** Family Affair – tvöfaldur (e) **15.30** The Drew Carey Show (e) **16.00** Queer Eye for the Straight Guy (e) **17.00** Innlit / útlit (e) **18.00** Close to Home (e)

19.00 **Top Gear**
19.50 **Less than Perfect** Bróðir Claude kemur í heimsókn og Lydía verður fljótt hrifin af honum. Claude líst ekkert á blikuna í fyrstu en það breytist þegar hún sér hvað Lydía er hamingjusöm.
20.15 **Yes, Dear** Kim og Christine gefa Don og Jimmy veiðiferð. En daginn áður fer Jimmy í bakinu. Greg fer því í staðinn fyrir Jimmy þó hann viti ekkert um veiðar og þó Don lítist mjög illa á að hafa Greg sem veiðifélaga. Til uppgjörs kemur þegar Greg hrindir Don ofan í vök.
20.35 **According to Jim**
21.00 **Boston Legal**
▶ **21.50** **Da Vinci's Inquest – lokaþáttur**

22.40 **Tootsie**
0.35 Threshold (e) **1.25** Sex and the City (e) **2.55** Cheers (e) **3.20** Fasteignasjónvarpið (e) **3.30** Óstöðvandi tónlist

SÝN

9.10 US PGA Tour 2005 – Highlights **10.05** US PGA 2005 – Inside the PGA T **10.30** Enska bikarkeppnin

12.10 Enska bikarkeppnin **13.50** Ítalski boltinn Fiorentina – Lazio beint **15.50** Enska bikarkeppnin Chelsea – Colchester beint **17.55** UEFA Champions League **18.25** Enska bikarkeppnin Aston Villa – Man. City beint.

20.25 **US PGA Tour 2005 – Bein útsending 1** (Nissan Open) Bein útsending frá Nissan Open golfmótinu sem fer fram á Riviera Country Club í Los Angeles. Adam Scott var sigurvegari mótsins í fyrra eftir bráðabana við Chad Campbellen þá var mótið stytt vegna slæmra veðurskilyrða.

23.30 NBA – Bestu leikirnir
▶ **1.30** NBA 2005/2006 – Finals games Bein útsending frá Stjörnuleik NBA sem er leikur ársins í NBA körfuboltanum. Austurdeildin gegn Vesturdeildinni.

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Just Visiting **8.00** Big Fish **10.05** Uncle Buck **12.00** Pandaemonium **14.00** Just Visiting **16.00** Big Fish **18.05** Uncle Buck **20.00** **Pandaemonium** (Ringulreið) **22.00** **Troy** (Trója) Sannkölluð stórmynd með hópi stórstjarna á borð við Brad Pitt, OrlandoBloom og Eric Bana. Stranglega bönnuð börnum. **0.40** Ghost Ship (Stranglega bönnuð börnum) **2.10** O (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Troy (Stranglega bönnuð börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

12.00 Behind the Scenes **12.30** Celebrity Soup **13.00** The E! True Hollywood Story **14.00** Extreme Close-Up **14.30** The E! True Hollywood Story **16.15** Live from the Red Carpet **18.15** Live from the Red Carpet **20.00** The E! True Hollywood Story **22.00** Girls of the Playboy Mansion **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Celebrity Soup **23.30** Live from the Red Carpet **1.30** Divas Gone Bad **2.00** Live from the Red Carpet

AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

ENSKI BOLTINN

15.00 Portsmouth – Man. Utd. frá 11.02 **17.00** Middlesbrough – Chelsea frá 11.02
19.00 **Aston Villa – Newcastle frá 11.02** Leikur sem fór fram síðast liðinn laugardag.
21.00 **Dagskrárlok**

visir

NFS ER Á VISIR.IS

Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar

Visir.is er stærsta fréttalind landsins. Þar miðla Fréttablaðið og Nýja fréttastofan fréttum allan sólarhringinn og nú er NFS í beinni á VefTV frá morgni til kvölds. Þú færð fréttimar beint í æð í vinnunni eða heima og upptökur af fréttum dagsins tryggja að þú missir ekki af neinu.

NFS

VIÐ MÆLUM MEÐ...

Kompás **Stöð 2, NFS** kl. 19.10

Býr barnaníðingur í næsta húsi við þig?

Í kvöld er hulunni svipt af þessari skuggaveröld.

Í kvöld verður Kompás helgaður einu mikilvægu máli: Barnaníðingum á Íslandi. Samkvæmt könnun Kompáss er verulegur áhugi fullorðinna karlmanna á kynlífi með börnum yngri en fjórtán ára. Kompás fjallar um þetta samfélagsmein, þar sem fullorðnir karlmenn reyna eftir ýmsum leiðum að tæla til sín unglinga í gegnum Netið. Kompás egndi gildru fyrir nokkra þeirra og fylgdist með þeim ganga rakleitt í hana. Í þættinum er m.a. rætt við móður 14 ára stúlku sem var tæld af manni á fertugsaldri, stúlku sem var tæld af manni sem var tíu árum eldri en hún sjálf og rætt við barnaníðing um aðferðir til að ná sambandi við börn og unglinga. Kompás sviptir hulunni af þessari skuggaveröld, sem þrífst á leynd og afskiptaleysi, og ræðir við fjölda aðila um hvernig best sé að bregðast við til að tryggja öryggi æskunnar.

TALSTÖÐIN FM 90,9

9.00 Margrætt e. **10.03** Gullströndin – Skemmtiþáttur Reykjavíkurakademíunnar **11.00** Messufall

12.10 Silfur Egils **13.40** Sögur af Megasi e. **14.00** Sögur af fólki **15.03** Barnatíminn **16.00** Laugardagsmorgunn **18.00** Hitt og þetta úr Allt&sumt e.

18.30 Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Barnatíminn e. **20.00** Sögur af Megasi e. **20.30** Silfur Egils e. **22.00** Sannar kynjasögur eftir Cheiro. **23.00** Frjálsar hendur Illuga Jökulssonar.

0.00 Messufall e.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

8.05 Morgunandakt **8.15** Tónlist á sunnudagsmorgni **9.03** Lóðrétt eða lárétt **10.15** Heinrich Heine – blíða og berserksgangur **11.00** Guðsþjónusta í Hallgrímskirkju **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Fjölskylduleikritið: Landið gullna Elidor **13.45** Fiðla Mozarts **14.10** Söngvamál **15.00** Sögumenn: Það er þessi ofsalegas spenna að ná góðri frétt **16.10** Endurómur úr Evrópu **18.26** Seiður og hél **19.00** Afsprengi **19.40** Grískar þjóðsögur og ævintýri **19.50** Óskastundin **20.35** Sagnaslóð **21.15** Laufskálinn **21.55** Orð kvöldsins **22.22** Í deiglunni **22.30** Grúsk **23.00** Andrarímur **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar **6.45** Veðurfregnir **7.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan

12.20 Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.00** Fréttir **16.08** Rokkland

18.00 Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Að hætti hússins **22.00** Fréttir **22.10** Popp og ról

0.00 Fréttir

BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju

ÚTVARP SAGA FM 99,4

12.25 Meinhornið

AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúúber tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radió / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying

SILFUR EGILS

▶ **16.10** *Spjall*

NFS

10.00 Fréttir **10.05** Ísland í dag – brot af besta efni liðinnar viku **11.00** Fréttaljós

12.00 ádegisfréttir/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar blaðanna. **12.25** Silfur Egils **14.00** Fréttir **14.10** Ísland í dag – brot af besta efni liðinnar viku **15.00** Fréttaljós **16.00** Fréttir ▶**16.10** Silfur Egils **17.45** Hádegið E **18.00** Veðurfréttir og íþróttir

18.30 **Kvöldfréttir**
19.10 **Kompás** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mergjar.
20.00 **Fréttaljós** Vikulegur fréttaskýringaþáttur með fjölda gesta í myndveri í umsjónfréttastofu NFS.
21.00 **Silfur Egils** Umræðuþáttur í umsjá Egils Helgasonar.
22.35 **Veðurfréttir og íþróttir**

23.05 Kvöldfréttir **23.45** Síðdegisdagskrá endurtekin

ERLENDAR STÖÐVAR

EUROSPORT

12.30 Ice Hockey: Winter Olympic Games Torino Italy **13.15** Ice Hockey: Winter Olympic Games Torino Italy **14.10** Olympic Games: Olympic News Flash **14.15** Curling: Winter Olympic Games Torino Italy **16.00** Speed Skating: Winter Olympic Games Torino Italy **17.45** All Sports: Daring Girls **18.00** Bobsleigh: Winter Olympic Games Torino Italy **18.55** Olympic Games: Olympic News Flash **19.00** Figure Skating: Winter Olympic Games Torino Italy **21.30** Ice Hockey: Winter Olympic Games Torino Italy **22.15** Olympic Games: Olympic Extra **23.15** All Sports: Daring Girls **23.30** Olympic Games: Mission to Torino (m2t) **23.45** Cross-country Skiing: Winter Olympic Games Torino Italy **0.30** Alpine Skiing: Winter Olympic Games Torino Italy **1.30** Speed Skating: Winter Olympic Games Torino Italy **2.00** Speed Skating: Winter Olympic Games Torino Italy

BBC PRIME

12.00 Secrets of the Ancients **13.00** Classic EastEnders **13.30** Classic EastEnders **14.00** EastEnders Omnibus **14.30** EastEnders Omnibus **15.00** EastEnders Omnibus **15.30** EastEnders Omnibus **16.00** Cavegirl **16.25** Cavegirl **17.00** Home From Home **17.30** Ground Force **18.00** Dive to Shark Volcano **18.50** Animal Camera **19.20** Two Thousand Acres of Sky **20.10** Ray Mears' Extreme Survival **21.00** The British Academy Film Awards **23.00** Spooks **0.00** Around the World in 80 Treasures **1.00** What the Industrial Revolution Did for Us **1.30** Landscape Mysteries **2.00** Greek Language and People

NATIONAL GEOGRAPHIC

12.00 Air Crash Investigation **13.00** Megastructures **14.00** War of the Worlds – The Real Story **15.00** The Barbarian and the Geisha **17.00** Tornado Intercept **18.00** Hunter Hunted **19.00** Hogzilla **20.00** Megastructures **21.00** Air Crash Investigation **22.00** Air Crash Investigation **23.00** Tornado Intercept **0.00** Air Crash Investigation **1.00** Air Crash Investigation

ANIMAL PLANET

12.00 Austin Stevens – Most Dangerous **13.00** Weird Nature **13.30** Supernatural **14.00** Maneaters **14.30** Predator's Prey **15.00** Monkey Business **15.30** Animals A-Z **16.00** Big Cat Diary **16.30** Big Cat Diary **17.00** Crocodile Hunter **18.00** Living with Giants **19.00** Life of Mammals **20.00** Animal Cops Houston **21.00** Animal Precinct **22.00** Venom ER **23.00** Weird Nature **23.30** Supernatural **0.00** Life of Mammals **1.00** Living with Giants **2.00** Venom ER

MTV

12.00 Meet the Barkers Weekend Music Mix **12.30** Making the Video **13.00** Meet the Barkers Weekend Music Mix **13.30** Meet the Barkers **14.00** Meet the Barkers **14.30** Making the Video **15.00** TRL **16.00** Trailer Fabulous **16.30** Just See MTV **17.30** MTV Goal **18.00** World Chart Express **19.00** Dance Floor Chart **20.00** Switched On MTV **21.00** Top 10 at Ten **22.00** MTV Live **23.00** Meet the Barkers **23.30** Meet the Barkers **0.00** Just See MTV

MAGNAÐUR MARS

Námskeið sem hefjast í mars

- **Örugg efri ár – Hvað telja eldri borgarar að auki öryggi þeirra?** Kennt 2. mars.
- **Geislavarnir og viðgerðir/ viðhald röntgentækja**. Kennt 4. mars.
- **Excel fyrir viðskiptafræðinga.** Kennt 6. mars.
- **Stefnumótun í rekstri ríkisstofnana.** Hefst 6. mars.
- **Sameining fyrirtækja** – Mikilvægi mannlega þáttarins. Hefst 6. mars.
- **Vínsmökkun: Ilmur, bragð, áferð – listin að meta vín.** Hefst 6. mars.
- **Innkaup (Procurement), alþjóðleg útboð og öflun ráðgjafarverkefna erlendis.** Hefst 7. mars.
- **Greining ársreikninga II:** Verðmat fyrirtækja. Hefst 7. mars.
- **Gerð lagafrumvarpa, reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla.** Hefst 8. mars.
- **Vinnusálfræði og samskipti á vinnustað** – aukanámskeið. Hefst 9. mars.
- **Fjármál fyrir almenna stjórnendur.** Hefst 13. mars.
- **Nýir stjórnendur.** Hefst 13. mars.
- **Máttur virkrar hlustunar.** Hefst 14. mars.
- **Samkynhneigð/ir og samfélag.** Kennt 15. mars.
- **Valréttarsamningar.** Kennt 22. mars
- **Gæðastjórnun** – Hugmyndafræði, stefna, aðferðir og umbótastarf. Hefst 22. mars.
- **Haltu heilsu í hitabeltinu.** Kennt 23. mars.
- **Gerð skjalaflokkunarkerfa fyrir stofnanir, sveitarfélög og fyrirtæki**. Kennt 31. mars.

Kynntu þér fjölbreytt námsframboð á www.endurmenntun.is eða hringdu í síma 525 4444.

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

- að vaxa og dafna

ARGUS / 06-0096



HRÓSIÐ

...fær Jón Hallur Stefánsson rithöfundur fyrir að skrifa skemmtilega smásögu um morðið á Silvíu Nótt en sagan er birt á vef bókaútgáfunnar Bjarts.

HIN HLIÐIN - KRISTLAUG MARÍA SIGURÐARDÓTTIR

Þýskur au-pair sér um heimilishaldið

Hvað er að frétta? Það er loksins verið að flísaleggja heima hjá mér og síðan er Hafið bláa hafið að byrja í Austurbæ.

Augnlitur? Aðalbláberjablár.

Starf? Ég starfa sem rithöfundur og framleiðandi.

Fjölskylduhagir? Ég er gift og á tvö dásamleg börn, einn hund og þýskan au-pair sem sér um heimilishaldið því ég er aldrei heima.

Ertu hjátrúarfull/ur? Mjög. Ég tek þetta allt saman; svarta köttinn, föstudaginn 13. og trúi á drauga og tröll.

Uppáhaldssjónvarpsþáttur? Scrapheat Challenge á Discovery Channel. Þar mæta tvö lið í rusláskorun og búa til vélar eða tæki úr ruslinu.

Uppáhaldsútvarpsþáttur? Fréttirnar og Víðsjá.

Uppáhaldsmatur? Það er eldsteikt tindabikkja á beitingastaðnum Við tjörnina. Það er það besta sem ég fæ.

Fallegasti staður? Bótin á Akureyri.

Hvað er skemmtilegast? Að liggja fyrir framan sjónvarpið með krakkana hvorn undir sínum arminum og maðurinn er að færa mér kaffi.

Hvað er leiðinlegast? Að bíða.

Helsti veikleiki? Ég er algjör nautnaseggur.

Helsti kostur? Ég er voða jákvæð.

Helsta afrek? Börnin mín og líka að ná iðnaðarmönnunum inn í hús og halda þeim þar.

Mestu vonbrigði? Að hafa ekki lært á hljóðfæri.

Hver er fyndnastur/fyndnust? Helga Braga er ógeðslega fyndin.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Óstundvísi.

Uppáhaldskvikmynd? Mary Poppins.

Uppáhaldsbók? Aulabandalagið eftir John Kennedy Tool.

Hvað er mikilvægast? Að vakna á morgnana.

EIRÍKUR ÖRN NORÐDAL Leitar ásamt öðrum Nýhilistum að ömurlegasta ljóði sem ort hefur verið á íslenska tungu.

Leit að vondu ljóði

Hið hressilega útgáfubatterí Nýhil hefur blásið til sérstæðrar ljóðasamkeppni en markmið hennar er að finna ömurlegasta ljóð Íslandssögunnar. Keppnin er runnin undan rifjum skáldsins Eiríks Arnar Norðdal en segja má að ljóðið vonda hafi birst honum í draumi sem hann lýsir svona:

„Á Íslandi var haldin merk og vegleg ljóðasamkeppni og áhugi skáldaþjóðarinnar var brennandi. Úrslitin voru þau að ungur maður í Reykjavík bar sigur úr býtum," segir Eiríkur. Viðbrögð þjóðarinnar voru þó fram úr hófi neikvæð og skáldið komst á forsíðu DV undir fyrirsögninni „Ömurlegt ljóðskáld verðlaunað". Ljóðið vonda leystist upp fyrir augum Eiríks í draumnum áðru en hann gat lesið það og því varð úr að Nýhil efndi til samkeppninnar til þess að hafa uppi á þessu vonda ljóði.

Ljóðum skal skilað á kolbrunarskald@simnet.is, undir fullu nafni. Ljóðið á þó helst að vera að formi til eins og ljóðið í draumnum; þrjú erindi, fjórar línur hvert, og um það bil fimmtán atkvæði í hverri línu. Eiríkur segir að tekið verði tillit „til asnalegra myndlíkinga, klaufalegs orðalags og ósmekklegs umfjöllunarefnis, auk annarra stílbragða ömurðarinnar sem dómnefnd þykir rétt að hafa til viðmiðunar.

Skilafrestur er til 8. mars og tilkynnt verður um sigurvegara viku síðar, þann 15. mars. Verði þátttaka næg, og berist nóg af nógu ömurlegum ljóðum, kemur til greina að gefa ljóðin út á einn veg eða annan. ■

BLÁTT ÁFRAM: NÝ AUGLÝSINGAHERFERÐ Í GANG

Börn hafa rétt á því að segja nei

Blátt Áfram er forvarnarverkefni Ungmennafélags Íslands. Það felst í að efla forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum á Íslandi. Um helgina fór ný auglýsingaherferð í gang sem stuðlar að því að vekja foreldra til umhugsunar og fá þá til að uppfræða börnin sín. „Foreldrar bera ábyrgð. Það er ekki hægt að ætlast til þess að skólarnir sjái um að fræða börnin um hvað má og hvað má ekki. Börn hafa líka rétt á að setja mörk. Við höfum verið að fara í lífsleiknitíma í grunnskólunum og uppfræða krakkana. Þar höfum við orðið vitni að því að það vantar töluvert upp á samskipti milli fólks. Ég held að börn hafi ekki hugmynd um að þau megi segja nei," segir Sigríður Björnsdóttir sem stýrir forvarnarverkefninu Blátt áfram.

Aðspurðar um nýju auglýsingaherferðina segir Sigríður að hugmyndin hafi kviknað fyrir hálfu ári síðan. „Anna Margrét Sigurðardóttir kom að máli við okkur. Hún starfar á auglýsingastofunni Hvíta húsinu og hafði fengið viðurkenningu fyrir auglýsingarnar Þögnin rofin. Hún vildi endilega að hugmyndin að auglýsingunum yrðu notaðar í okkar þágu og var tilbúin til að gefa vinnuna sína. Okkur leist rosalega vel á efnið enda hefur þetta ekki verið gert áður og við vissum að auglýsingarnar myndu hreyfa við fólki," segir Sigríður. Þegar hugmyndin var hins vegar komin á skrið kom babb í bátinn. Þær höfðu ekki reiknað með því að erfitt yrði að fá börn í auglýsingarnar en það reyndist þrautinni þyngra.

„Við leituðum lengi að börnum til að taka þátt. Yfirleitt stoppaði þátttakan á feðrum barnanna sem vildu ekki að þeirra börn tækju þátt. Að lokum leituðum við til vina og ættinga. Eftir að hafa rætt vandlega við foreldrana og útskýrt málið fyrir þeim voru börnin spurð hvort þau vildu vera með. Við gerðum þeim líka grein fyrir því að þau hefðu neitunarvald og þyrftu ekki að taka þátt frekar en þau vildu," segir hún og er ánægð með árangurinn. Auglýsingarnar eru þrjár talsins og mismunandi langar og eru bæði í sjónvarpi og í dagblöðum. Spurð hvort það sé ekki dýrt að koma slíkri herferð á koppinn segir hún að svo sé.

„Við fengum styrki frá Alcan og frá Actavis en hvort fyrirtækið gaf milljón krónur sem er mjög rausnarlegt. Einnig hefur Body Shop lagt okkur lið."

martamaria@frettabladid.is

All Out of Luck besta Eurovisionlagið

Bretarnir Peter, Paul og Jonathan eru staddir hér á landi til að fylgjast með lokakeppni Eurovision sem var haldin í gærkvöldi.

Þeir félagar eru þekktir í Eurovision-heiminum fyrir áhuga sinn á keppninni og eru jafnframt miklir Íslandsvinir. Eru þeir m.a. góðvinir Selmu Björnsdóttir og voru gestir í brúðkaupi hennar fyrir nokkru síðan. Þeir vinna fyrir breska útvarpsstöð og hafa flakkað á milli landa undanfarin ár, bæði til að fylgjast með undankeppnunum og lokaúrslitunum, sem í þetta sinn verða í Grikklandi. Á þessu ári hafa þeir farið til Slóveníu, Póllands og Noregs og segir Peter lögin frá Póllandi verri en öll þau íslensku sem tóku þátt í ár. Hann segir að undankeppnirnar hér á landi séu þær skemmtilegust af öllum sem þeir fara á.

„Okkur finnst fólkið héðan vingjarnlegt og afslappað og við höfum hist á hverju ári með vinum okkar og skemmt okkur til sex um morguninn," segir Peter.

PETER, PAUL OG JONATHAN ÁSAMT VINI SÍNUM Þeir félagar létu sig ekki vanta á úrslitin í Eurovision í gærkvöld.

Hann segir að þeir félagar hafi ætlað að sjá Idol-keppnina á föstudagskvöldið, m.a. til að sjá vin sinn Pál Óskar, en ekkert hafi orðið úr því. Þess í stað mættu þeir eldhressir til leiks á Eurovision-keppnina. Í gær spáði Peter lagi Silvíu Nætur sigri, þótt hann taldi það ekki besta lagið, en óttaðist viðtökurnar í Grikklandi ef hún myndi komast áfram. „Ég veit ekki hvort einhverjir skilji lagið og þetta yrði í fyrsta sinn sem Ísland gerði eitthvað á sérvitran hátt. Flestir eiga reyndar von á einhverju sérvitru frá Íslandi, eins og Björk og Páll Óskar bera vitni um."

Aðspurður um besta Eurovison-lag allra tíma segir Peter að valið sé auðvelt; All Out of Luck með Selmu. ■

SKÍFAN MINNIR Á KONUDAGINN!

KJÖRIN GJÖF FYRIR ELSKUNA ÞÍNA!

NÝTT!

2.499 kr.

Nú á tilboði í verslunum Skífunnar

S·K·Í·F·A·N

...skemmtir þér ;)

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

BAKÞANKAR
VERNHARÐS ÞORLEIFSSONAR

Draumar

Það er algjör undantekning ef ég man drauma. Á seinustu sjö dögum hef ég samt tvisvar lent í því að vakna upp frá draumi sem ég síðan man og það sem mér finnst enn merkilegra er að í bæði skiptin hafði mig dreymt að ég væri haldinn sjúkdómi. Fyrri draumurinn var hrein martröð þar sem mig dreymdi að ég væri haldinn geðklofa. Tilfinningin var svo raunveruleg að þegar ég vaknaði upp frá draumnum var ég mjög lengi að jafna mig eftir hann. Það var mjög óhugnalegt að vera staddur í hugarheimi manneskju sem fékk alls kyns ranghugmyndir og gerði sér jafnframt grein fyrir því sem var að gerast, að hún væri hægt og bítandi að missa tökin á raunveruleikanum.

ÉG hef hugsað mikið um þennan draum síðan og borið þessar tilfinningar saman við raunveruleikann. Ég þekki nefnilega marga sem hafa og eru enn að berjast við geðsýki en fyrst núna get ég hugsanlega gert mér smá grein fyrir hugarástandinu, byggða á ekki óáreiðanlegri heimildum en draumi.

ÉG forðast páfagaukana í Dýraríkinu vegna ótta við fuglaflensu, þegar ég lyfti hlutum frá jörðu þá passa ég vel að bakið sé beint, ég geng aldrei undir stiga til þess að forðast að... já, bara eitthvað rosalega vont komi fyrir mig en ég hef einhvern veginn alltaf tekið geðheilsu mína sem sjálfsagðan hlut og tek aldrei sérstaklega frá tíma til þess að varðveita hana og bæta.

ÞAÐ er kaldhæðni að ég skyldi muna seinni drauminn því að í honum þjáðist ég af Alzheimer. Þið haldið sennilega að ég sé að búa þetta til en svo er ekki. Hann var reyndar ekki jafn ógnvekjandi og sá fyrri en hafði samt áhrif. Hann var það raunverulegur að sá minnisskortur sem í draumnum gerði mér grein fyrir því að ég væri haldinn sjúkdómnum, er mér hulinn enn þann dag í dag. Mjög furðulegt.

FÓLK talar oft um að það hafi verið hitt og þetta í fyrra lífi og virðist geta rifjað það upp. Ég held að það sé í raun rangtúlkun á minningum og fólkinu hafi í raun dreymt þessa hluti. Ég held að ég vakni á morgnana í ramma sem ég hef skapað mér í veraldlega heiminum en geti síðan gefið sjálfum mér lausan tauminn og verið það sem ég vil og upplifað það sem ég vil í draumaheiminum, og jafnvel lært af þeirri reynslu í leiðinni. Ég held líka að ég ætti að klippa út þessa grein og taka hana með mér til einhvers góðs geðlæknis. ■

www.icelandexpress.is

KAUPMANNAHÖFN

Alltaf jafn yndisleg!

» Kaupmannahöfn er Íslendingum að góðu kunn. Það má eiginlega segja að hún sé eins og gömul uppáhaldsfrænka sem allir elska að heimsækja – það er alltaf tekið vel á móti manni. Borgin býður upp á allt sem hugurinn girnist; verslanir, frábær veitingahús, fjölbreytt söfn, tónleika og leikhús. Svo er bara skottúr að skreppa!

Nóg að gerast í Kaupmannahöfn!
1.–12. mars
The Cardigans – tónleikar
29. júní– 2. júlí
Hróarskelda (rétt hjá Köben)
7.–16. júlí
Copenhagen Jazz Festival
Copenhagen Casino
Dýragarðurinn
Louis Tussaud's – vaxmyndasafnið

www.icelandexpress.is/kaupmannahofn

Hversdagsferðir til Köben í febrúar og mars
Hvernig væri að skella sér til Kaupmannahafnar, jafnvel án nokkurs tilefnis? Brottför á mánudögum og þriðjudögum, heim á miðvikudögum eða fimmtudögum.
Flug, gisting í 2 nætur á Comfort Hotel Excelsior með morgunverði og kvöldverður á BrewPub fyrir aðeins 29.900 kr.
Express Ferðir
Sími: 5 900 100

NÝHÖFN
Það er fátt huggulegra en að setjast niður á kaffihúsi eða veitingastað í Nýhöfn og slaka á eftir allt hitt sem maður er búinn að gera. Gallinn við Nýhöfn er sá, að það er svo notalegt að vera þar, að maður verður alltaf of seinn á næsta áfangastað.

TÍVOLÍIÐ – Opnar 12. apríl
Enginn fer til Kaupmannahafnar án þess að heimsækja Tívolíið. Þar er alltaf mikið um að vera á daginn og stemningin á kvöldin er ævintýri líkust.

STRIKIÐ
Danir eru ákaflega stoltir af Strikinu sínu. Í þessari iðandi göngugötu finnurðu skemmtilega blöndu af poppmenningu og hátísku – og allt þar á milli.

LONDON

Endalausir möguleikar!

» London er ekki aðeins ein af fjölbreyttustu borgum Evrópu, heldur er hún einn af miðpunktum menningar, viðskipta og tísku í heiminum. Hún iðar af lífi og er sannkölluð hringiða ólíkra menningarheima.

Nóg að gerast í London!
12. mars
St. Patrick's Day Parade
17.–19. mars
La Dolce Vita, matarsýning
We Will Rock You
Queen söngleikurinn
The Lion King
Söngleikurinn sívinsæli

www.icelandexpress.is/london

Hversdagsferðir til London í febrúar og mars
Skrepptu til London með Express Ferðum! Leikhús, fótbolti, ópera, ballett – Við útvegum miða á nánast hvaða viðburð sem er. Brottför á mánudögum og þriðjudögum, heim á miðvikudögum eða fimmtudögum.
Flug og gisting í tvær nætur á Holiday Inn, Regent's Park með morgunverði fyrir aðeins 29.900 kr.
Express Ferðir
Sími: 5 900 100

LEIKHÚS
Leikhúslífið í London er framsækið og spennandi og fyrirmynd annarra borga Evrópu á því sviði.

SÖFN
Söfnin í London eru jafn athyglisverð og þau eru mörg og áhugasamir ferðalangar um listir, menningu og sögu hafa næg verkefni – alltaf. Þeir sem hafa gaman af því að versla eru vel geymdir í London, enda úrvalið frábært.

VEITINGAHÚS
Veitingahúsin eru óteljandi, hvort sem þú ert í skapi fyrir indverskt, kínverskt, franskt, rússneskt eða argentínskt, dýrt eða ódýrt. Svo eru auðvitað pöbbar og klúbbar á hverju götuhorni fyrir þá sem vilja lyfta sér upp!

Verð frá: **7.995 kr.***
Barnaverð: **5.995 kr.***
*Aðra leið með sköttum. Gildir fyrir börn 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum

Iceland Express
www.icelandexpress.is, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

ÓKEYPIS ÍSETNING **2006 línan frá Pioneer**

Pioneer DEH-1800
• 4 X 45 W magnari • D4Q Digital • RDS Móttakari • FM/AM/LW • 18 stöðva minni
• Laus framhlið • EEQ forstilltur tónjafnari • RCA útgangur • **Verð 17.900.-**

Pioneer DEHP-4800MP --- Spilar MP3/WMA/WAV
• Mosfet 4 X 50 W magnari • Útvarp FM/AM/LW • 18 stöðva minni • 3 Banda tónjafnari
• EEQ forstilltur tónjafnari • 2 x RCA útgangar • Snúningstakki • **Verð 24.900.-**

ALVÖRU GRÆJUR Í BÍLINN
ORMSSON
SMÁRALIND Sími 530-2900 | SÍÐUMÚLA 9 Sími 530-2800

Auglýsingastofa Guðrúnar Örnu